

## Sterkir litir lífga upp á skammdegið

LITADÝRÐ Í VÆNDUM FRÁ HELSTU TÍSKUHÚSUM HEIMS

48



## Ég fíla sjálfan mig í botn og þarf engan karlmann inn í líf mitt til að gera mig hamingjusaman

PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON SPJALLAR VIÐ DR. GUNNA

36


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. nóvember 2007 — 313. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR

### Stafræn framtíð tónlistarinnar



Einar Örn Benediktsson stofnaði hina ört vaxandi heimasíðu Grapewire.net og segir tónlist eiga sér framtíð á netinu.

FÓLK 54

### Brúðkaup ársins í dag

Garðar Thor Cortes syngur fyrir brúðkaupsgesti í Fríkirkjunni í dag.

FÓLK 62

### Ungt landslið



Landsliðsþjálfari kvenna í handbolta, Júlíus Jónasson, valdi í gær leikmannahópinn sem tekur þátt í undankeppni EM sem fram fer um næstu mánaðamót.

ÍÞRÓTTIR 56

### Leynilundur í fögrum skógi




Unnur Jökulsdóttir býr á töfrastað í Heiðmörk. Þar hefur hún skapað sér yndislegt heimili fullt af fögrum munum og andagift.

HÚS&HEIMILI

## VEÐRIÐ Í DAG




**HRÍÐ NYRÐRA** - Í dag verða norðlægar áttir, 13-23 m/s, hvassast norðaustan til eftir hádegi og austan til með kvöldinu. Snjókoma eða él á landinu norðan- og austanverðu en skýjað með köflum syðra. Hiti nálægt frostmarki.

VEÐUR 4



**ÞJÓÐSKÁLDSINS MINNST** Skáld og menntamenn komu saman við styttuna af Jónasi Hallgrímssyni í Hljómskálagarðinum í gær og minntust þess að tvö hundruð ár voru liðin frá fæðingu hans. Styttan, sem Einar Jónsson myndhöggvari gerði, var afhjúpuð fyrir eitthundrað árum, á hundrað ára ára afmæli Jónasar. Pétur Gunnarsson flutti minningarorð við athöfnina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lést eftir að hafa tekið rítalín í æð

**Kona lést í fjölbýlishúsi á Lindargötu í Reykjavík á fimmtudagsmorgun eftir að hún hafði sprautað sig með rítalíni. Átta manns voru í íbúðinni auk konunnar.**

**LÖGREGLUMÁL** Kona, 35 ára að aldri, lést í Reykjavík á fimmtudagsmorgun eftir að hafa sprautað rítalíni í æð.

Konan missti meðvitund og kallaði fólk sem var með henni í íbúðinni eftir aðstoð sjúkraliðs. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var hópur fólks í íbúðinni og hafði áfengi og fíkniefni um hönd. Átta voru á staðnum, auk látnu konunnar, þegar lögreglu bar að. Áhöld til fíkniefnaneyslu, einkum sprautur, voru í íbúðunni. Fólkið var flutt á lögreglustöð til skýrslutöku. Efni, sem talin eru vera hass og amfetamín, fundust á tveimur til þremur úr hópnum.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins sprautaði konan sig með rítalíni. Stuttu síðar fékk hún krampaflog, missti svo meðvitund og fór í öndunarstopp.

Konan sem lést hefur glímt við vímefnavanda um langt skeið og hefur verið á götunni síðustu misserin.

Lögregla bíður nú niðurstaðna réttarrannsókna. - jss

### RÍTALÍN SKYLT AMFETAMÍNI

Rítalín er lyfseðilsskylt lyf sem notað er við ofvirkni og athyglisbresti. Það er systurlyf amfetamíns, hefur svipaða virkni en er ekki eins örvandi. „Hægt er að misnota þetta lyf," segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi. „Það er hægt að sprauta því í æð. Þá hefur það gríðarleg vímuáhrif og fólk verður mjög háð því, sé það þannig notað. Þess vegna hafa menn í vaxandi mæli viljað nota annað lyf sem ógjörningur er að misnota með þessum hætti. Það heitir Conserta."

Björgvin Halldórsson:

# Lærði snemma að verja sig með kjaftinum

**FÓLK** „Á bekkjarmyndunum stend ég uppi á kassa af því að ég var svo lítill. Þeir voru nokkrir strákarnir sem sátu stundum fyrir mér eftir að skóladegi lauk. Ég nefni engin nöfn enda væri þetta sennilega það sem kallað er einelti í dag," segir Björgvin Halldórsson í viðtali við Fréttablaðið í dag þegar hann rifjar upp æskuárin í Hafnarfirði og skólagönguna í Lækjarskóla. „Ég lærði hins vegar snemma að verja mig og þá ekki með hnefanum heldur kjaftinum," bætir Björgvin við. Uppselt er á þrenna jólatónleika söngvarans í Laugardalshöll í byrjun desember.



BJÖRGVIN HALLDÓRSSON

- fgg/sjá síður 26 og 28

Hörmungar í Bangladess:

# Yfir 1100 látnir í fellibylnum

**BANGLADESS, AP** Að minnsta kosti 1100 manns hafa farist í fellibyl sem skók Bangladess í gær. Fellibylurinn jafnaði þúsundir híbýla við jörðu, reif upp símastaura og lagði akra í eyði í strandhéruðum landsins.

Hjálparstofnanir hafa eftir fremsta megni reynt að aðstoða þau hundruð þúsunda manna sem lifðu fellibylinn af, en illa hefur gengið vegna rafmagnsleysis og slælegs símasambands á þeim svæðum sem verst urðu úti.

„Við höfum glatað öllu," sagði Mosharарf Hossain, bóndi í Bagerhat-fylki. „Við höfum í engin hús að venda." Sameinuðu þjóðirnar hafa lofað miklum fjárframlögum til hjálparstarfs í Bangladess. - sgj

Ökumaður jepplings ók í veg fyrir gámaflutningabíl við Rauðhóla:

# Banaslys á Suðurlandsvegi

**BANASLYS** 76 ára karlmaður lést eftir árekstur við gámaflutningabíl við Rauðhóla á Suðurlandsvegi um klukkan sex í gær.

Maðurinn, sem ók jepplingi, reyndi að taka u-beygju en flutningabíllinn sem kom úr gangstæðri átt ók í hlið hans. Maðurinn var fluttur á slysadeild, þar sem hann lést. Ökumann flutningabílsins sakaði ekki. Báðir voru þeir einir í bílunum.

Suðurlandsvegi var lokað í um tvær klukkustundir vegna slyssins og var umferð veitt um hjáleið.

Vitnum að slysinu var boðin aðhlynning á Landspítalanum eftir áfallið. - sgj



**FRÁ SLYSSTAÐNUM** Suðurlandsvegur var lokaður fyrir umferð í um tvær klukkustundir. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR










**SPURNING DAGSINS**



*Ólafur, hvernig ætlið þið að fylla í þessar Eiður?*

„Það eru engar eyður, maður kemur í manns stað.“

Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði tekur ekki þátt í landsleik Íslendinga gegn Dönum næsta miðvikudag. Hann dró sig úr landsliðshópnum í fyrradag af persónulegum ástæðum. Jóhannes Karl Guðjónsson hefur einnig boðað forföll í leiknum.

Fjármálaráðherra tekur tillit til óvissu í rekstri Skipta vegna tilboðs í símafyrirtæki:

# Símasalan frestast yfir áramót

**VIÐSKIPTI** „Kauphöllin leggur til að skráningu Skiptis verði frestað fram á fyrsta ársfjórðung næsta árs. Það sé ekki hægt að uppfylla upplýsingaskylduna undir þessum kringumstæðum. Það eru forsendurnar fyrir ákvörðuninni,“ segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra.

Hann hefur fyrir hönd íslenska ríkisins heimilað Skipti, sem keypti Landssíma Íslands af ríkinu í ágúst 2005, að fresta skráningu félagsins í Kauphöll Íslands fram yfir áramót. Samkvæmt kaupsamningi átti að selja þrjátíu prósent í félaginu til almennings og annarra fjárfesta fyrir árslok 2007 og skrá félagið í kjölfarið. Var þetta ákvæði sett í samninginn meðal annars vegna gagnrýni sem kom fram um að almenningur fengi ekki að taka þátt í einkavæðingu ríkisfyrirtækja.

Skipti hefur boðið í slóvenska símafyrirtækið Telekom Slovenije. Ekki verður ljóst fyrr en um áramótin hvort af kaupunum verður, en allt að 75 prósent af félaginu eru til sölu. Kauphöllin hefur gert athugasemdir við að mikil óvissa ríki um rekstur og framtíðarhorfur Skiptis á meðan á þessu ferli standi. Upplýsingagjöf sé takmörkuð og erfitt fyrir fjárfesta að verðleggja hlutabréfin.



ÁRNI MATHIESEN

Stjórnendur Skiptis hafa haft tíma frá haustinu 2005 til að skrá félagið og selja almenningi. Árni Mathiesen gerir ekki mikið úr þeim vangaveltum hvort ekki hefði átt að selja félagið fyrr, og áður en ákveðið var að taka þátt í söluferli slóvenska símans.

„Ég efast ekkert um það að þeir hafi ætlað sér að standa við skuldbindingar kaupsamningsins,“ segir fjármálaráðherra. - bg

Aðalfundur BSRB:

## Kjörin verði stórbætt

**VINNUMARKAÐUR** BSRB krefst þess að kjör fólks í almannaþjónustu verði stórbætt og því ekki búin lakari kjör en þau sem best gerast á vinnumarkaði. BSRB krefst þess einnig að kynbundið launamisrétti verði upprætt og að kjör vaktavinnufólks verði bætt verulega með hækkun launa og styttri vinnuskyldu.

Í ályktun aðalfundar BSRB segir að gera þurfi stórátak til að efla velferðarþjónustuna. „Mjög alvarlegar blikur eru nú á lofti. Sums staðar er manneklan slík að horfir beinlínis til landauðnar,“ segir í ályktun aðalfundarins sem haldinn var í gær. - ghs



**EFTIRLÝSTUR** Þessi maður er eftirlýstur vegna nauðgunarmáls. Myndin er úr eftirlitsmyndavél í borginni.

Nauðgunarmálið í Grófinni:

## Lögregla lýsir eftir manni

**LÖGREGLUMÁL** **Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir liðsinni almennings vegna nauðgunarmáls sem hún hefur til rannsóknar.**

**Rúmlega tvítug kona kærði nauðgun til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í fyrradag.**

**Ofbeldið átti sér stað aðfaranótt laugardags á Grófarsvæðinu í Reykjavík. Lögreglan vill vita hvort einhver þekki manninn á meðfylgjandi mynd en hann er talinn tengjast málinu. Maðurinn er 165 til 170 cm á hæð, grannur, dökkhærður, stuttklipptur með þunnt yfirvaraskegg og pinna í tungunni. Hann er talinn af erlendu bergi brotinn. Þeir sem geta gefið upplýsingar um manninn eru vinsamlega beðnir um að hringja í lögregluna í síma 444-1000.** -jss

# Útrás Orkuveitunnar á nýjum forsendum

**Reykjavík Energy Invest og Geysir Green Energy verða ekki sameinuð í þeirri mynd sem áætlað var. Þetta var staðfest á eigendafundi Orkuveitu Reykjavíkur í gær. Leitað verður sátta í máli Svandísar Svavarsdóttur gegn Orkuveitunni.**

**ORKUMÁL** „Við ætlum okkur að vera í útrás en það verður að vera á nýjum forsendum“, segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri en eftir eigendafund í Orkuveitu Reykjavíkur í gær er ljóst að Reykjavík Energy Invest (REI) og Geysir Green Energy (GGE) verða ekki sameinuð. Bryndís Hlöðversdóttir, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur (OR), telur góðar líkur að samkomulag um málið geti náðst á milli allra aðila og ekki verði af málshöfðun GGE vegna niðurstöðunnar.

Borgarráð ákvað á fundi í gær að samþykkja ekki samruna REI og GGE í samræmi við vilja stjórnar OR og starfshóps borgarfulltrúa sem Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi VG, leiddi. Borgarráð komst jafnframt að þeirri niðurstöðu að leita sátta í dómsmáli sem Svandís höfðaði gegn OR vegna lögmætis eigendafundarins þar sem sameining fyrirtækjanna var upphaflega ákveðin. Ekki er talið að málsaðilar hafi hagsmuni af því að málið verði rekið til enda og dæmt verði um lögmæti fundarins. Hjörleifi B. Kvaran, forstjóra OR, var á eigendafundinum í gærkvöldi falið að leiða sáttaferlið.

Forsvarsmenn GGE hafa sagt ítrekað að samningarnir skuli standa. Þeir hafa ekki útilokað að skorið verði úr um það fyrir dómstólum hvort hægt sé að rifta þeim einhliða. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur sú afstaða ekki breyst. Dagur sagði í viðtali við Fréttablaðið eftir eigendafundinn í gærkvöldi að búið væri að fara yfir allar lagalegar hliðar málsins og hann bæri ekki sérstakan kvíðboga fyrir því ef GGE höfðaði mál gegn OR. „Hins vegar liggja leiðir það víða saman að það er ekki gott að vera með mál í uppnámi. Ég tel því að menn setjist niður og fari yfir þá stöðu sem komin er upp núna.“



**FRÁ EIGENDAFUNDI** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Bryndís Hlöðversdóttir, stjórnarformaður OR, eru sammála um mikilvægi þess að sáttir náist á milli OR og GGE. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

> Við viljum vissulega lenda málinu með samkomulagi en ekki í málaferlum.
>
> **BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR**
> STJÓRNARFORMAÐUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Borgarráð fól Bryndísi Hlöðversdóttur í síðustu viku að ræða við aðra hluthafa REI og stjórn OR um málið og vinna að tillögum um lausnir. Hún er bjartsýn á að samkomulag náist á milli OR og GGE. „Við erum í samstarfi í verkefnum sem eru eldri en samrunahugmyndirnar, þannig að fyrirtækin eiga mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta.“ Aðspurð um hugsanlega málshöfðun GGE gegn OR segir Bryndís að vissulega sé skoðanamunur um lögfræðilega stöðu málsins. „Við viljum vissulega lenda málinu með samkomulagi en ekki í málaferlum.“

svavar@frettabladid.is

Sigurbjörn Einarsson heiðraður:

## Biskup fékk Jónasarverðlaun

**FÓLK Sigurbjörn Einarsson biskup tók í gær við verðlaunum Jónasar Hallgrímssonar úr hendi Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra.**



SIGURBJÖRN EINARSSON

**Verðlaunin eru veitt árlega á degi íslenskrar tungu. Þau hlýtur fólk sem hefur með sérstökum hætti unnið íslenskri tungu gagn og stuðlað að eflingu hennar, framgangi og miðlun til nýrrar kynslóðar.**

**Ráðgjafanefnd dags íslenskrar tungu gerir tillögu til menntamálaráðherra um verðlaunin sem afhendir þau við hátíðlega athöfn. Að þessu sinni fór hún fram í Þjóðleikhúsinu.** - sgj

Stjórnarmyndun í Danmörku:

## Khader hótar að slíta viðræðum

**DANMÖRK, AP** Naser Khader, formaður Nýs bandalags sem hlaut fimm þingmenn kjörna í kosningunum á þriðjudag, sagðist í gær mundu draga flokkinn út úr viðræðum um stuðning hans við ríkisstjórn Anders Fogh Rasmussen ef ekki yrði tekið tillit til krafna hans í innflytjendamálum í stefnuskrá stjórnarinnar.



NASER KHADER

Fogh Rasmussen er þar með í klemmu, þar sem Pia Kjærsgaard, formaður Danska þjóðarflokksins sem síðan árið 2001 hefur séð stjórn Foghs fyrir meirihluta á þingi, er alls ekki á þeim buxunum að samþykkja neinar kröfur Nýs bandalags. - aa




Nýfundin verk eftir Þorvald Skúlason fylla í eyðu í þroskasögu hans:

# Jónas hyggst gefa hluta af verkunum til Háskóla Íslands

**MENNING** Háskóla Íslands hefur verið boðið að taka til rannsóknar safn teikninga, vatnslitamynda og olíuverka sem komin eru í ljós frá dvöl Þorvaldar Skúlasonar í París og Tours á stríðsárunum. Í safninu, sem telur um 120 verk, eru meðal annars skissur sem eru sýnilega þreifingar með abstraktlist. Þorvaldur hélt því fram eftir að hann sneri til Íslands að hann hefði þá verið byrjaður að vinna abstrakt. Sökum þess að verkin frá þessu tímabili hafa alltaf verið talin glötuð er eyða í þroskasögu Þorvaldar sem listamanns og um leið framgangi óhlutbundinnar listar hér á landi, sem Svavar Guðnason er talinn hafa lagt stund á fyrstur manna.

Samkvæmt heimildum hefur finnandi verkanna, Jónas Freydal Þorsteinsson, í hyggju að gefa hluta verkanna sem fundust í Frakklandi til Listasafns Háskóla Íslands en þar er stærsta safn mynda Þorvaldar varðveitt.



**SJÁLFSMYND** Ein af nýfundnum myndum eftir Þorvald Skúlason. Meðal verkanna voru margar sjálfsmyndir listamannsins.

Nánar er fjallað um fundinn og einnig birtar myndir af verkum úr þessari óvæntu viðbót við feril Þorvaldar Skúlasonar í Menningu, fylgiriti Fréttablaðsins, á morgun. - pbb



# Þú færð jólaskrautið
## í Garðheimum ...þar sem úrvalið er!



**Berjalengjur** 150cm **1.490kr**








**Frábært verð - fallegar vörur**








**Ljósagreinar** 100cm verð frá: **1.950kr**



**Skrautkönglar** 32 stk. í boxi **1.280kr**



blóm helgarinnar

Valdar rósir **250kr**

GARÐHEIMAR

*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Jólaleikur **barnanna**

*sjá nánar á gardheimar.is*

## GENGIÐ 17.11.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,99 | 61,29 |
| Sterlingspund | 124,19 | 124,79 |
| Evra | 88,98 | 89,48 |
| Dönsk króna | 11,936 | 12,006 |
| Norsk króna | 11,083 | 11,149 |
| Sænsk króna | 9,585 | 9,641 |
| Japanskt jen | 0,5539 | 0,5571 |
| SDR | 96,4 | 96,98 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

118,1038

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skipan ákæruvalds verður breytt verulega samkvæmt frumvarpi dómsmálaráðherra um meðferð sakamála:

# Stærri mál sótt af héraðssaksóknurum

**ALÞINGI** Sett verða á fót embætti héraðssaksóknara sem sækja munu öll meiriháttar sakamál, verði frumvarp Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra um meðferð sakamála að lögum.

Frumvarpinu, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, er ætlað að leysa af hólmi lög um meðferð opinberra mála frá árinu 1991.

Verði frumvarpið að lögum verður skipan ákæruvaldsins breytt verulega, og tekin upp þrjú stig í stað tveggja í dag.

Lögreglustjórar munu eftir sem áður sækja minniháttar mál fyrir dómstólum. Héraðssaksóknarar munu sækja öll meiri háttar sakamál. Hlutverk ríkissaksóknara breytist, og mun snúast um að setja almennar reglur og hafa eftirlit með öðrum ákærendum. Þetta þýðir að málsókn í málum á borð við efnahagsbrot verður flutt til héraðssaksóknara.

Ýmsar aðrar breytingar eru í frumvarpinu. Til dæmis er kveðið skýrt á um að hver sem er geti fengið aðgang að ákæru þremur sólarhringum eftir að hún hefur verið birt ákærða, nema sérstakir hagsmunir standi í vegi fyrir því.

Þá munu sakborningar eiga kost á því að skýra sín sjónarmið fyrir héraðsdómi með skriflegri greinargerð, líkt og í Hæstarétti.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ætlunin sé að leggja fram sérstakt frumvarp um nálgunarbann, og var það frumvarp rætt á fundi ríkisstjórnarinnar í gær. **- bj**



**BJÖRN BJARNASON**

### DÓMSSTIGUM EKKI FJÖLGAÐ

Ekki er lagt til í frumvarpi um meðferð sakamála að tekin verði upp þrjú dómstig hér á landi sökum kostnaðar og þess að slíkt myndi auka þann tíma sem þarf til að fá úrlausn mála. Slík breyting er þó eina leiðin til að ráða bót á einum helsta vanda í íslensku sakamálaréttarfari, að því er fram kemur í greinargerð.

Gerð er krafa um milliliðalausa sönnunarfærslu. Það þýðir að þar sem vitni eru ekki kölluð fyrir Hæstarétt getur rétturinn ekki metið vitnisburð þeirra öðruvísi en héraðsdómur. Því vísar Hæstiréttur málum þar sem mat á vitnisburði orkar tvímælis aftur í heim í hérað. Sú aðferð er óheppileg, að því er segir í greinargerðinni.



**SÓTTHREINSUN** Eftir að fé á bænum Skollagróf hefur verið fargað þarf að sótthreinsa svæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Riða í Hrunamannahreppi:

## Farga verður 150 kindum

**LANDBÚNAÐUR** Riða hefur greinst í kind á bænum Skollagróf í Hrunamannahreppi. Halldór Runólfsson yfirdýralæknir segir að um 150 kindur séu á bænum og til standi að farga þeim.

Um er að ræða sjaldgæft afbrigði af riðu, kallað Nor98. Halldór segir það aðeins hafa fundist einu sinni áður hér á landi. Málið verði þó ekki meðhöndlað öðruvísi en hefðbundin riðusmit.

Eftir að sauðfé á bænum hefur verið fargað verður svæðið hreinsað og tré rifið út. Svæðið verður því næst sótthreinsað og bannað að halda fé þar í tvö ár. **- bj**

### HAFNARFJÖRÐUR

**Skoða tómstundaþátttöku**

Hafnarfjarðarbær ætlar að láta rannsaka hvort börn sem af erlendu bergi eru brotin stundi íþrótta- og æskulýðsstarf í bænum. Leita á leiða til úrbóta ef þess er þörf.

### LEIÐRÉTTING

Í nýjasta tölublaði LH Hesta, sem fylgir Fréttablaðinu, birtist texti um hrossakjötsát, sem tekinn var af Vísindavef Háskóla Íslands. Vegna mistaka láðist að geta þess hvaðan textinn var fenginn. Ritstjórn Vísindavefsins er beðin afsökunar á mistökunum.

# Ráðleggja útlendingum að fara annað

**Skemmtistaðir sem erlendir verkamenn sækja hafa fjölgað starfsmönnum. Árekstrar milli íslenskra og erlendra gesta eru tíðari en áður. Hópur pólskra verkamanna efndi til slagsmála nýverið og var dyravörður sleginn illa í höfuð.**

**INNFLYTJENDUR** „Mínir dyraverðir ráðleggja Pólverjunum og Lettunum að fara eitthvert annað, enda hefur margoft kastast í kekki á milli þeirra og Íslendinganna þegar menn eru orðnir ölvaðir," segir Guðjón Ingólfsson, veitingastjóri Klúbbsins á Stórhöfða.

Guðjón segir deilur manna á milli iðulega snúast um kvenfólk. „Íslensku konurnar koma til íslensku karlmannanna og kvarta undan ágengum útlending og þá er fjandinn laus. Þetta er kannski elsta sagan í bókinni en þetta hefur verið að færast mikið í vöxt upp á síðkastið," segir Guðjón, en hann hefur fjölgað starfsmönnum á vakt um helming vegna tíðra árekstra milli Íslendinga og erlendra verkamanna.

Fyrir fjórum vikum var sex pólskum verkamönnum meinað um inngöngu á Klúbbinn þar sem staðurinn hafði verið leigður undir einkasamkvæmi.

„Mennirnir voru ekki klæddir við hæfi, voru í úlpum og vinnuklossum og vegna afmælisins sem þarna var í gangi var þeim ekki hleypt inn. Þeir komu svo fleiri til baka nokkru síðar og þá enduðu viðskipti þeirra og dyravarðanna minna með því að einn þeirra sló dyravörð í höfuðið með kylfu," segir Guðjón. Dyravörðurinn var fluttur á slysadeild í kjölfarið með áverka á höfði og hefur atvikið verið kært til lögreglu.

Guðjón segir erlenda verkamenn velkomna á Klúbbinn, en þeim sé ráðlagt að fara annað. „Þeir eiga ekkert frekar sök á þessum látum undanfarið heldur en Íslendingarnir, það er bara svo eldfimt ástand inni á börum hér í borginni út af þeim að það þarf lítið út af að bregða svo að allt fari í háaloft," segir Guðjón. Hann segir ástandið svipað á mörgum skemmtistöðum í Reykjavík.

„Þróunin hefur verið sú að nú eru til barir sem einungis erlendir verkamenn sækja og sárafáir Íslendingar láta sjá sig þar."

Ari Schröder, barþjónn á Café Amsterdam við Hafnarstræti, kannast við ástandið en segir engin alvarleg mál hafa þó komið upp. Hann segir að í mörgum tilfellum sé betra að eiga við erlendu verkamennina heldur en landa sína.

„Ef maður byrstir sig við þá átta þeir sig á að þeir séu á þunnum ís, þótt þeir skilji kannski ekki hvað maður er að segja enda tala þeir oft og tíðum litla sem enga ensku," segir Ari. „Þeir koma frá öguðum löndum og skilja þegar maður er ákveðinn við þá, á meðan Íslendingurinn rífur bara kjaft á móti."

Á heimasíðu talsmanns neytenda kemur fram að það brjóti í bága við hegningarlög að draga hóp útlendinga í dilka vegna framkomu sumra landa þeirra, en sjálfsagt sé að bregðast við áreiti tiltekinna einstaklinga með útilokun frá skemmtistað eða þvíumlíkt.

**aegir@frettabladid.is**




**KLÚBBURINN Á STÓRHÖFÐA** Ítrekað hefur kastast í kekki á milli erlendra verkamanna og Íslendinga og nú er svo komið að dyraverðir staðarins ráðleggja erlendum verkamönnum að fara eitthvert annað til að skemmta sér. F70131107 KLÚBBURINN

Gunnari Wathne sleppt:

## Laus en verður settur í farbann

**DÓMSMÁL Hæstiréttur í Nýju-Dehli á Indlandi hefur farið fram á að Gunnari Stefáni Wathne verði sleppt úr gæsluvarðhaldi, en hann hefur setið í fangelsi þar í landi síðan 21. september.**

**Þá hefur dómurinn lagt til að Gunnar verði settur í farbann og gert að tilkynna sig inn til lögreglustöðvar í borginni tvisvar í viku.**

**Gunnar Stefán var handtekinn á flugvellinum í Nýju-Dehli í september, en bandarísk lögregluyfirvöld höfðu gefið út handtökuskipun á hendur honum. Hann er grunaður um að hafa stundað peningþvott fyrir Bandaríkjamann sem var sakfelldur í heimalandi sínu árið 2003 fyrir framleiðslu á ofskynjunarfíkniefninu LSD. -æþe**

Kviknaði í út frá uppþvottavél:

## Eldur í gömlu íbúðarhúsi

**LÖGREGLUMÁL** Eldur kom upp í íbúðarhúsi í Reykjadal í Þingeyjarsýslu snemma í gærmorgun.

Það tók slökkviliðsmenn skamma stund að ráða niðurlögum eldsins en húsið er töluvert skemmt. Einn var í húsinu og komst hann ómeiddur út af sjálfsdáðum.

Að sögn lögreglunnar á Húsavík eru orsakir eldsins í rannsókn þó vitað sé að upptökin hafi orðið í uppþvottavél. Ferðaþjónusta hefur verið rekin í húsinu, sem er nokkuð gamalt. **- sþs**

### FINNLAND

**Verkfalli Alko að ljúka**

Verkfalli starfsmanna Alko, finnsku áfengisverslananna, sem hófst á fimmtudagsmorgun, mun ljúka í dag. Starfsmenn kröfðust launahækkana, styttri vinnutíma og aukins starfshlutfalls. Af 340 verslunum tókst einungis að halda fjörutíu opnum í verkfallinu.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**STÓRHRÍÐ Á HEIÐUM NYRÐRA**

Það eru vetrarstormar í kortum dagsins. Má búast við hvassviðri eða stormi við norð-austur- og austurströndina síðar í dag og í kvöld. Jafnframt gæti slegið í storm víðar, svo sem með norðvesturströndinni, Vestfjörðum og á Snæfellsnesi. Það verður töluverð ofankoma norðanlands í dag og austanlands síðdegis og í kvöld með skafrenningi og ófærð.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Norðan strekkingur eða allhvasst. Skýjað með köflum og þurrt. Hiti við frostmark.

*um hádegi »*



*» á morgun*



10-18 m/s við suðausturströndina, annars 5-10 m/s.

*» mánudagur*



8-15 m/s, hvassast úti við austurströndina.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C skýjað | London | 9°C skýjað | Friedrichshafen | 2°C léttskýjað |
| Billund | 8°C skýjað | París | 7°C léttskýjað | Lúxemborg | 5°C léttskýjað |
| Osló | 4°C hálfskýjað | Amsterdam | 9°C hálfskýjað | Alicante | 16°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 5°C skýjað | Frankfurt | 7°C skýjað | Róm | 11°C skúrir |
| Gautaborg | 9°C skýjað | Berlín | 6°C skúrir | Las Palmas | 21°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Hvað eiga 2,7 milljónir fermetra, 635 þúsund ljósaperur, 270 þúsund gluggar, 220 þúsund hurðir, 215 þúsund bílastæði, 180 þúsund hurðarhúnar, 3.800 leigurými, 730 lyftur, 270 starfsmenn og 4 lönd sameiginlegt? Eitt fyrirtæki, **Landic Property,** tengir þetta allt.

Þegar Fasteignafélagið Stoðir, Keops og Atlas Ejendomme runnu saman varð til eitt af þremur stærstu fasteignafélögum á Norðurlöndum. Meginstarfsemi **Landic Property** er á Íslandi, í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi og sérhæfir fyrirtækið sig í leigu á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Í Danmörku er SAS, Magasin og Illum stærstu leigjendur félagsins. Hið fræga Tietgens Hus er ein af fjölmörgum eignum **Landic Property** þarlendis. Í Svíþjóð eru skattayfirvöld, réttarkerfið, lögreglan og Stokkhólmsborg stærstu leigjendurnir. Sænsku stórfyrirtækin Telia Sonera, Ericsson, SAS og Nordea bank eru meðal viðskiptavina okkar þar í landi.

Á Íslandi eru stærstu leigjendurnir Hagar, Icelandair Hotels og hið opinbera. Stærstu eignir **Landic Property** á Íslandi eru Kringlan, Spöngin, Holtagarðar og Hótel Hilton Nordica.




Eins og gengur og gerist eru fasteignir misgamlar. Sumar eignir **Landic Property** eru ekki nema nokkurra mánaða gamlar, sumar eru enn teikningar á borði eða hugmynd í kollinum á starfsmanni okkar. Aðrar eignir eru mörg hundruð ára, sögufrægar byggingar.

Við erum með starfsemi í fjórum löndum en alls staðar er markmiðið það sama: framúrskarandi þjónusta við leigjendur og áframhaldandi vöxtur fyrirtækisins.

Þegar rætt er um fasteignir er auðvelt að týna sér í tölulegum upplýsingum. En tilgangurinn með upptalningunni á eignum **Landic Property** er að sýna að þrátt fyrir að við höfum eins og öll fyrirtæki byrjað smátt, þá erum við í dag risastór.

Vissulega snýst flest sem við gerum að miklu leyti um steypu, stál, gler, múrsteina, timbur og málningu. En það sem skiptir okkur í **Landic Property** mestu eru þær þúsundir einstaklinga, skrifstofufólks, ríkisstarfsmanna, verslunarfólks, lögreglumanna og hótelgesta, sem gæða byggingar okkar lífi á hverjum degi. Svo ekki sé minnst á þá tæplega þrjú hundruð skapandi og kraftmiklu starfsmenn sem tryggja viðhald og vegsemd félagsins. Og að allar ljósaperurnar virki.

www.landicproperty.com

LANDIC PROPERTY

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

## KJÖRKASSINN



*Ertu byrjuð/byrjaður að kaupa jólagjafir?*

| | |
|---|---|
| Já | 41,9% |
| Nei | 58,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Heldur þú að verðsamráð eigi sér stað á matvörumarkaði?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Íslensk erfðagreining býður greiningu á erfðamengjum einstaklinga:

# Fólk á að fá að skoða sjálft sig

**VÍSINDI** Íslensk erfðagreining býður fólki upp á að senda inn erfðaefni sitt á þar til gerðum tunguspaða og bera það saman við upplýsingar fyrirtækisins. Er það gert í gegnum síðuna decodeme.com.

Kári Stefánsson forstjóri segist vilja miðla þeim upplýsingum sem fyrirtæki hans hefur safnað undanfarin ár til almennings með því að gera fólki kleift að skoða eigið erfðamengi.

„Ég lít svo á að fólk eigi að fá að skoða sjálft sig upp að því marki sem það vill,“ segir Kári, en fólk getur einnig borið erfðamengi sitt saman við annað fólk með samþykki viðkomandi.



**ÓGRYNNI UPPLÝSINGA** Kári Stefánsson segir viðskiptavini fá aðgang að þeim upplýsingum sem Íslensk erfðagreining hefur safnað.

Kári segist ekki hafa áhyggjur af misnotkun á þjónustunni.

„Við reiknum ekki með því að menn séu að ráðast á fólk úti í bæ og stinga upp í það tunguspaða og gerum ekki ráð fyrir öðru en að fólk sé að senda okkur sinn eigin tunguspaða. Tryggingafélögin væru að brjóta lög ef þau notuðu þessar upplýsingar. Það er ekki okkar að vaka yfir löghlýðni borgara.“

Í notendaleiðbeiningum kemur fram að upplýsingarnar geti verið meiðandi.

„Það sem ég hef mestar áhyggjur af í þessu sambandi er hvernig fólk bregst við þeim upplýsingum sem það fær. Það eru alltaf einhverjir sem bregðast illa við upplýsingum um uppruna sinn.“ - eb

Nýtt fólk í orðunefnd:

# Ólafur, Rakel og Þórunn skipuð

**FÓLK Ólafur Egilsson, fyrrverandi sendiherra, Rakel Olsen framkvæmdastjóri og Þórunn Sigurðardóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar, hafa verið skipuð í orðunefnd fálkaorðunnar. Um leið ganga úr nefndinni Guðný Guðmundsdóttir konsertmeistari, Jón Páll Halldórsson framkvæmdastjóri og Sigmundur Guðbjarnason, fyrrverandi háskólarektor.**

**Fyrir í nefndinni sitja Ólafur G. Einarsson formaður, Jón Helgason og Örnólfur Thórsson sem er ritari nefndarinnar.**

**Forseti skipar í nefndina að tillögu forsætisráðherra.** - sgj

## SLÓVENÍA

### Atkvæðagreiðsla um traust

Janez Jansa, forsætisráðherra Slóveníu, mun á mánudag láta fara fram atkvæðagreiðslu á þingi um traust á ríkisstjórninni, eftir að frambjóðandi stjórnarandstöðunnar vann sigur í forsetakosningum um síðustu helgi. Jansa segir „stanslausa gagnrýni“ stjórnarandstöðunnar grafa undan undirbúningi fyrir formennsku Slóvena í Evrópusambandinu á næsta ári.

## KÓPAVOGUR

### Starfslokasamningar í bæjarráð

Framvegis verða starfslokasamningar sem gerðir eru við starfsmenn Kópavogsbæjar lagðir fyrir bæjarráð. Þetta samþykkti bæjarráðið í fimmtudag að tillögu Guðríðar Arnardóttur, sem er fulltrúi minnihluta Samfylkingar í ráðinu.

# Virkjanaáform við Langasjó gufuð upp

**Umhverfisráðuneytið hefur farið fram á samþykki sveitarstjórnar Skaftárhrepps að Langisjór verði hluti Vatnajökulsþjóðgarðs. Áform hafa verið uppi um virkjun á svæðinu. Sveitarstjóri segir þau áform ekki lengur til staðar.**

**UMHVERFISMÁL** „Virkjanaáform sem hér voru til staðar eru hér ekki lengur,“ segir Bjarni Daníelsson, sveitarstjóri Skaftárhrepps í Vestur-Skaftafellssýslu. Sveitarstjórnin ræddi í vikunni bréf frá umhverfisráðuneytinu en í því er farið fram á samþykki fyrir því að Langisjór verði hluti af Vatnajökulsþjóðgarði.

Sveitarstjórnin telur áform ráðuneytisins áhugaverð og óskar eftir viðræðum við ráðuneytið til að fá nánari upplýsingar um hvaða svæði er nákvæmlega að ræða og hvaða áform eru um fjármögnun nauðsynlegrar þjónustu.

Landsvirkjun hefur haft áform um að veita Skaftá í Langasjó og nýta vatnið í virkjanirnar á Tungnaár- og Þjórsársvæðinu og lét útbúa fyrir sig verkhönnun á Skaftárveitu árið 2003.

Einnig var ætlunin með þessu að hefta sandburð í Skaftárhlaupum og þótti íbúum svæðisins mikill kostur ef mögulegt yrði að koma böndum á hlaup og aurburð árinnar. Bjarni segir að honum heyrist flestum íbúum svæðisins þykja sú lausn orðin nokkuð langsótt.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar segir í kafla um umhverfismál að „Vatnasviði Jökulsár á Fjöllum verði bætt við Vatnajökulsþjóðgarðinn og tryggt að ekki verði snert við Langasjó í virkjanaskyni“.

Það er þó sveitarstjórn Skaftárhrepps sem hefur skipulagsvald í þessum málum.

„Sveitarstjórnin hefur ekki tekið afgerandi ákvörðun um þetta mál en hún telur sjálfsagt að skoða erindi umhverfisráðherra með jákvæðum hug,“ segir Bjarni. Hann ítrekar að endanleg niðurstaða sé þó ekki komin, skýrari svör þurfi frá yfirvöldum um hvaða svæði sé nákvæmlega um að ræða og hvernig.

„Þarna má greina breytingu á áhuga heimamanna, vonandi að það viti á gott,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands.

Hann segir að sér þyki bréf umhverfisráðuneytisins til marks um raunverulegan metnað ríkisstjórnarinnar um að fara eftir því sem skráð er í stefnuyfirlýsingu hennar. karen@frettabladid.is



**LANGISJÓR** Langisjór er eitt tærasta fjallavatn á Íslandi. Áform hafa verið uppi um að veita Skaftá í Langasjó og nýta vatnið til virkjunar en við það myndi vatnið missa tærleika sinn. Íbúar hafa séð hag í því að böndum verði komið yfir Skaftá og þar með þau hlaup og aurburð sem henni fylgja. Sveitarstjóri segir flesta íbúa telja virkjunarframkvæmdir langsótta lausn.



**ÁRNI FINNSSON**



**BJARNI DANÍELSSON**







Héraðsdómur Reykjavíkur sýknar ríkið af skaðabótakröfu hjúkrunarfræðings:

# Árás sjúklings ekki ríkinu að kenna

**DÓMSMÁL** Ríkið hefur verið sýknað af skaðabótakröfu hjúkrunarfræðings, sem starfaði á dagdeild fyrir geðfatlaða á Kleppi, vegna árásar sem hún varð fyrir við vinnu sína árið 1997. Starfsmenn Landspítalans voru ekki taldir eiga sök á að árásin átti sér stað og ríkið því sýknað.

Árásin varð í árlegri skemmtiferð með sjúklinga. Þar kýldi geðfatlaður maður konuna með þeim afleiðingum að hún datt og marðist víða á líkamanum. Fyrir dómi sagðist hún hafa fengið taugaáfall og glímt við þunglyndi og reiði í kjölfar árásarinnar. Vegna þess hafi hún sótt meðferð hjá sálfræðingi árum saman.

Krafa hjúkrunarfræðingsins byggðist á því að starfsmenn Landspítalans hefðu brugðist ranglega við þeim aðstæðum sem komu upp í ferðalaginu, sem hafi þar að auki verið illa skipulagt. Ríkið beri vinnuveitendaábyrgð á saknæmri hegðun starfsmanna sinna og skuli því greiða skaðabætur vegna atviksins.

### EKKI FYRSTA MÁLIÐ

- Annað mál var höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur vegna árásar sama manns á annan hjúkrunarfræðing í sömu ferð.
- Dómur féll í því máli árið 2003 og var ríkið dæmt skaðabótaskylt. Samstarfsmenn konunnar sem stefndi ríkinu voru ekki taldir hafa upplýst hana nægilega vel um ástand mannsins sem réðst á konurnar.
- Í þessu máli taldi dómarinn ekki að samstarfsmenn hjúkrunarfræðingsins sem stefndi ríkinu hefðu sýnt af sér gáleysislega eða saknæma hegðun. Því var ríkið sýknað af skaðabótakröfu konunnar.

Í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur var ekki fallist á þessar kröfur. Hjúkrunarfræðingurinn sem stefndi ríkinu hafi sjálf brugðist rangt við aðstæðunum sem upp komu og árásina megi ekki rekja til saknæmrar háttsemi annarra starfsmanna. Málskostnaður stefnanda var greiddur úr ríkissjóði. - sþs




HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi



EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI

■ "Ísland gæti verið fyrirmyndarland í innflytjendamálum." Paul Nikolov, fyrsti innflytjandinn á Alþingi.

■ Magga Stína og Gísli Einarsson: "Það sem gerir mig hálfþunglyndan er að það er endalaust otað að manni einhverjum stinningarlyfjum og hvað heitir það? "Penis enlargement".

■ Fleygustu orð Íslendinga.

■ Skrautlegir eigendur í enska boltanum.

SPORT

■ Eina blaðið með allt um íþróttir laugardagsins.

MENNING

■ Týnd verk frá stríðsárunum eftir Þorvald Skúlason komin í leitirnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga





Ný ríkisstjórn sór embættiseið í Póllandi í gær:

# Tusk hyggur á kerfisumbætur

**PÓLLAND, AP** Ný ríkisstjórn sór embættiseið í Póllandi í gær.

Fyrir henni fara fyrrverandi andófsmenn gegn kommúnistastjórninni sem ríkti í landinu til ársins 1989, en þeir vilja beita sér fyrir markaðshyggjuumbótum á efnahagskerfinu.

Lech Kaczynski, forseti Póllands, tók embættiseiðinn af nýja forsætisráðherranum Donald Tusk, flokksleiðtoga Borgaravettvangs, og öðrum ráðherrum í ríkisstjórninni við athöfn í forsetahöllinni í Varsjá. Hún markar upphafið að stjórnartíð samsteypustjórnar Borgaravettvangs og Pólska bændaflokksins, sem er búist við að muni leggja sig fram um að bæta tengslin við grannríki Póllands og Evrópusambandið sem höfðu liðið undan harkalegri þjóðernisstefnu fyrri stjórnar síðastliðin tvö ár, en fyrir henni fór Jaroslaw Kaczynski, eineggja tvíburabróðir forsetans.

Með Tusk við stjórnvölinn er þess vænst að ýmsum umbótum í anda frjálshyggju í efnahagsmálum verði hrint í framkvæmd, svo sem aukinni einkavæðingu, afnámi hafta og að evran verði með hraði tekin upp sem gjaldmiðill í stað pólska zlotýsins.

Meðal ráðherra í nýju stjórninni er Radek Sikorski, sem var varnarmálaráðherra í fyrri stjórn en tekur nú við utanríkismálunum. - aa



**SÓR EIÐ** Lech Kaczynski forseti og nýi forsætisráðherrann Donald Tusk við athöfnina í forsetahöllinni í Varsjá í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Óttast að um sýndarblöndun sé að ræða

**Gylfi Baldursson heyrnarfræðingur óttast að hugmyndir yfirvalda um svokallaða blöndun öryrkja verði ekki til góðs. Hugmyndirnar hljómi fallega en lykti af forræðishyggju gagnvart minnihlutahópum. Íbúar Hátúns séu mjög uggandi.**

**FÉLAGSMÁL** „Það er mjög mikill uggur í fólki vegna þessarar ákvörðunar,“ segir Gylfi Baldursson, heyrnarfræðingur og íbúi í húsnæði Sjálfsbjargar í Hátúni 12, um þá ákvörðun samtakanna að hætta rekstri húsnæðisins.

Um 70 manns búa í Hátúni 12 en þar er rekið heimili fyrir hreyfihamlaða og hjúkrunarheimili. Ragnar Gunnar Þórhallsson, formaður Sjálfsbjargar, hefur greint frá því að reksturinn sé orðinn of þungur, ekki sé við hæfi að frjáls félagasamtök reki úrræði fyrir velferðarkerfið auk þess sem það sé ekki í takt við hugmyndafræði nútímans að láta fatlaða búa í sérstökum blokkum. Svipaðar hugmyndir eru einnig uppi hjá Öryrkjabandalagi Íslands, sem áformar að leigja ófötluðu fólki íbúðir á húsnæði bandalagsins í Hátúni 10 til að blanda byggðina.

Gylfi segir hugmyndir sérfræðinga og yfirvalda um blöndun hljóma fallega en um leið lykta af forræðishyggju gagnvart minnihlutahópum. „Ég óttast að úr þessu verði sýndarblöndun. Fólki verði tvístrað tvist og bast um borg og bý, væntanlega ekki í dýrustu svæðin heldur í úthverfin þar sem langt getur verið í þá þjónustu sem það þarfnast,“ segir Gylfi.

„Ég veit að það er mikið af fólki hér sem þekkir varla annan veruleika en þann sem hér er. Miklar líkur eru á að þetta fólk kunni að einangrast enn meira ef það þarf að búa eitt og langt frá nauðsynlegri þjónustu. Ég hef heyrt að margir sem hér búa myndu hreinlega leggja upp laupana ef þeir misstu félagsskap sinn hér,“ segir hann.



**SÝNDARBLÖNDUN** Gylfi Baldursson heyrnarfræðingur segir stýrikerfi oft sett í gang til að steypa allt fólk í sama mót. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Gylfi segir áformin úr takt við kröfur 21. aldarinnar. Stjórnvöld hafi þó ekki treyst sér til að leggja fram mikið fé til rekstursins sem þar fer fram og hann geti ekki ímyndað sér að skyndilega verði til peningar til að reka þjónustuna úti um allan bæ.

Gylfi segir að suma verði ekki hægt að steypa í sama mót og fjöldann. „Ég lamaðist níu ára gamall eftir að hafa fengið lömunarveikina. Það var allt gert til að gera mig að eðlilegum strák aftur og kostað til fjölda aðgerða, kílóum af spelkum og leðri. Nítján ára gat ég gengið örfáa metra með erfiðismunum og hækjum. Það var ekki fyrr en þá sem danskur læknir spurði mig hvernig mér liði best. Ég sagði honum að mér liði best í hjólastól. Stýrikerfið hafði verið sett í gang en strákurinn var aldrei spurður,“ segir Gylfi og bætir við að svipað hafi gerst þegar sérstofnanir fyrir heyrnarlausa hafi verið leystar upp án þess að úrræði væru til staðar í samfélaginu. Hann gruni að það sama gerist í þeim breytingum sem eru í bígerð gagnvart búsetuúrræðum öryrkja.

karen@frettabladid.is

Þjóðleikhúsið bætir tekjutap vegna aflýstrar tónleikaraðar í Þjóðleikhúskjallaranum:

# Herði Torfa bættur skaðinn

**DÓMSMÁL** Hörður Torfason tónlistarmaður og Þjóðleikhúsið hafa náð sátt í skaðabótamáli sem Hörður höfðaði á hendur leikhúsinu eftir að tónleikaröð hans í Þjóðleikhúskjallaranum var aflýst.

Haustið 2005 samdi Þjóðleikhúsið við Hörð um að halda sjö tónleika í Þjóðleikhúskjallaranum þá um veturinn. Fyrstu tónleikarnir fóru fram í október en vegna dræmrar mætingar ákvað Þjóðleikhúsið að ekki yrði framhald á tónleikaröðinni með Herði.

„Það mættu kannski einn eða tveir gestir, enda voru tónleikarnir ekkert auglýstir og markaðssetningin í kringum þá glötuð,“ segir Hörður, sem aflýsti árlegri tónleikaferð sinni um Austurland til að spila á tónleikaröð Þjóðleikhúskjallarans og kveðst hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni af völdum þess.

Í kjölfarið stefndi Hörður Þjóðleikhúsinu fyrir samningsbrot, en það neitaði að borga honum fyrir tónleikana sex sem eftir voru.

Aðalmeðferð málsins átti að hefjast í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, en eftir að Tinna Gunnlaugsdóttir Þjóðleikhússtjóri og Örn Árnason leikari, sem hafði milligöngu vegna samningsins, höfðu gefið skýrslu fyrir dómi, náðist sátt í málinu. Hún felst í því að Þjóðleikhúsið greiðir Herði bætur fyrir tónleikaröð sem aldrei varð. Hörður neitaði að tjá sig um upphæðina en sagði hana vera einhver hundruð þúsunda. Hann sagði upphæðina þó minni en um var samið í fyrstu.

„Ég er voða lítið fyrir málaferli og eitthvert vesen og gekk að sáttinni því mér var ráðlagt að gera það, ég kaus það frekar en að standa í einhverju stappi,“ segir Hörður Torfason. - æþe



**HÖRÐUR TORFASON TÓNLISTARMAÐUR** Stefndi Þjóðleikhúsinu fyrir samningsbrot, en leikhúsið aflýsti tónleikaröð hans. Hann þáði sátt frekar en að standa í málaferlum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# ÍTALSKIR RÉTTIR



Leifur Kolbeinsson
La Primavera

*ítölsk matargerðarlist*

framreidd af einum færasta matreiðslumanni landsins í ítalskri matargerð!






1.499 kr
GOTT VERÐ

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*



**OF STUTT FYRIR STRÆTÓ** Delphine Koch hefur öll tilskilin leyfi til þess að keyra strætisvagn. Engu að síður fær hún ekki að starfa við það í bænum Jumet í Belgíu vegna þess að hún þykir of lágvaxin fyrir starfið. Félagar hennar fóru af þeim sökum í verkfall í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Vextir Íbúðalánasjóðs hækka um 0,45 prósent eftir útboð á íbúðabréfum:

# Stýrivextirnir farnir að bíta

**EFNAHAGSMÁL** Þeir sem taka lán hjá Íbúðalánasjóði nú verða nú að greiða 5,3 prósenta vexti af lánum með uppgreiðsluákvæði og 5,5 prósent af lánum án þess. Sjóðurinn tilkynnti í gær um 0,45 prósentustiga hækkun á útlánavöxtum sínum. Ákvörðunin var tekin í kjölfar útboðs á íbúðabréfum sem fram fór í gærmorgun. Áður voru vextir sjóðsins á samsvarandi lánum 4,95 prósent og 5,10 prósent.

Hvergi er nú hægt að taka lán í íslenskum krónum með undir sex prósenta vöxtum nema hjá Íbúðalánasjóði. Eftir 0,45 prósentustiga stýrivaxtahækkun Seðlabankans í októberlok, þegar stýrivextir voru hækkaðir í 13,75 prósent, hafa allir viðskiptabankarnir þrír hækkað vexti á íbúðalán. Vaxtahækkanir Íbúðalánasjóðs og bankanna eru vísbending um að stýrivextir Seðlabankans séu farnir að bíta, segir í Vegvísi Landsbankans.

Í Morgunkorni Glitnis segir að vaxtahækkun gærdagsins muni að öllum líkindum ýta undir þá ósk Seðlabankans að hægist um á íbúðamarkaði. Hins vegar bendi lítið til þess að þegar sé tekið að hægjast á markaðnum, sé litið til fjölda þinglýstra kaupsamninga og verðþróunar á fasteignamarkaði í október, þrátt fyrir mikla hækkun vaxta á húsnæðislánum bankanna. - hhs



**FRÁ NORÐLINGAHOLTI** Íbúðalánasjóður hefur hækkað vexti sína í 5,3 prósent á lánum með uppgreiðsluákvæði og 5,5 prósent á lánum án þess.

Rafmagn fór í Eiðisgranda:

# Slökkt í skíðloganandi tengikassa

**LÖGREGLUFRÉTT** Tengikassi fyrir rafmagn við Eiðisgranda í Reykjavík brann um klukkan tíu í gærmorgun. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins fór á staðinn til að slökkva eldinn og gekk verkið greiðlega. Kassinn eyðilagðist við brunann og var nýr settur upp í staðinn. Ekki er ljóst hvernig eldurinn kom upp.

Rafmagn fór af ljósastaurum við götuna og nokkrum nærliggjandi húsum en starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur höfðu komið rafmagninu aftur á um hádegisbil. - sþs

Forvarnarnefnd Hafnarfjarðar:

# Andvíg áfengi í matvörubúðum

**SVEITARSTJÓRNIR „Bandarísk rannsókn hefur leitt í ljós að auðveldara er fyrir fólk undir lögaldri að fá keypt áfengi í matvöruverslunum og stórmörkuðum en sérstökum áfengisverslunum,“ segir forvarnarnefnd Hafnarfjarðar sem leggst eindregið gegn lagafrumvarpi um sölu áfengis í matvörubúðum.**

**Forvarnarnefndin skorar á bæjarstjórn að samþykkja bókun fjölskylduráðs um að aukið aðgengi að áfengi með afnámi einkasölu sýni aukna neyslu.**

**„Þetta frumvarp stefnir því í þveröfuga átt eftir að náðst hefur mikilvægur árangur í forvörnum gegn notkun áfengis og annarra vímuefna,“ segir í bókun fjölskylduráðs.** - gar

Hæstaréttarlögmaður segir hugarfarið að baki afbrotum annað en þekkst hafi:

# Útlendingar taka yfir fíkniefnaheiminn

**LÖGREGLUMÁL** Skipulögð glæpastarfsemi hefur skotið rótum hér á landi. Þetta segir Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður og bendir á áður óþekkt hugarfar að baki afbrotum hér.

„Þegar landið var opnað fylgdu því ýmsir kostir, en einnig ókostir og þetta er einn af þeim,“ útskýrir hann. Þrír pólskir ríkisborgarar eru nú í farbanni vegna rannsóknar nauðgunarmáls á Selfossi. Tveir litháískir ríkisborgarar sitja í gæsluvarðhaldi vegna nauðgunar í Reykjavík. Þá lýsti lögregla eftir erlendum ríkisborgara í gær vegna rannsóknar á nauðgunarmáli þar sem rúmlega tvítug stúlka er fórnarlamb.

„Ef við tölum um þessar nýjustu nauðganir eru þær eins grimmdarlegar og getur orðið,“ segir Brynjar. „Þarna erum við að ræða um refsingu sem dómstólar geta dæmt allt upp í 8-10 ára fangelsi. Þeir menn sem þarna voru að verki hafa allt aðra hugsun en hér ríkir, til að mynda viðhorf þeirra til kvenna.“

Brynjar segir aukna tíðni útlendinga enn meiri í öðrum brotaflokki en kynferðisbrotunum.

„Þar á ég við fíkniefnabrotin,“ útskýrir hann. „Það sem virðist vera að gerast er að útlendingar eru smátt og smátt að taka yfir fíkniefnaheiminn eins og hefur gerst í öllum helstu borgum Evrópu. Þeir eru miklu skipulagðari í þessum brotum en Íslendingarnir, sem gera þetta nokkuð handahófskennt. Þetta er nýr markaður fyrir glæpastarfsemi og óplægður akur. Ég er ekki viss um að það sé hægt að bregðast við þessu úr því sem komið er.“ - jss




Kjarasamningar í Danmörku:

# Vilja semja fram hjá stjórn

**DANMÖRK Forysta danska alþýðusambandsins, LO, hefur boðið fulltrúum jafnaðarmanna, sósíalista og Danska þjóðarflokksins (DF) til viðræðna með það að markmiði að ná þingmeirihluta fram hjá ríkisstjórn Venstre og íhaldsmanna um launahækkanir til opinberra starfsmanna.**



**HARALD BØRSTING**

**Samanlagt hafa hinir þrír nefndu flokkar 93 sæti á þingi, sem er þremur atkvæðum meira en þarf til að fá lög samþykkt. Með þetta í huga hefur Harald Børsting, forseti LO, boðið fulltrúum flokkanna til sín í næstu viku.**

**Politiken.dk hefur eftir Kristian Thulesen Dahl, talsmanni DF í ríkisfjármálum, að hann kysi frekar samkomulag milli meirihlutaflokkanna.** - aa

Kröfufjármögnun á netinu - einföld og skilvirk lausn

Viðskiptakröfur eru stærsta eign margra fyrirtækja. Með Kröfufjármögnun Landsbankans gefst fyrirtækjum kostur á lántöku gegn veði í viðskiptakröfum með einfaldari hætti en áður.

Ávinningurinn er margþættur. Auðveldara er að fjármagna vöxt fyrirtækisins þar sem rekstrarfé eykst í hlutfalli við aukna sölu. Með bættu fjárstreymi er m.a. hægt að greiða birgjum fyrr og ná fram hagstæðari innkaupum.

**Hafðu samband við fyrirtækjasérfræðing í næsta útibúi eða Þjónustuborð fyrirtækja í síma 410 9191**

www.landsbanki.is

Landsbankinn

ÍSLENSKA SIA.IS LBI 39923 11/07

Hyggst afnema einkaleyfi HÍ:

# Almanakið kemur áfram út

**MENNTUN** Menntamálaráðherra hyggst afnema einkaleyfi Háskóla Íslands til útgáfu almanaks og dagatala. Frumvarp ráðherra var kynnt á fundi ríkisstjórnarinnar í gær. Einkaleyfið var lögfest árið 1921.



**ALMANAK** Fyrsta Almanak háskólans kom út árið 1837.

„Almanak Háskólans heldur áfram að koma út,“ segir Þorsteinn Sæmundsson, stjörnufræðingur og umsjónarmaður Almanaks Háskólans. Um 4.000 eintök hafa selst á ári síðustu ár.

Þorsteinn segir þó óheppilegra ef þetta marki endalok Almanakssjóðsins, sem styrkt hefur ýmis raungreinaverkefni.

Í sjóðinn hafa hingað til runnið gjöld annarra en HÍ vegna útgáfu á dagatölum og almanökum. - bj

DÓMSMÁL

### Bensínþjófur greiði sekt

Karlmaður var dæmdur til að greiða þrjátíu þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs fyrir að stela bensíni að andvirði um fimm þúsund króna í október. Maðurinn dældi bensíninu á Subaru Impreza-bifreið og ók í burtu án þess að greiða fyrir. Hinn ákærði játaði brot sitt fyrir dómi. Auk sektarinnar var manninum gert að borga bensínstöðinni fyrir eldsneytið.

Vinnumarkaður í Finnlandi:

# Útlendingar flykkjast að

**FINNLAND** Erlendum starfsmönnum hefur snarfjölgað í Finnlandi. Á þessu ári er talið að um fjörutíu þúsund erlendir starfsmenn hafi komið til vinnu í Finnlandi og er það fimm þúsund mönnum meira en í fyrra, að sögn Helsingin Sanomat. Búist er við að fjölgunin haldi áfram.

Margir erlendu starfsmannanna eru frá Póllandi og öðrum nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins. Í dag eru um 120 þúsund erlendir starfsmenn í Finnlandi. Talið er að þrír fjórðu þeirra séu frá Rússlandi og Eistlandi. Þeir vinna einkum við iðnað í Finnlandi. **- ghs**

Sögulegar stríðsminjar frá 1942 finnast á Bretlandseyjum:

# P-38-vél birtist í velskri fjöru

**WALES, AP** Áhugamenn um flugminjar úr síðari heimsstyrjöld hafa glaðst mjög yfir því að nú hefur uppgötvast allvel varðveitt flak Lockheed P-38 Lightning-orrustuflugvélar grafið í sand í fjöru í Wales, 65 árum eftir að hún brotlenti þar.

Til stendur að grafa vélina upp úr fjörunni á komandi vori með það fyrir augum að koma henni fyrir á stríðsminjasafni.

Flugvélin er af sömu tegund og vél sem ómældu fjármagni var varið í að bjarga upp úr Grænlandsjökli fyrir nokkrum árum. Um 10.000 P-38 voru smíðaðar, skrokkar um 32 eru til enn svo vitað sé og þar af eru um 10 í flughæfu ástandi. **- aa**



**FLAKIÐ** Útlínur tveggja hreyfla vélarinnar sjást vel á loftmynd af fundarstaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Indverskir milljarðamæringar:

# Heimamaður dregur á Mittal

**INDLAND, AP Lakshmi N. Mittal, indverski stáliðjubaróninn sem búsettur er í Lundúnum, er enn eignamesti maðurinn í hópi indverskra auðmanna, en Mukesh Ambani, sem á meðal annars olíuhreinsistöðvar, dregur hratt á hann samkvæmt nýrri samantekt tímaritsins Forbes um indverska milljarðamæringa.**

**Hraðhækkandi hlutabréfaverð í indversku kauphöllinni og styrking rúpíunnar gagnvart Bandaríkjadal hefur valdið því að auður Ambanis telst hafa meira en tvöfaldast á einu ári. Hann er nú metinn á 49 milljarða dala, en Mittals á 51 milljarð. 54 Indverjar teljast nú eiga milljarð Bandaríkjadala eða meira. - aa**



**LAKSHMI MITTAL** Er talinn eiga 51 milljarð Bandaríkjadala. NORDICPHOTOS/AFP




**FORMAÐUR IPCC** Rajendra Pachauri, formaður IPCC, talar á fundinum í Valencia. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþjóðlega loftslagsskýrslan:

# Samkomulag um samantekt

**SPÁNN, AP** Samningamenn frá um 140 þjóðum samþykktu í gærmorgun, eftir þrotlaust fundahald í Valencia, samantekt á niðurstöðum skýrslu alþjóðlegu sérfræðinganefndarinnar um loftslagsmál, IPCC. Samantekt þessi er talin hafa mikla pólitíska þýðingu, þar sem hún leggur grunninn að viðbrögðum ráðamanna um allan heim við niðurstöðunum.

Eins og áður hefur komið fram er komist að þeirri niðurstöðu að hlýnun loftslags sé staðreynd, hún sé stöðugt að versna og stafi að miklu leyti af gerðum mannanna. Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, mun gera samantektina opinbera í dag, laugardag. **- aa**

## SJÁVARÚTVEGUR

### Nýtt skip á Hornafjörð

Útgerðarfyrirtækið Skinney-Þinganes á Hornafirði hefur fest kaup á uppsjávarveiðiskipi í Skotlandi. Skipið er smíðað í Noregi árið 2000 og er útbúið á tog- og nótaveiðar. Burðargeta þess er um 1.540 tonn í kælitönkum. Skipið er rúmlega 61 metri að lengd og þrettán á breidd. Áætlaður afhendingartími er maí 2008.





**Í ÖXNADAL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, heimsótti fæðingarstað Jónasar Hallgrímssonar í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS





Þórarinn og Sigrún Eldjárn koma í dag kl 15

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

Eru þetta klippurnar úr Þorskastríðinu?



» Þú finnur réttar upplýsingar um þennan hlut á **kokka.is** þar sem þú getur skoðað og keypt jólagjafirnar í ró og næði.

kokka laugavegi 47

Opið mán.- föstud. 10-18 og lau. 10-16 www.kokka.is kokka@kokka.is




**SPRELLAÐ MEÐ HLJÓÐNEMA** Krakkarnir á Seljaborg brugðu á leik á meðan borgarstjóri skoðaði bókina sem honum var færð að gjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Dagur íslenskunnar

**MENNING** Degi íslenskrar tungu var fagnað um land. Í Ráðhúsi Reykjavíkur færðu börn af leikskólanum Seljaborg borgarstjóra bók að gjöf þar sem er að finna ýmsar vangaveltur um lífið og tilveruna í leikskólanum.

Grunnskólanemar voru verðlaunaðir í Borgarleikhúsinu fyrir afburðagóðan árangur í íslensku og veittu Vigdís Finnbogadóttir og Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi börnunum verðlaunagrip eftir Dröfn Guðmundsdóttur myndhöggvara.

Íslenskuhátíð var haldin í Háskóla Íslands og komu þar saman ýmsir fræðingar. Ræddu þeir meðal annars íslensku fyrir útlendinga og stríð um stafsetningu.

Á öðrum stað í Háskóla Íslands opnaði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra nýjan íslenskuvef Stofnunar Árna Magnússonar.

Forseti Íslands tók einnig þátt í degi íslenskrar tungu og færði grunnskólanemum í Þelamerkurskóla nýja bók Böðvars Guðmundssonar um Jónas Hallgrímsson, sem Menningarfélagið Hraun í Öxnadal gefur öllum nemendum 10. bekkjar í grunnskólum landsins. Þá opnaði forseti minningarstofu um skáldið og náttúrufræðinginn Jónas Hallgrímsson á fæðingarstað hans, Hrauni í Öxnadal.

eva@frettabladid.is



**ALLIR FENGU BÆKUR** Forseti Íslands færði öllum 10. bekkingum í Þelamerkurskóla nýútkomna bók Böðvars Guðmundssonar um ævi Jónasar Hallgrímssonar að gjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS



**ÍSLENSKUVERÐLAUN** Nær hundrað grunnskólanemar fengu verðlaun fyrir góðan árangur í íslensku. Verðlaunin afhentu Vigdís Finnbogadóttir og Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**SKJALDBORG UM FORSETANN** Nemendur í Þelamerkurskóla hófu fána á loft til heiðurs forsetanum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS



**SUNGIÐ VIÐ HAMRAHLÍÐ** Hamrahlíðarkórinn söng ljóð Jónasar Hallgrímssonar í Menntaskólanum við Hamrahlíð í gær. Þorgerður Ingólfsdóttir stjórnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.


ANNAR Í OPNUN!
JUST 4 KIDS
590 kr./stk.
Pirates of The Caribbean
Margar gerðir.
1.980 kr.
Baby Born dúkkan
Dúkka og fjöldi aukahluta.
Aðeins 32 stk. í boði
1.980 kr.
Baby born kerran
Allir út að labba með Baby Born.
Aðeins 150 stk. í boði.
1.790 kr.
Eldhússett
Allt í eldamennskuna, 62 hlutir.

Hringbrot

# ...ekki bara leikföng!

## Líka t.d. barnaföt frá Cintamani, Babyface, Henson & Lego.



**19.900 kr.**

**Bílarúm – Rauður sportbíll**
Vertu úti að aka í svefni.



**2.980 kr.**

**Hot Wheels bílabraut**
1 bíll fylgir.

## Ís í brauði 30 kr. Alla helgi!




**25% afsláttur**

**Eðlilegt lágvöruverð: 1.990 kr.**
**Stjörnurnar syngja fyrir börnin CD**
Gísli Rúnar, Magni, Ómar Ragnarsson og fleiri stjörnur syngja þekkt barnalög.




**1.880 kr.**

**Petshop leiksett**
Dýr og aukahlutir.



**1.990 kr.**

**Fisher price snigill**
Snigill sem syngur, með formum til að raða í.






Just4Kids er risastór ævintýraveröld með leikföng, barnahúsgögn, barnaföt og ungbarnavörur.

**www.just4kids.is**

## Fjölbrautaskólinn í Breiðholti



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti býður mjög fjölbreytt nám: bóknám, listnám, iðnnám/starfsnám.

Bóknám leiðir til stúdentsprófs og er undirbúningur fyrir háskólanám.

Listnám er undirbúningur fyrir frekara listnám, arkitektúr og annað framhaldsnám.

Markmið iðnnáms/starfsnáms er að undirbúa nemendur fyrir störf í ýmsum greinum atvinnulífsins, veita sérhæfð starfsréttindi og/eða undirbúning fyrir frekara nám.

**Bóknám til stúdentsprófs**
Félagsfræðabraut
Málabraut
Náttúrufræðibraut
Viðskipta- og hagfræðibraut
Upplýsinga- og tæknibraut
Þriggja ára náttúrufræðibraut

**Listnámsbrautir**
Myndlistarkjörsvið
Textíl- og hönnunarkjörsvið

**Löggilt iðnnám**
Húsasmíðabraut
Rafvirkjabraut
Snyrtibraut

**Löggilt starfsnám**
Sjúkraliðabraut
Sjúkraliðabrúin

**Eins til tveggja ára starfsnám**
Grunnnám rafiðna
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina
Handíðabraut
Íþróttabraut
Viðskiptabraut

**Almenn námsbraut**

**Starfsbraut**

**Með viðbótarnámi er hægt að ljúka stúdentsprófi af öllum brautum.**

## Innritun á vorönn 2008

í dagskóla FB stendur yfir. Hægt er að innrita sig rafrænt á netinu eða koma á skrifstofu skólans á virkum dögum frá kl. 09:00-15:00.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600
Símbréf 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is
**www.fb.is**


## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
7.220 **-1,45%**

**Fjöldi viðskipta:** 559
**Velta:** 5.781 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **MAREL** | 1,04% | **ATLANTIC PETROL.** | 9,03% |
| **ICELANDAIR** | 1,03% | **KAUPÞING** | 2,44% |
| | | **CENTURY ALUMIN.** | 2,34% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,28 -0,19% ... Bakkavör 58,60 -0,68% ... Eimskipafélagið 38,40 -0,90% ... Exista 29,00 -2,03% ... FL Group 22,10 -0,23% ... Glitnir 25,75 -0,58% ... Icelandair 24,50 +1,03% ... Kaupþing 959,00 -2,44% ... Landsbankinn 38,70 -2,03% ... Straumur-Burðarás 16,95 -1,17% ... Össur 99,80 -1,19% ... Teymi 6,44 -0,62%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## SPRON til Berlínar



**GUÐMUNDUR HAUKSSON** Sparisjóðsstjóri SPRON

SPRON Verðbréf, dótturfélag SPRON hf., hefur ásamt íslenskum fjárfestum keypt 430 íbúðir í miðborg Berlínar og fjörutíu þúsund fermetra á öðrum svæðum fyrir samtals fimm og hálfan milljarð króna. Er búið að opna skrifstofu í höfuðborg Þýskalands sem hefur það hlutverk að veita ráðgjöf og annast fjárfestingar í fasteignum og fyrirtækjum í Þýskalandi og nærliggjandi löndum.

Í tilkynningu frá SPRON kemur fram að verkefnin þar verði unnin í samvinnu við fyrirtækjaráðgjöf SPRON Verðbréfa á Íslandi og í Berlín. Kristján Guðmundsson hefur verið ráðinn til SPRON Verðbréfa í Berlín og mun hann leiða fasteignahluta starfseminnar. *- bg*

## Vörusala minnkaði



**BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON**

Vörusala Icelandic Group dróst saman um ellefu prósent á þriðja ársfjórðungi 2007 miðað við sama tímabil í fyrra. Mest dróst salan saman í Bretlandi, um 14,3 prósent. Þetta er verulega undir áætlun stjórnenda.

Icelandic tapaði rúmum 2,5 milljónum evra, jafnvirði rúmra 220 milljóna íslenskra króna, á fjórðungnum samanborið við 953 þúsund evra hagnað í fyrra. Félagið tapaði á fyrstu níu mánuðunum 346 þúsund evrum en hagnaðist um 3,3 milljónir evra fyrstu níu mánuðina 2006.

Afkoman er nokkuð undir væntingum greiningadeilda bankanna, sem reiknuðu með á bilinu fjögurra til fimm milljóna evra hagnaði á þriðja fjórðungi. Jafngildir það 350 til 440 milljónum íslenskra króna.

Verðmæti hluta Icelandic í öðrum félögum var uppfært um 13,8 milljónir evra á árinu. Fjármagnskostnaður það sem af er árinu nemur tæpum 32 milljónum króna það sem af er árinu samanborið við 22 milljónir í fyrra.

Haft er eftir Björgólfi Jóhannssyni, forstjóra Icelandic, í fréttatilkynningu að hagræðing innan félagsins muni ekki koma til fullra áhrifa fyrr en í upphafi næsta árs. Mörg félög Icelandic sýni bættan rekstur. Þær einingar sem hafi valdið vonbrigðum séu í sölumeðferð eins og Pickenpack. Markmiðið er að skerpa áherslur í rekstrinum og lækka skuldir.

„Í hönd fer sterkasti fjórðungur í rekstri félagsins. Við teljum að rekstur félagsins í [Bandaríkjunum] og Asíu muni ganga vel á síðasta fjórðungi ársins og í samræmi við áætlanir. Með sölu á Icelandic Holding Germany mun rekstur eininganna í Evrópu skila betri afkomu," segir í tilkynningunni. *- bg*

## Reiknuðu með betri afkomu

Færeyska olíuleitarfélagið Atlantic Petroleum tapaði tæpum 11,2 milljónum danskra króna, jafnvirði 132,5 milljóna íslenskra króna, á þriðja ársfjórðungi. Þetta er tæplega fimm sinnum meira tap en á sama tíma í fyrra og nokkru meira en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Í tilkynningu frá félaginu kemur fram að rekstrartap á fjórðungnum hafi numið 3,5 milljónum danskra króna samanborið við 2,6 milljónir á sama tíma í fyrra. Þetta er nokkurn veginn í samræmi við áætlanir þótt rekstrarkostnaður hafi reynst ívið meiri en reiknað var með sökum gengismunar. *- jab*

## Eftirlit hert

Bandarískir þingmenn samþykktu á fimmtudag frumvarp sem felur í sér hert eftirlit með bandarískum fasteignalánafyrirtækjum. Horft er til þess að koma í veg fyrir að fjármálakreppa í tengslum við undirmálslán vestanhafs endurtaki sig.

Rót kreppunnar liggur í auknum vanskilum á svokölluðum undirmálslánum, sem veitt eru einstaklingum með lélegt lánshæfi og litla greiðslugetu. Í frumvarpinu kemur meðal annars fram að lánafyrirtæki þurfi að tryggja að lántakendur geti greitt af lánum sínum. *- jab*


# Álfar og drekar

Ný bók um Benedikt búálf og vini hans í Álfheimum.

Hér þurfa félagarnir að berjast við hættulegasta dreka Álfheima.

Áttunda bókin um þessar vinsælu persónur eftir Ólaf Gunnar Guðlaugsson.




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



NAOMI
CAMPBELL
Eternal
Beauty
NAOMI
CAMPBELL
Eternal
Beauty
EAU DE TOILETTE
NAOMI
CAMPBELL
The New fragrance from Naomi Campbell

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hagfræðitilraun frá 2001:

## Hvenær lýkur henni?

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Aðalhagfræðingur Seðlabankans sagði nýlega í afar skarpri grein í Morgunblaðinu að sjálfstæða peningastefnu og fljótandi gengi fyrir jafn lítið land og Ísland mætti kalla hagfræðilega tilraunastarfsemi. Bjargföst skoðun hans var þó sú að tilrauninni væri ekki lokið.

Gagnstæð sjónarmið koma fram hjá framkvæmdastjóra atvinnulífsins í Fréttablaðinu í gær. Hann segir að nauðsynlegt sé að breyta samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans um verðbólgumarkmið, eigi atvinnulífið að standa undir núverandi launakostnaði og komandi kjarasamningum.

Svar framkvæmdastjóra Alþýðusambandsins er að tilslökun um verðbólgumarkmið þýði lækkun vaxta, sem aftur hefði í för með sér gengislækkun með þar af leiðandi hækkun á innflutningsverði. Það sætti verkalýðsfélögin sig ekki við.

Hér lýstur saman tveimur gagnstæðum sjónarmiðum. En þau hverfast um stefnuna í peningamálum sem ákveðin var árið 2001. Seðlabankinn fékk þá aukið sjálfstæði til þess að beita aðgerðum í peningamálum í þeim tilgangi að tryggja stöðugleika. Ríkisstjórnin og Seðlabankinn settu sameiginlega niður 2,5 prósenta verðbólgumarkmið.

Frá því þessar ákvarðanir voru teknar hefur verðbólga sveiflast á milli þess að vera 1,6 og 9,4 prósent. Verðbólgan hefur því að meðaltali verið næstum tvöfalt meiri en að var stefnt. En sveiflurnar hafa eðlilega valdið meiri erfiðleikum en meðaltalið.

Engir góðir kostir eru í stöðunni. Ekki verður séð að nokkur rök standi til að taka aftur upp svokallaða fastgengisstefnu. Þó að horfið yrði frá skilgreindu verðbólgumarkmiði stæði eftir krafa á Seðlabankann um að beita því eina vopni sem hann ræður yfir til þess að stuðla að stöðugleika.

Þriðji kosturinn er sá að slaka á stöðugleikakröfunni og ákveða hærra verðbólgumarkmið. Sá kostur hlýtur þó að vera þung þraut hvort heldur horft er á viðfangsefnið frá pólitísku sjónarhorni eða hagfræðilegu.

Helsti rökstuðningurinn fyrir sjálfstæðri mynt hefur verið sá að henni mætti beita í ljósi breytilegra hagsmuna hefðbundinna útflutningsframleiðslugreina. En spurningin er sú hvort aðstæður í þjóðarbúskapnum hafi ekki breyst þannig að sjávarútvegurinn væri betur settur með evru með því að nýríku vaxtargreinarnar eiga auðveldara með að laga sig að alþjóðahagkerfinu.

Aðalhagfræðingur Seðlabankans komst að þeirri niðurstöðu í Morgunblaðsgrein sinni að kostirnir í þessu efni virtust bara vera tveir: Annaðhvort verðbólgumarkmið með fljótandi gengi eða alger gjaldmiðlasamruni. Margt bendir til að þetta sé í raun og veru sá veruleiki sem þjóðin stendur frammi fyrir.

Í því ljósi hlýtur umræðan að snúast um það álitaefni hvenær hagfræðitilraunin frá 2001 telst vera fullreynd. Engum blandast hugur um að hún var bæði rökrétt og eðlileg á sínum tíma. Spurningin er bara sú hvort ætla megi að hún komist af tilraunastiginu til þess að duga inn í framtíðina sem það hagfræðilega vopn sem tryggi betri stöðugleika en verið hefur.

Segja má sem svo að sverð Seðlabankans hafi verið of stutt. Hann hefur því réttilega gengið feti framar í baráttunni eftir því sem sú staðreynd hefur verið augljósari. Að því getur þó komið að vænlegra þyki að skipta um sverð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### En alla hina dagana?

Allir urðu miklir íslenskumenn í gær, og var haft á orði að fólk hefði „óverdósað" á Jónasi, svona í tilefni dagsins. Sum kvikmyndahúsin þýddu meira að segja titla kvikmynda í tilefni dagsins. Miðað við útkomuna yrði það greinilega lítið mál að þýða þessa titla alla daga ársins, því í nær öllum tilfellum var litlu til kostað. Hversu erfitt er að þýða Mr. Woodcock sem Hr. Woodcock eða Rogue Assassin sem Rogue leigumorðingi? Þýddi titillinn sem stóð upp úr var Borðtennisbull, sem væntanlega nær bæði að lýsa titli og anda myndarinnar fullkomlega.



### 200 ára gamall

Hamrahlíðarkórinn söng „Hann á afmæli í dag" þegar gestir komu sér fyrir á tónleikum í gær af tilefni þess að tvö hundruð ár voru liðin frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar. En margir eru ósáttir við það að tala um þann dag sem afmælisdag, enda Jónas ekki það furðuverk að vera tvö hundruð ára gamall. Eyþór Arnalds tók í sama streng og Hamrahlíðarkórinn á bloggsíðu sinni í gær, þar sem hann sagði „til lukku með árin 200". Var hann að óska Jónasi til lukku með aldirnar tvær?

### Bara 150 ára

Fimmtíu árum eftir fæðingardag Jónasar fæddist Jón Sveinsson, eða Nonni, á Möðruvöllum í Hörgárdal. Það hefði því verið hægt að byggja upp jákvæðan samkeppnisanda á milli íbúa í Hörgárdal og Öxnardal; á milli Nonnamanna og Jónasarmanna, þar sem keppst væri um hver ætti besta skáldið. Það fór þó ekki svo, heldur týndist fæðing Nonna í Jónasardeginum. Væntanlega hugsuðu ekki mikið fleiri en Zontakonur á Akureyri og aðstandendur Nonnahússins til Pater Jóns og verka hans í tilefni dagsins. Það er kannski ekki nógu fínt á degi íslenskrar tungu að halda á lofti nafni manns sem skrifaði á þýsku.



svanborg@frettabladid.is

# Frelsi handa öllum



SVERRIR JAKOBSSON

**Í DAG** | Frelsi

Nú á dögum eiga að vera miklir frelsistímar. Allir vilja kenna sig við frelsið, ekki síst þeir sem fara með völdin og ráðskast með hag okkar hinna. Það er vinsælt slagorð stjórnmálamanna að þeir stefni að því að minnka eigin völd, en það er þó ekki annað en slagorð. Þvert á móti seilist samfélagið inn á mörg þau svið sem áður tilheyrðu einkalífinu. Skólakerfið er hluti af lífi barna frá 1-2 ára aldri þegar þau byrja að ganga í leikskóla. Eftir það fara flestar athafnir einstaklings fram á sviði samfélagsins og á hverjum degi þarf hann að eiga við ótal opinberar stofnanir.

Samt finnst okkur við lifa á frelsistímum og kannski er það rétt. Kannski er það ekki annað en heimskuleg goðsögn að frelsi okkar minnki við það að samfélagið sé til staðar á sem flestum sviðum. Er það kannski frelsisskerðing að börn gangi í leikskóla? Því var einu sinni haldið fram, eins og Halldór Laxness lýsir ágætlega í Atómstöðinni. Þá þóttu „vöggustofur" vera kommúnismi. En tímarnir breytast og núna finnst víst fáum leikskólavist barna grafa undan góðum siðum.

### Gamli tíminn

Hið opinbera hefur ekki alltaf verið svona athafnasamt. Í fábrotnum sveitasamfélögum fyrri alda voru einstaklingarnir frjálsari en núna að því leyti að þeir rákust ekki oft á dag á fulltrúa almannavaldsins. Skattbyrði fólks var líka sérlega létt miðað við það sem fólk greiðir til hins opinbera nú á dögum. Fólk var ekki endilega sælla fyrir það – fæstir bjuggu á eigin jörðum og þorri fólks var settur undir húsaga heimilisföðurins. Frelsi felst ekki endilega í því að losna við hið opinbera því að alltaf verða einhverjir til að taka að sér hlutverk kúgarans.

Það felst því ákveðin þversögn í því þegar fólk segist vilja auka frelsið með því einu að minnka opinber afskipti og þá sérstaklega með því að lækka skatta. Í því felst afturhvarf til fyrri tíma sem voru ekki endilega frelsistímar. Ef við vildum virkilega breyta til og auka frelsið ættum við frekar að ganga á hólm við aðra arfleifð fortíðarinnar – húsagahugsunarháttinn.

Yfirvöld fyrri tíma voru ekkert sérlega ágjörn á skattfé fólks en þau voru því afskiptasamari um einkalíf þess. Ein af birtingarmyndum þess var ítarleg löggjöf um hjúskaparform – hverjum mætti giftast og hverjum ekki. Nú má velta því fyrir sér hvað það kemur samfélaginu við hvernig fólk kýs að haga sínu heimilishaldi og með hverjum það vill búa. En þetta var ein leið yfirvalda til að aga fólk og halda því hlýðnu.

### Frelsi til einkalífs

Núverandi hjúskaparlög eru leif úr fortíðinni þar sem m.a. er tekið fram að hjónaband geti einungis verið á milli karls og konu. Þessi löggjöf endurspeglar ekki þann veruleika sem við búum við núna. Allir vita að hjón þurfa ekki endilega að vera karl og kona; þau geta verið karl og karl eða kona og kona. Og hvers vegna eiga þá lögin ekki að taka mið af því? Þessu vilja nokkrir þingmenn breyta og núna liggur fyrir þinginu frumvarp um að hjónaband eigi að vera á milli tveggja einstaklinga án tillits til kynferðis. Þetta er líklega þarfasta málið sem tekið verður fyrir á alþingi næsta vetur.

Samt verður maður var við að þetta frumvarp fer í taugarnar á ýmsum sem finnst þessar réttarbætur til óþurftar. Upp rís fólk sem finnst það verra ef skilyrðin til hjúskapar eru rýmkuð. Þetta er furðuleg afstaða í ljósi þess að hjónabönd okkar sem fáum núna að kalla okkur hjón verða ekki ögn léttvægari eða minna virði þótt aðrir öðlist sömu réttindi. Þetta frumvarp er raunar sjaldgæft dæmi um það að hægt er að auka réttindi eins án þess að það komi á nokkurn hátt niður á öðrum. Það er ekki oft að stjórnmálamenn hafa tækifæri til þess en ég get ekki ímyndað mér annað en að þeir fagni því. Ég reikna fastlega með því að frumvarpið fái staðfestingu þingsins með 63 samhljóða atkvæðum.

Ef við trúum því að núna séu frelsistímar hlýtur frelsi lögráða einstaklinga til að haga sínu einkalífi eftir eigin dómgreind að koma þar fyrst. Núna er tækifæri alþingismanna til að sýna að þeir meini eitthvað með frelsishjalinu.

# Tölfræðitjónið af húsnæðislið

UMRÆÐAN

Vísitala neysluverðs



FRIÐRIK JÓNSSON

Hinn séríslenski húsnæðisliður vísitölu neysluverðs skaðar íslenskt efnahagslíf og á ríkan þátt í vítahring skuldaaukningar og verðbólgu.

Fréttatilkynning Hagstofunnar um vísitölu neysluverðs í nóvember kristallar þessa staðreynd, en þar segir: „Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 5,2% en vísitala án húsnæðis um 1,9%."

Afleiðing þess að telja verðhækkun á húsnæði beint í vísitölu neysluverðs er að verðbólga mælist hærri en hún er í raun og veru. Samsetning vísitölunnar felur þannig í sér innbyggðan hvata fyrir lánastofnanir að lána meira og leiðir beint til aukinna vaxtatekna þeirra í krafti verðtryggingarinnar, en aukin lán hafa verðhvetjandi áhrif á fasteignamarkaði. Þessi hvati leiðir síðan af sér meiri þenslu og meiri viðskiptahalla.

Vaxtahækkanir Seðlabankans verða þannig ekki í samræmi við efnahagslegan raunveruleika. Án húsnæðisliðarins væri verðbólgan vel innan verðbólgumarkmiðs, skammtímavextir lægri og gengi krónunnar lægra. Það hefði aftur letjandi áhrif á lánastefnu fjármálastofnana, drægi úr peningamagni í umferð og myndi hjálpa til við að draga úr viðskiptahalla. Tölfræðitjónið sem unnið er á íslensku hagkerfi vegna þeirrar þráhyggju að telja húsnæði með þeim hætti sem gert er byggir á röksemdafærslu sem hvorki getur talist góð hagfræði né góð tölfræði. Blandað er saman eðlisóskyldum tölum í útreikningum. Húsnæðisliður vísitölu neysluverðs ætti frekar að byggja á vogun fjármögnunarkostnaðar húsnæðis og húsaleigu. Enda eru leiga og afborganir lána greiddar mánaðarlega, en húsnæðiskaup eru fjárfestingar sem þorri almennings ræðst í einu sinni til tvisvar um ævina. Skýringin er væntanlega sú að þegar Íbúðalánasjóður og forveri hans Húsnæðisstofnun sátu ein að húsnæðislánamarkaði var aðgengi að húsnæðislánum takmarkað og hámarkslán fastsett og breyttust lítið. Allan tíunda áratug síðustu aldar stóð húsnæðisverð að mestu í stað og varð þessi liður í vísitölunni til þess að sýna verðbólgu lægri en hún var í raun og veru. Reddari gærdagsins hefur þannig snúist í andhverfu sína. Aftenging vísitölu húsnæðisverðs úr almennri neysluvísitölu er því orðin brýnt hagsmunamál.

*Höfundur er formaður Framsóknarfélagsins á Akranesi.*

# Ný leið til sátta um barnsins besta

UMRÆÐAN
Sáttamiðlun



INGIBJÖRG BJARNARDÓTTIR

Síðastliðinn sunnudag sótti ég ráðstefnu Félags um foreldrajafnrétti, sem fjallaði um réttindi barna við skilnað. Ráðstefnan var fjölmenn og fróðleg í alla staði.

Frummælendur fjölluðu um hina margslungnu þætti sem lúta að velferð íslenskra barna og leiðir til betra samfélags. Af framsöguerindi Jóhönnu Sigurðardóttur, félagsmálaráðherra, var ljóst að margt er enn ógert, en ef stjórnvöldum tekst að skapa foreldrum í dag aukið svigrúm frá daglegu brauðstriti til að sinna uppeldisskyldum sínum og jafnan rétt foreldra og barna til samveru má vænta góðs af uppalendum framtíðarinnar.

**Barnalög kristalli gildismat**

Hvatinn að hugrenningum mínum er efni ávarps hr. Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta. Hann kom inn á að löggjöfin mætti þörfum samfélagsins þegar ný gildi hefðu náð almennri sátt og útbreiðslu meðal fólks. Í framsöguerindi sínu gerði Dögg Pálsdóttir, hrl. og varaþingmaður, grein fyrir að breytt sýn á hlutverk foreldra og skyldur gagnvart börnum sínum kallaði á breytingar á barnalögum.

Barnsins besta er grundvallar siðferðilegt sjónarmið samtímans. Það sjónarmið gerir kröfu um endurskoðun barnalaga í samræmi við ríkjandi siðferðisgildi á hverjum tíma. Barnalög eiga að kristalla viðtekið gildismat og manngildi. Áður fyrr kvörtuðu einstæðar mæður yfir því að forsjárlausir feður gleymdu börnum sínum eftir samvistarslitin og létu sig hverfa úr lífi þeirra, en í dag kvarta foreldrar eftir skilnað yfir því að fá ekki að taka jafnan þátt í lífi barna sinna. Nú er krafan að foreldrum gefist jöfn tækifæri til að axla ábyrgð gagnvart börnum sínum eftir samvistaslit. Frumvarp Daggar er skýrt dæmi um þessa þróun. Efni frumvarpsins styðst við vaxandi sjónarmið fólks um að foreldrar eigi að bera jafna foreldraábyrgð þrátt fyrir skilnað og gefast kostur á að taka virkan þátt í daglegu lífi barna sinna. Það sé börnum fyrir bestu.

Markmið frumvarpsins er gott og vonandi nær það fram að ganga. En er tíminn kominn fyrir svo víðtæka samvinnu foreldra þegar horft er til þess hve algengt er að þau deili hatrammlega um málefni barna sinna? Flestir þekkja af eigin reynslu, úr fjölskyldu eða vinahópi, að við samvistarslit fólks losna erfiðar tilfinningar úr læðingi, oft heiftarlegar. Hver kennir hinum um að eiga sök á því hvernig komið er. Ásakanir ganga á víxl, heiftin oft svo mikil að hefnd er eina markmiðið. Börnin eru þá notuð sem vopn í tilfinningalegu uppgjöri foreldranna þótt svo sé látið heita að deilt sé um barnsins besta. Sérfræðingar sem koma að málefnum foreldra á þessu stigi þekkja munstrið vel og vita að mikið átak þarf til að skynsemi, raunsæi og rökhugsun komist að. Það er því ærin ástæða að velta því fyrir sér hvort líklegt sé að einhver breyting verði á atferli fólks ef löggjafinn samþykkir fyrirhugaða breyting á barnalögum? Svarið er nei.

Svarið getur orðið já – ef löggjafinn færir foreldrum leið framhjá pyttinum. T.d. með því að alþingismenn setji nú við endurskoðun barnalaga inn ákvæði um sáttamiðlun. Ákvæði sem hvetur foreldra til að leita sátta áður en leitað er eftir úrlausn sýslumanns eða dómstóla.

Sáttamiðlun byggir á þeirri hugmyndafræði að deilendur almennt séu best til þess fallnir að leysa deilu sína sjálfir því þeir séu sérfræðingar í deiluefninu.

**Hvað er sáttamiðlun?**

Sáttamiðlun er aðferð til lausnar ágreiningi sem foreldrar taka sjálfviljugir þátt í, í fyllsta trúnaði, með hjálp óháðs og hlutlauss sáttamanns, eins eða fleiri. Með þátttöku í sáttamiðlun, sem er skipulagt ferli gagnkvæmra tjáskipta undir leiðsögn og hvatningu sáttamanns, geta foreldrar í flestum tilvikum fundið lausn á deilu um framtíð og aðstæður barna sinna og komist að samkomulagi sem þeir telja viðunandi og framkvæmanlegt fyrir börnin og þá sjálfa.

*Með dómi verður niðurstaðan óhjákvæmilega sú að annar aðilinn vinnur en hinn tapar. Með sáttamiðlun tapar enginn, báðir vinna.*

Sáttamiðlun felst m.a. í því að sáttamaður leiðir tjáskipti foreldra gegnum fyrirfram ákveðin þrep. Ferlið gefur foreldrum möguleika á að gera hvort öðru grein fyrir sjónarmiðum sínum, hagsmunum, þörfum, særindum, væntingum og vonbrigðum og þannig skapa aðstæður fyrir einlægari og opnari viðræður en í dómsmáli. Orðun þessara þátta gefur foreldrum kost á að vinna úr erfiðum tilfinningum og öðlast innsæi um að veruleikinn getur verið margvíslegur og sannleikurinn ekki einhlítur.

Sáttamaður á engan þátt í samkomulaginu annan en að aðstoða aðila við að ræða saman, spyrja þá spurninga sem hjálpa foreldrunum að horfa til framtíðar með þarfir barna sinna að leiðarljósi. Foreldrar velja sjálfir að taka þátt í sáttaumleitun óháðs sáttamanns og hvort þeir vilja ljúka málinu með samkomulagi og hvers efnis það er.

Sáttamaður tekur ekki ákvörðun um lausn málsins né á þátt í því með ráðgjöf eða tillögum því þá er ekki um sáttamiðlun að ræða. Með því væri ábyrgðin á lausn málsins tekin frá foreldrunum.

Sáttamaður hefur háskólanám sem grunnmenntun auk þess að hafa fengið þjálfun og lokið námi í sáttamiðlun á vegum Sáttar – félags um sáttamiðlun. Sjá nánar www.satt.is

Skorað er á löggjafann og stjórnvöld að beita sér fyrir nýrri leið til lausnar ágreiningi. Foreldrum og öðrum deilendum gefist kostur á að leysa ágreiningsmál sín með sáttamiðlun áður en leitað er úrlausnar hjá dómstólum. Með dómi verður niðurstaðan óhjákvæmilega sú að annar aðilinn vinnur en hinn tapar. Með sáttamiðlun tapar enginn, báðir vinna.

*Höfundur er lögmaður og sáttamaður, formaður Sáttar – félags um sáttamiðlun.*

STÓRÚTSALA
- eins og þær gerast bestar
að Fosshálsi 9-11

30-90% afsláttur
af öllum húsgögnum til laugardagsins 17. nóv




Þú hefur sjaldan séð eins frábært verð á jafn góðri vöru

Renndu við og gerðu frábær kaup
- leiðin er greið að Fosshálsi 9-11
Opið frá 13-18

Penninn - auðveldar vinnuna




## MAÐUR VIKUNNAR

# Ljúflingurinn sem datt í lukkupottinn

Harry Potter og dauðadjásnin, sjöunda og jafnframt síðasta bókin um galdrastrákinn Harry Potter, kom í íslenskar bókaverslanir á fimmtudag. Útgáfudagurinn var sjálfsagt engin tilviljun. Snæbjörn Arngrímsson, forleggjari hjá Bjarti sem gefur út bókaflokkinn, á einmitt afmæli 15. nóvember og varð 46 ára í ár.

Snæbjörn er prestssonur og á það sammmerkt með systkinum sínum að öll hneigjast þau til lista og bókmennta; Hafliði bróðir hans er leikhúsmaður en Kristín systir hans vinnur á bókasafni og er listakona. Menningu var haldið mátulega að þeim systkinum á heimili þeirra í æsku en rík áhersla var lögð á menntun, án þess þó að þau væru beitt óhóflegri pressu. Fjölskyldan flutti til Reykjavíkur þegar Snæbjörn var ungur. Hann var glaðlynt barn sem lítið þurfti að hafa fyrir. Hann þótti svo sem ekki bókhneigðari en önnur börn en varði flestum stundum í íþróttaiðkun, aðallega handbolta og fótbolta þar sem hann stóð á milli markstanganna hjá Fram. Hann spilar enn fótbolta, hefur reyndar fært sig fram í vörnina. Snæbjörn þykir afskaplega geðgóður maður en sýnir hins vegar á fótboltavellinum að hann hefur ríkt keppnisskap.

Eftir að hafa lokið stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð lagði Snæbjörn land undir fót og settist á skólabekk í Freiburg í Þýskalandi og ætlaði að læra sálfræði. Hann lauk því námi þó ekki en síðar skráði hann sig í Háskóla Íslands og lauk BA-gráðu í bókmenntafræði. Snæbjörn stóð að bókmenntatímaritinu Bjartur og Frú Emilía sem síðar varð að bókaforlaginu Bjarti, sem hefur frá upphafi lagt áherslu á þýddar og frumsamdar fagurbókmenntir. Upphaflega var forlagið rekið af hugsjón einni saman. Snæbjörn er sagður þriggja manna maki í vinnu, hann allt í senn þýddi bækur, braut um og hannaði kápur.

Snæbjörn er sagður hugsjónamaður í bókaútgáfu. Hann hefur aftur á móti sýnt – þótt hann beri það ef til vill ekki með sér – að hann er slyngur „bisnessmaður“, til dæmis þegar hann tryggði forlaginu útgáfuréttinn að bókunum um galdrastrákinn Harry Potter. Fyrsta bókin sló í gegn svo um munaði og allar götur síðan hafa bækurnar, ásamt bókum Dan Brown, verið gullkálfur fyrir Bjart sem og gert forlaginu kleift að gefa út fagurbókmenntir sem fer ekki jafn mikið fyrir á vinsældalistunum. Snæbjörn fagnar því hins vegar að bækur J.K. Rowling og Dans Brown hafi virkjað allstóran hóp fólks, ekki síst barna, til að lesa meira.

Samstarfsmenn Snæbjörns bera honum vel söguna. Vandamálin eru að hans mati til að leysa þau. Hann nýtur líka mikils trausts höfunda innan vébanda forlagsins, sem segja hann heiðarlegan fram í fingurgóma. Náin samstarfskona telur að lýsingarorðið „framarlega“ eigi best við Snæbjörn og en orð eins og bjartsýni, glaðlyndi og gamansemi eru iðulega nefnd þegar þeir sem til þekkja eru beðnir að lýsa Snæbirni. Fæstir hafa helstu lesti hans á hraðbergi, þó er nefnt að hann eigi til að vera óstundvís og færist stundum fullmikið í fang. Fáir geti haldið jafn mörgum boltum á lofti og Snæbjörn og hann láti annríki sitt aldrei bitna á öðrum.

Þótt bókaflokkurinn um Harry Potter sé á enda kominn horfir Snæbjörn björtum augum fram á veginn. Sjálfur segist hann leggja áherslu á að gefa fyrst og fremst út bækur sem honum finnist skemmtilegar; það sé hins vegar vís leið til glötunar að veðja eingöngu á mögulegar metsölubækur.

### SNÆBJÖRN ARNGRÍMSSON



### ÆVIÁGRIP

Snæbjörn Arngrímsson er fæddur 15. nóvember 1961 á Odda á Rangárvöllum. Foreldrar hans eru séra Arngrímur Jónsson og Guðrún Hafliðadóttir, sem er látin. Snæbjörn er yngstur þriggja systkina, Hafliði er elstur og Kristín í miðið. Um miðjan sjöunda áratuginn flutti fjölskyldan suður til Reykjavíkur, í Álftamýrina nánar tiltekið, en séra Arngrímur var lengi sóknarprestur í Háteigskirkju. Snæbjörn lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð, síðar BA-prófi í bókmenntafræði frá Háskóla Íslands. Upphaflega stóð hann að útgáfu tímaritsins Bjartur og Frú Emilía sem síðar þróaðist út í bókaforlagið Bjart. Síðar hóf forlagið útrás á Norðurlöndum undir nafninu Hr. Ferdinand. Snæbjörn býr í Kaupmannahöfn þar sem hann stýrir skrifstofum forlagsins í Danmörku og Noregi. Kona hans er Susanne Torpe, en hún er einnig framkvæmdastjóri Hr. Ferdinand. Saman eiga þau tvö börn en Snæbjörn á þrjú börn frá fyrra sambandi.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Lét drauminn rætast og keypti sér bóndabýli í Púglíu á Ítalíu og gerðist ólífubóndi.

### HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Hans helsti galli væri líklega að hugsa alltaf síðast um sjálfan sig en hann setur yfirleitt alltaf einhvern annan en sjálfan sig í fyrsta sætið.“
Jón Karl Helgason samstarfsmaður í DV 21. desember 2004.

### HVAÐ SEGIR HANN?

„Þegar ég keypti réttinn að Harry Potter var þetta óþekkt bók. Ég man að ég var á bensínstöð þegar ég rak augun í forsíðugrein um Harry Potter í Time. Þá vissi ég að þetta var eitthvað merkilegt.“ Í Fréttablaðinu 12. mars 2007.



Öndvegi

HÚSGAGNAVERSLUN

# Þökkum frábærar móttökur við opnun Öndvegis á nýjum stað

Verðum með opið alla sunnudaga til jóla frá kl. 13-16.





HEIMA HÚSIÐ

mood
heima
Öndvegi
BÚUM BETUR
HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 30 • Sími 568 4242 • www.heimahusgogn.is • heima@heimahusgogn.is

**OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 LAUGARDAGA 11-16 SUNNUDAGA (til jóla) 13-16**

# Grafarþögn

Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er lesendum boðið að stinga sér til sunds í jólabókaflóðið. Sagt er frá velskrifandi verslunarstjóra, rætt um vændishús, tíðaranda, stjórnmálasögu lýðveldisins og bent á augljósa staðreynd.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGUR, 9. NÓVEMBER.**

### Syrpan búin

Skáldsagan mín kom út í dag. Það var notaleg tilfinning að fá bókina í hendur og finna pappírs- og prentsvertulyktina. Núna er lokið þriggja sagna röð sem ég ætlaði mér að skrifa um íslenskan samtíma í byrjun nýs árþúsunds.

Fyrsta bókin í þessu „millenníum-tríói“, „Dauðans óvissi tími“ fjallar um upphaf víkingaaldar hinnar nýju, útrás harðsnúinna kappa sem láta greipar sópa erlendis og koma svo heim og láta að sér kveða.

Sú næsta, „Valkyrjur“, fjallar um valdið í þjóðfélaginu okkar; vald sem menn öðlast ýmist á lýðræðislegan hátt eða með peningum.

Nýja bókin fjallar svo um stærstu meinsemd samtímans, óhamingju þrátt fyrir efnislega velsæld, fíkn og ásókn í eiturlyf og hvers konar vímuástand.

Þar með er sú syrpan búin.

Sakamálasagan er bæði erfitt og spennandi bókmenntaform. Á þessari stundu er óvíst hvort ég skrifa fleiri slíkar. Nóg er samt af glæpunum og önnur yrkisefni eru endalaus en ævin ekki.

Hjá Lindu og Frey í síðdegisútvarpi Rásar tvö hitti ég frænda minn og fornvin, Hrafn Jökulsson en svo skemmtilega vill til að bók eftir hann kom líka út í dag. Hrafn er svo mikill höfðingi að hann gaf mér fyrsta eintakið sem hann hafði fengið í hendur.

**LAUGARDAGUR, 10. NÓVEMBER.**

### Bók um veginn

„Þar sem vegurinn endar“ heitir bókin eftir Hrafn Jökulsson skáld.

Þetta eru tærar og fallegar minningar ofnar saman við hugleiðingar manns sem á miðjum aldri hefur vitjað æskustöðva sinna, lands, sögu og tungu, staðarins þar sem vegurinn endaði hjá litlum dreng í íslenskri sveit og uppgötvar að höfundurinn er nú – af tilviljun þeirri sem sumir kalla miskunn Guðs – staddur þar sem vegurinn byrjar. Það var sjaldgæf nautn að lesa þessa bók um samferðamann á veginum sem allir feta en er jafn vandrataður fyrir því.

**MÁNUDAGUR, 12. NÓVEMBER.**

### Sögur úr Síðunni og fréttir úr skotgröfum

Jólabókaflóðið er yndislegt. Á hverju kvöldi laugar maður sig í íslenskum litteratúr. Bækurnar sem ég keypti í Frakklandi fá að bíða þar til flóðinu slotar.

Í nótt las ég „Sögur úr Síðunni“ eftir Böðvar Guðmundsson. Skemmtilegri sögumann er ekki hægt að hugsa sér.

Sögurnar hans Böðvars vöktu með mér angurværð eða saknaðartilfinningu. Góðar bækur snerta mann. Kannski var sá söknuður sem lesturinn vakti eftir gömlu og grónu samfélagi sem nú er liðið undir lok eins og æskan í einfaldleika sínum? Kannski sakna ég einskis? Kannski var frábær rithöfundur einfaldlega að strjúka fimum fingrum um hörpustrengi sálarinnar?





Ég les mikið þessa daga, til þess var okkur Íslendingum ætlað rafljósið. Til dæmis var ég að ljúka við að lesa hörkuvelskrifaða grein eftir verslunarstjórann í Bónusi, Guðmund Marteinsson.



Guðmundur vísar því á bug að fákeppni valdi því að vöruverð hér á landi er svívirðilega hátt og segir „að menn ættu að hafa í huga þá staðreynd að ef Bónus gæfi alla sína framlegð, hvert einasta prósentustig, og seldi matvöru án allrar álagningar, óháð kostnaði verslunarinnar, þá væri matarkarfan samt ca. 45-50% dýrari hér á landi en í öðrum löndum Evrópu“.

Ef það er rétt hjá Guðmundi að matarkarfan án verslunarálagningar sé helmingi dýrari hér en í nágrannalöndum okkar þá er ekki við verslunarmenn að sakast heldur stjórnmálamenn sem hljóta þá að hafa gleymt fólkinu sem hefur trúað þeim fyrir umboði sínu.

Þeir sem búa á Íslandi verða að sætta sig við rokið, rigninguna og kuldann en hvers vegna þurfum við að sætta okkur við stjórnmálamenn sem sýna engan áhuga á kjörum venjulegs fólks nema í tíu daga fyrir kosningar fjórða hvert ár?

Það eru tveir og hálfur sólarhringur á ári!

Í hálfa öld lá mannskapurinn frosinn í fjórum skotgröfum sem voru merktar sjálfstæðismönnum, framsóknarmönnum, sósíaldemókrötum og sósíalistum sem voru uppnefndir kommúnistar.

Og enn er legið við í sömu gröfunum. Hvað hefur breyst?

Framsóknarmönnum hefur fækkað eftir langa og dygga þjónustu sem fallbyssufóður. Örfáir tóra enn í gamalli mógröf sem flestir hafa yfirgefið annaðhvort til að komast fyrir fullt og allt í ylinn hjá íhaldinu eða horfið á vit rómantískra hugsjóna og heimshlýnunar hjá vinstri-grænum í gömlu kommagröfinni.

Kratarnir hírast enn í sinni djúpu gröf þótt þeir hafi eins og vinstri-grænir skipt um nafn og kennitölu og heiti núna í höfuðið á pólskum skipasmiðum.

Einnig er rétt að geta þess að þeir frjálslyndu einstaklingar sem þótti naumt skammtað í nóann sinn í íhaldsgröfinni hafa grafið sér sína eigin gröf.

Áratugum saman hefur ríkt pólitísk grafarþögn.

Ennþá er liðsmannafjöldi í hverju þessara liða svipaður og þegar ég var að alast upp fyrir hálfri öld.

Flokkurinn með 40% fylgi og hinir með 60%. En alltaf helst valdahlutfallið í landinu í áttatíu á móti tuttugu Flokknum í vil.

Þá er ég að tala um hið pólitíska vald. Þegar kemur að peningavaldinu eru hlutföllin níutíu og níu á móti einum.

Jú, ég veit að utanríkisráðherrann er í Samfylkingunni og óska Samfylkingunni til hamingju með að hafa eignast utanríkisráðherra.

Það er kannski metnaðarmál fyrir stjórnmálaflokk að eignast utanríkisráðherra. Ég hélt samt að tilgangurinn með því að vera í pólitík væri að breyta einhverju. Og þá er vissara að byrja á því að breyta heima hjá sér – ef heimurinn skyldi reynast tregur til að læra nýja siði.

Það er merkilegt að íslenskir vinstri menn skuli hafa klórað sér í hausnum yfir því áratugum saman af hverju þeir sitja ævinlega uppi með svarta-pétur. Lausnin liggur nefnilega í augum uppi. Þeir sem ekki sjá hana ættu að reyna að læra af þeim góða og gegna íhaldsmanni Anders Fogh Rasmussen sem gengur nú til sinna þriðju kosninga í Danmörku og mun að öllum líkindum hafa sigur.

Galdurinn er einfaldlega sá að stofna til samstarfs með þeim sem hafa svipaðar grundvallarskoðanir og forðast að gera ágreining um minniháttar mál að aðalatriði. Þetta er nú allur galdurinn.

Þetta hafa íslenskir vinstri menn ekki getað lært. Hingað til hafa þeir ævinlega kennt Framsóknarflokknum um ógæfu sína. Nú er það ekki hægt lengur. Skyldi einhver rumska?

Fyrir mína parta skil ég til að mynda ekki hvað Össur er að dandalast í Absúrdistan að útmála kostina við jarðhita. Hann er „maður fólksins“ og á að halda sig í námunda við þjóðina sem þarf svo sannarlega á honum að halda. Aurgoðarnir komast mætavel af án hans.

Ég er sannfærður um að Svandís, Björn Ingi og Björgvin eiga mun meira sameiginlegt í pólitík en Ingibjörg Sólrún og Geir Haarde munu nokkurn tímann eiga.

Spurningin er hvort mín kynslóð þarf að deyja út áður en unga fólkið nær saman?



Það er líka spurning hvort unga kynslóðin í landinu kemst á legg eða lætur kæfa sig með vaxtaokri og veruleikafirrtum snobbmetnaði í stjórnmálum?

Af hverju er ég að pæla í þessu núna? Vegna þess að grein verslunarstjórans í Bónusi vakti mig til umhugsunar um hvort allt þurfi endilega alltaf að vera eins og það er.

Ég er orðinn nýjungagjarn með aldrinum – og þá er ég ekki að tala um ný leikföng heldur alvöru tilbreytingu. Tíminn líður. Maður getur ekki beðið endalaust.



**FIMMTUDAGUR, 15. NÓVEMBER.**

### Vændishús og tíðarandi

Það voru fimm nauðganir í Reykjavík um síðustu helgi. Stundum finnst manni eins og það sé ekki alveg allt í lagi hérna á þessu besta landi af öllum mögulegum.

Ágætur maður sagði við mig að besta leiðin til að fækka nauðgunum sé sú að leyfa vændi. Hér er nefnilega allt krökkt af ungum og kynsoltnum austantjalds verka- og iðnaðarmönnum sem íslenska kvenfólkið vill ekki líta við.

Ég hef mikla samúð með þessum mönnum og átti við sama vandamál að stríða langtímum saman þegar ég var á þeirra aldri. Vændishús á hverju horni hefðu varla leyst þann vanda því að ég var yfirleitt jafnblankur og ég var tæpur siðferðilega. Reyndar datt þá engum í hug að opna vændishús þar sem konur væru til sölu handa þurfandi karlmönnum því að tíðarandinn var sá að karlmenn þyrftu að læra að sætta sig við að það fá ekki allir allt sem þeir vilja um leið og þeim dettur það í hug.

Kannski það sé að breytast?






Bónus hefur í 18 ár boðið neytendum lægsta verð á matvöru og frá upphafi selt vörur á sama verði um allt land.

Þú færð allt að ***40%*** lægra verð í Bónus hvort sem þú ert íbúi á Vestfjörðum eða í Reykjavík.

**Bónus býður betur**

AFGREIÐSLUTÍMI MÁNUD-FIMMTUD. 12.00 TIL 18.30
FÖSTUD: 10.00 TIL 19.30 SUNNUDAGA 12.00 TIL 18.00
AÐALSÍMI: 588 8699 HEIMASÍÐA BÓNUS: www.bonus.is

**KVIKMYNDALEIKSTJÓRINN MARTIN SCORSESE ER 65 ÁRA Í DAG**



*„Fólk verður taugaveiklað í kringum mig vegna myndanna sem ég geri, og telur mig illan og erfiðan viðureignar. Ég er illur og erfiður viðureignar, en fólk reiknar ekki með kímnigáfunni. Gamansemi og spaug er það.“*

***Martin Scorsese er meðal virtustu leikstjóra samtímans, og er þekktastur fyrir ofbeldisfullar mafíumyndir.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 17. NÓVEMBER 1988

## Linda Pé kjörin Ungfrú heimur

Þennan dag fyrir nítján árum var hin íðilfagra Linda Pétursdóttir frá Vopnafirði kjörin ungfrú heimur í samnefndri keppni sem haldin var í Lundúnum.

Linda, sem árið 1988 var átján ára gömul, hafði einnig verið kjörin ungfrú Ísland í maí sama ár.

Ekki voru liðin nema þrjú ár frá því Hólmfríður Karlsdóttir var einnig valin fegurst kvenna í heimi hér og vann hug og hjörtu heimsbyggðarinnar í hlutverki sínu sem ungfrú heimur, en Linda fetaði óhikað í spor Hófíar og varð ekki síður mikils metin og vinsæl í hlutverki sínu um allan heim.

Á úrslitakvöldinu þegar Linda var krýnd alheimsfegurðardrottning vakti mikla eftirtekt að hún felldi ekki stakt tár þegar úrslitin voru kunngjörð, en vaninn var að tár sæust á fögrum hvörmum vegna spennufalls og geðshræringar, og sumir töluðu um listgrein fegurðardrottninga að gráta af undrun þegar þær hlutu kórónur fyrir ómótstæðilega fegurð sína.

Við sama tækifæri var Linda Pétursdóttir kjörin ungfrú Evrópa.



**LINDA PÉTURSDÓTTIR MISS WORLD 1988**

### MERKISATBURÐIR

**1558** Elísabet I hlýtur krúnuna við fráfall Maríu Englandsdrottningar.
**1913** Panamaskurðurinn tekinn í gagnið.
**1940** Akureyrarkirkja vígð, þá stærsta kirkja landins.
**1962** Samvinnubankinn stofnaður.
**1970** Breska dagblaðið Sun birtir fyrstu fáklæddu stúlkuna á síðu 3.
**1973** Nixon Bandaríkjaforseti segir AP-fréttastofunni að hann sé ekki krimmi.
**1980** John Lennon gefur út Double Fantasy.
**1983** Stærsta verslun landsins, Mikligarður, opnuð í Reykjavík.
**1984** Jón Baldvin Hannibalsson kosinn formaður Alþýðuflokksins.

### AFMÆLI



**KRISTÍN JÓHANNESDÓTTIR KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR ER 59 ÁRA Í DAG.**



**DANNY DEVITO, LEIKSTJÓRI OG LEIKARI, ER 63 ÁRA Í DAG.**



**VESTMANNAEYJAR**

## Bókasafnsvika kvödd í Eyjum

Norrænu bókasafnsvikunni lýkur formlega í Bókasafni Vestmannaeyja í dag. Af því tilefni verður efnt til ráðstefnu klukkan tvö þar sem Róbert H. Haraldsson, dósent í heimspeki við HÍ, og Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur flytja fyrirlestra í Safnahúsinu, þar sem mikið verður um dýrðir.

Tema Norrænu bókasafnsvikunnar er Konan í norðri. Fyrirlestur Róberts verður um Nóru eftir Henrik Ibsen en Ingunn, sem gaf fyrr á árinu út bókina Frigg og Freyja, fjallar um gyðjuna í norðri.

Eftir fyrirlestra þeirra Róberts og Ingunnar munu 8. bekkingar Grunnskóla Vestmannaeyja lesa upp úr nýjum verkum kvenna, og í anddyri Safnahússins verða til sýnis verk í eigu safnsins eftir kvenkyns höfunda sem hlotið hafa Nóbelsverðlaun og Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Til gamans má geta þess að Bókasafn Vestmannaeyja, til heiðurs konum, útbjó þrjátíu poka sem innihéldu tvær bækur kvenkyns höfunda og buðu karlkyns notendum bókasafnsins að taka með sér heim í norrænu bókasafnsvikunni. Reyndust karlarnir spenntir fyrir pokunum, sem ruku út úr safninu.

Boðið verður upp á piparkökur og jólalega stemmningu í Safnahúsinu í dag og verður líf í tuskunum; bókasafnið opið með nýútgefnum jólabókum landsmanna í hillum, og vitaskuld verða líflegar umræður eftir fyrirlestrana og upplestur unglinganna. **- þlg**

JÓLAHAPPDRÆTTI LÍNUNNAR Á ÍSAFIRÐI 35 ÁRA: OPIÐ HÚS OG VÖFFLUR Í DAG

# Nauðsyn með jólaskapinu

„Línan varð til á togaraárunum þegar ísfirski togarinn Júlíus Geirmundsson var í smíðum í Flekkefjord í Noregi og konur fylgdu mönnum sínum utan vegna smíðinnar,“ segir Ragna Arnaldsdóttir í kvennadeild Slysavarnarfélagsins á Ísafirði, sem hefur verið í föndurnefnd Línunnar síðastliðinn áratug.

„Í Flekkefjord tók Anna Helgadóttir eftir því að þarlendar hvítasunnukonur komu vikulega saman til að vinna handverk sem þær seldu til fjáröflunar með því að selja fólki línur, og Anna kom með þennan sið til Ísafjarðar,“ segir Ragna, en með línum á hún við nafnalínu í sérstaka bók sem seinna er klippt niður, miðarnir brotnir saman og settir með öðrum nafnalínum í jólahappdrættispott Línunnar.

„Þar til í hittifyrra gengum við Línukonur í hús og seldum línur, en nú eru margar farnar að eldast og bærinn okkar að stækka, svo góðir kaupmenn á Ísafirði leyfa bókum okkar að liggja hjá sér og svo seljum við sjálfar línur í tveimur verslanamiðstöðvum hér fyrir jólin,“ segir Ragna, en ein lína kostar 400 krónur og kaupa margir línur fyrir sjálfa sig og alla fjölskylduna í von um fallegt handverk ísfirsku slysavarnakvennana í desember.

„Þetta eru allt veglegir og fallegir vinningar sem við drögum um á hátíðlegum jólafundum sem nú verður 12. desember. Sýnishornum af handverkinu er stillt upp í ákveðnum glugga bæjarins og hefð fyrir því hjá bæjarbúum að skoða í gluggann og fara svo í línukaup. Því er jólahappdrættið orðinn stór hluti af aðventunni hér,“ segir Ragna brosmild um þetta góða málefni sem leggur nauðsynlegu málefni lið í bland við jólaskap Vestfirðinga.

„Þetta er langstærsta fjáröflun okkar og árið um kring hittumst við í Guðmundarbúð á þriðjudagskvöldum og föndrum fram eftir kvöldi. Það er synd hvað ungu konurnar skila sér illa í starfið því þetta er svo virkilega skemmtilegur og gefandi félagsskapur, og beinlínis hollt að standa upp frá sjónvarpinu og leyfa sköpunargáfunni að fá útrás,“ segir Ragna sem gekk í Slysavarnafélagið árið 1977.

„Stór liður í okkar starfi eru slysavarnir, en einnig fáum við óskalista frá Björgunarfélagi Ísafjarðar og veitum því styrki til tækjakaupa, og erum alltaf tilbúnar að standa við hlið þeirra þegar á þarf að halda, elda fyrir þá og nesta fyrir útköll,“ segir Ragna sem í dag heldur opið hús með Línukonum í Björgunarsveitarhúsinu að Sindragötu 6 frá klukkan 14 til 16.30, þar sem kynnt verður starf deildarinnar og línuvinningar sýndir í tilefni af 35 ára afmælinu.

„Vinningarnir eru allt frá púðum og prjónuðum ungbarnateppum yfir í útsaumaða dúka og póstpoka, jólaskraut, engla, pottaleppa, steinafólk og allt þar á milli. Hér er ekkert drasl; bara hvert öðru fegurra handverkið,“ segir Ragna sem mun föndra og bjóða gestum upp á ilmandi kaffi og nýbakaðar vöfflur í tilefni dagsins.

Þeir sem ekki komast á Ísafjörð en langar að kaupa sér línu geta hringt í Guðmundarbúð á þriðjudagskvöldum í síma 456-5990, eða í gjaldkera í 897-6782. **thordis@frettabladid.is**



**DÁSEMDIR JÓLANNA** Hér situr frú Ragna Arnaldsdóttir við föndur Línukvenna, sem allt eru töfrandi og jólaleg handverk sem enda sem stuðningur við þarft málefni.

MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON



†

*Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elsa Halldórsdóttir**

áður til heimilis að Lindasíðu 2, Akureyri,

lést að dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri þriðjudaginn 13. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 26. nóvember kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands. Starfsfólki Hlíðar eru færðar hjartans þakkir fyrir góða alúð og umönnun.

**Birgir Pálmason** / **Sigurbjörg Sigfúsdóttir**
**Elísabet Pálmadóttir** / **Ketill Tryggvason**
**Ásta Pálmadóttir**
**Hjördís Pálmadóttir** / **Pétur Haraldsson**
**Elsa Pálmadóttir** / **Valmundur Einarsson**
**Hreinn Pálmason** / **Þórunn Sigurðardóttir**
**Jón Karl Pálmason** / **Kolbrún Jónasdóttir**
**Viðar Pálmason** / **Kamilla Hansen**
**stjúpbörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför,*

**Gests Sigurðssonar**

Bústaðavegi 75, Reykjavík
áður til heimilis á Dalvík,

**Guðrún Jónína Sigurpálsdóttir**
**Hanney Árnadóttir** / **Helgi Jónsson**
**Snorri Gestsson** / **Auður Ingvarsdóttir**
**Signý Gestsdóttir** / **Hákon Aðalsteinsson**
**Sigurpáll Gestsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



## 80 ára afmæli

**Þorsteinn Einarsson**
**(Steini frá Sólheimum)**
**(Steini Rock)**

Ég verð 80 ára þann 17. nóvember og af því tilefni tek ég á móti gestum á Hótel Lundu í Vík í Mýrdal frá kl. 18.00 í kvöld. Vonast til að sjá sem flesta,
Steini

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

# PHILIPS FLATSKJÁIR




**Philips 32PFL7332**
32" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 5.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 20w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu.

TILBOÐ
**129.995**
FULLT VERÐ **179.995**

HD ready · Digital Natural Motion · HDMI · PIXEL PLUS 2 HD

PIXEL PLUS 2 HD

## TRYGGIR YFIRBURÐA MYNDGÆÐI

PIXEL PLUS MYNDTÆKNIN EYKUR LÍNUFJÖLDA OG SKERPU




**Philips 37PFL7332**
37" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDS-SJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 5.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu.

TILBOÐ
**169.995**
FULLT VERÐ **189.995**

HD ready · Digital Natural Motion · HDMI · PIXEL PLUS 2 HD




**Philips 42PFL7662D**
42" LCD Pixel Plus Full HD BREIÐTJALDS-SJÓNVARP með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD Ready, 5.000:1 skerpu, 3D Combfilter og Active Control, 2 x 10w Nicam Stereó hljóðkerfi með Incredible Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ
**229.995**
FULLT VERÐ **269.995**

HD ready · Full HD 1080p · PIXEL PLUS HD

## AMBILIGHT FLATSKJÁ BAKLÝSING — ALVEG EINSTÖK UPPLIFUN

Powered by ambi light




**Philips 32PFL7962D**
32" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDS-SJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD, Ambilight 2 bakljósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 7.500:1 skerpu, Active Control og Dynamic Contrast, 2 x 20w Nicam stereó hljóðkerfi með Incredible Surround, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu.

HD ready · Digital Natural Motion · HDMI · PIXEL PLUS 2 HD

TILBOÐ
**159.995**
FULLT VERÐ **189.995**

Powered by ambi light




**Philips 42PFL7962D**
42" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD, Ambilight 2 bakljósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 7.000:1 skerpu, Active Control og Dynamic Contrast, 2 x 20w Nicam stereó hljóðkerfi með Incredible Surround, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu.

HD ready · Digital Natural Motion · HDMI · PIXEL PLUS 2 HD

TILBOÐ
**269.995**
FULLT VERÐ **299.995**

VIÐ SUÐURLANDSBRAUT 26




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

**Heimilistæki**

ht.is

# Reyni alltaf að toppa sjálfan mig

**Björgvin Halldórsson** hefur staðið á stóra sviðinu í fjörutíu ár. Og finnst hann aldrei hafa verið í betra formi sem er ekki fjarri sanni – sex troðfullar Laugardalshallir á innan við tveimur árum segja meira en mörg orð. *Freyr Gígja Gunnarsson* hitti söngvarann og ræddi við hann um nýja og gamla velgengni og sögurnar sem stundum særa.

Björgvin er á góðri leið með að setja nýtt viðmið í íslenskri tónlistarsögu. Laugardalshöllin er ekki lengur bara fyrir erlent tónlistarfólk sem kemur hingað og spilar fyrir morðfjár heldur er hún orðin að þjóðartónlistarstaðnum.

Uppselt er á þrjá jólatónleika söngvarans þar sem hann syngur ásamt stórsveit, strengjasveit, kórum og gestum mörg af sínum vinsælustu jólalögum. Og þau eru þó nokkur, rúmast á fjórum geisladiskum sem koma út samfara jólatónleikunum. Endurútgáfa á þremur fyrstu jólaplötunum ásamt aukalögum sem og nýr jóladiskur „Jólagestir 4“. „Ég hef aldrei haldið jólatónleika áður og er mjög spenntur fyrir þessu,“ segir Björgvin og iðar nánast í skinninu. „Ég er búinn að sjá sviðsmyndina og útlitið sem er eftir félaga minn Björn Björnsson og mér líst alveg svakalega vel á þetta. Þetta er svolítil endurnýjun, sömu tilfinningar og þegar maður var að byrja. Og ef þú upplifir þær tilfinningar ekki lengur, áttu bara að hætta,“ segir Björgvin og smellir fingrum til áhersluauka.

Björgvin fær sér sopa af kaffi latté og lagar fíngerð gleraugu sem hanga stundum frammi á nefbroddinum og stundum ekki. „Ég hef verið heppinn í gegnum tíðina með samstarfsfólk. Ég hef átt þess kost að geta unnið með mjög mörgu af hæfileikaríku fólki, sem gerir mig betri um leið. Ég hef alltaf sagt sagt að þótt þú getir gutlað eitthvað á gítar þá tekurðu ekki alltaf öll sólóin. Þú færð sólóista til að gera það.“ Jólatónleikarnir eru kannski skýrasta dæmið um þá starfsmannastefnu; Þórir Baldursson, samstarfsfélagi Björgvins til fjölda ára, sér um útsetningarnar og hljómsveitarstjórn og á sviðinu með honum verður einvalalið hljóðfæraleikara og söngvara, „Úrvalsdeildin“ eins og Björgvin kallar hljómsveitina og þann stóra hóp flytjenda sem verða með honum á sviðinu í höllinni í desember. „Það er stór partur af minni velgengni frá upphafi að ég hef alltaf haft besta fólkið í bransanum með mér í vinnunni.“

### Lærði snemma að verjast með kjaftinum

En sagan af Bó Hall hefst þó ekki innan um ljóskastara í Laugardalnum. Hún byrjar í Hafnafirði, þar sem söngvarinn kom í heiminn eins og sannur Gaflari í heimahúsi á Álfaskeiðinu. Bali, heitt vatn og ljósmóðir tóku á móti honum árið 1951.

En strákurinn var smágerður, lítill miðað við aldur og í Lækjarskóla níddust hrekkjusvínin á Björgvini sökum smæðar. „Á bekkjarmyndunum stend ég uppi á kassa af því að ég var svo lítill. Þeir voru nokkrir strákarnir sem sátu stundum fyrir mér eftir að skóladegi lauk. Ég nefni engin nöfn enda væri þetta sennilega það sem kallað er einelti í dag. Einn þeirra fór reyndar í lögguna síðar og hefur sennilega þurft að fá búning svo hann hefði löglegt leyfi til að lúskra á einhverjum. Ég lærði hins vegar snemma að verja mig og þá ekki með hnefanum heldur kjaftinum,“ en slíkt þótti sérstakt á þessum tíma þar sem hnefahöggin voru frekar látin duga. Björgvin er reyndar kominn af miklum skörungum og er styst að rekja skörungsskapinn til föður hans, Halldórs Baldvinssonar togaraskipstjóra. Þar fyrir ofan má finna menn eins og Skálateigsstrákinn Þorleif Jónsson, móðurafa Björgvins, sem var einn af stofnendum Sjálfstæðisflokksins og Hamars í Hafnarfirði og var einn fyrsti lögreglumaðurinn í bænum og síðar sveitarstjóri á Eskifirði

Björgvin segist hafa verið ágætis strákur, kannski svolítill draumóramaður en alveg ágætur. Æskan var ærslafull þar sem börnin í hverju hverfi fyrir sig urðu að hermönnum og barist var um yfirráðasvæðin beggja vegna lækjarins í Hafnarfirði. Þar á eftir fylgdu svo unglingsárin, með námi í Flensborg. Í andrúmsloftinu var hins vegar eitthvað nýtt; Bítlarnir, Rolling Stones og Hljómar.

„Menn biðu í Bókabúð Böðvars eftir nýjustu Hljómaplötunni. Og gátu varla setið á sér þegar Sgt. Peppers Bítlanna kom út – þá var bara farið heim í strætó og trans, platan sett á fóninn af jafn mikilli virðingu og væru þetta boðorðin tíu og menn fylltust einhverri vímu, urðu hreinlega hífaðir af tónlistinni.“

### Verð miklu frægari en þið

Það var því kannski tíðarandinn sem leiddi Björgvin út í tónlistina. Allir gengu með hljómsveitardrauminn í maganum, vildu vera John, Paul, George og Ringo. Tónlistin hafði þó verið mikill þáttur í heimilishaldinu, faðirinn var mikill söngmaður og átti það til að bresta í söng með laginu „Bona Sera“ og Baldvin, bróðir Björgvins, þótti liðtækur gítarleikari og spilaði um tíma í nokkrum hljómsveitum.

Björgvin gaf námið í Flensborg svo að segja upp á bátinn, fór sem messagutti með Gullfossi og síðan að hanga í versluninni Sportvali með Jónasi R. Jónssyni söngvara. Jónas stofnaði síðar upptökuverið Hljóðrita í Hafnarfirði ásamt föður sínum, Jóni Aðalsteini og vinum sínum, Jóni Þór í Saga Film og Sigurjóni Sighvatssyni. Skólahljómsveit Flensborgar á þessum tíma var hins vegar hljómsveitin Bendix en Björgvin þekkti vel til strákanna í henni og lá ekkert á skoðunum sínum, lét þá heyra hvað honum fannst betur mega fara í flutningi hljómsveitarinnar. „Þarna byrjaði þetta eiginlega allt saman. Þeir voru stundum ekki með textana alveg á hreinu og ég gerði athugasemdir. Ég var nokkuð sleipur í enskunni eftir allt glápið á Kanasjónvarpið og fékk stöku sinnum frí í enskukennslu hjá Ingu Blandon enskukennara í Flensborg út af því, góð kona hún Inga.“ Hljómsveitarmeðlimirnir lögðu við hlustir og leyfðu honum að taka niður nokkra texta fyrir hljóm-

➜ FRAMHALD Á NÆSTU OPNU



**AUGLITIS TIL AUGLITIS** Björgvin lætur menn ekki komast upp með að bera út um sig sögur og ef hann þekkir til þeirra þá mætir hann þeim og segir hlutina hreint út, auglitis til auglitis. MYNDIR/GASSI

„Á bekkjarmyndunum stend ég uppi á kassa af því að ég var svo lítill. Þeir voru nokkrir strákarnir sem sátu stundum fyrir mér eftir að skóladegi lauk. Ég nefni engin nöfn enda væri þetta sennilega það sem kallað er einelti í dag.“

# Íslenskir tónlistardagar

## 20% afsláttur af allri íslenskri tónlist

Birgitta áritar í Kringlu kl. 15:00 á laugardag og í Smáralind kl. 16:00 á laugardag




TILBOÐ 1.599kr Verð áður 1.999,-

**Birgitta**
– Ein

Luxor árita og syngja í Kringlu kl. 13:00 á sunndag og í Smáralind kl. 15:00 á sunndag




TILBOÐ 1.599kr Verð áður 1.999,-

**Luxor**

Páll Óskar áritar og spilar í Smáralind kl. 13:30 á laugardag, kl. 13:30 á sunnudag og í Kringlu kl. 16:00 á sunnudag



TILBOÐ 1.599kr Verð áður 1.999,-

**Páll Óskar**
– Allt fyrir ástina

## Mikið úrval af nýrri íslenskri tónlist




TILBOÐ 1.999kr Verð áður 2.499,-

**Íslandslög**
– 1–6



TILBOÐ 1.599kr Verð áður 1.999,-

**Astrópía**



TILBOÐ 1.599kr Verð áður 1.999,-

**Guðrún og Friðrik**
– Ég skemmti mér um jólin




TILBOÐ 1.999kr Verð áður 2.499,-

**100 Íslensk barnalög**




TILBOÐ 3.759kr Verð áður 4.699,-

**Ný Dönsk**
– allt



TILBOÐ 1.599kr Verð áður 1.999,-

**Regína Ósk**
– Ef væri ég




TILBOÐ 1.999kr Verð áður 2.499,-

**Ný Dönsk**
– 1987–2007



TILBOÐ 1.599kr Verð áður 1.999,-

**Cortes**

Gildir til 18. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

➜ FRAMHALD AF SÍÐUSTU OPNU

sveitina. „Síðan fór ég að skipta mér af túlkuninni, sem mér fannst ekki alveg vera að gera sig og eftir að ég hafði rifið kjaft þarna nokkrum sinnum báðu þeir mig um að koma í bandið og ég hef eiginlega verið fastur í bransanum síðan,“ útskýrir hann. Og enn er setning sem Björgvin lét falla höfð í minnum í dag og Björgin rifjar upp sjálfur. „Ég man að ég sagði við þá á æfingu í Rafha-húsinu við Lækjargötuna í Hafnarfirði að ég ætti eftir að verða frægari en þeir allir, frægari en þeir á Íslandi. Ég hef alltaf verið metnaðarfullur og þarna hefur það líklega verið sú hlið á mér sem talaði.“

**Skemmtikrafturinn hangir inni skáp**

Framhaldið ættu flestir að þekkja. Björgvin gekk til liðs við Flowers sem síðar sprakk þegar Karl Sighvatsson og Gunnar Jökull yfirgáfu skútuna og gengu til liðs við ofurgrúppuna Trúbrot með þeim Gunnari Þórðarsyni og Rúnari Júlíussyni. Björgvin stofnaði í kjölfarið hljómsveitina Ævintýri ásamt þeim Sigurjóni Sighvatssyni og Arnari Sigurbjörnssyni úr Flowers. Ævintýri eignaðist fljótt sinn samastað í Tónabæ og á Popphátíðinni í Laugardalshöll 4.september árið 1969 lagði hún Trúbrot, sem gnæft hafði yfir íslensku tónlistarlífi eins og risi, að velli. Poppstjarna ársins var Björgvin Halldórsson, aðeins átján ára gamall og Ævintýri hljómsveit ársins. „Það var alveg ofsalega skrítið og mikil breyting á lífi mínu fyrst í stað að verða svona landsþekktur allt í einu. En ég byrjaði strax að skilja um hvað þetta snerist allt saman og lærði mjög snemma að taka mig ekki of hátíðlega. Söngvarinn og skemmtikrafturinn Björgvin Halldórsson hangir inni í skáp og er tekinn fram þegar við á og látinn skemmta fólkinu. Heima er ég hins vegar bara Björgvin Helgi Halldórsson. Ég er ekki að segja að ég sé eins og þeir bræður Dr. Jekyll og Mr. Hyde en maður verður samt að aðgreina þessa hluti því annars verður maður klikkaður og um leið allt fólkið í kring um mann.“

> „Ég ráðlagði börnunum mínum aldrei, Svölu og Krumma, að fara út í þetta því það verður að segjast eins og er að þetta getur verið skítabisness og ekki fyrir alla. Ég dró frekar úr þeim en hvatti. Maður upplifir þetta oft sem mjög vanþakklátt starf og því getur fylgt mikil höfnun. “

Fjörutíu ár eru langur tími og Björgvin hefur upplifað sínar hæðir og lægðir. Hann velti því alvarlega fyrir sér að leggja tónlistina á hilluna þegar hann tók að



**ÓTRÚLEGUR ÁRANGUR** Velgengni Björgvins hefur verið með ólíkindum að undanförnu og hér er hann ásamt samstarfsfélaga sínum Ísleifi B. Þórhallssyni sem hefur haldið utan um tónleikana í Laugardalshöll. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Bylgjunnar og sjónvarpsstjóri Bíórásarinnar. Tónlistin togaði hins vegar alltaf. „Músíkin og listin er eitthvað sem þú flýrð ekki undan ef þau toga og annað hvort geturðu eitthvað eða getur ekki neitt. Ég ráðlagði börnunum mínum aldrei, Svölu og Krumma, að fara út í þetta því það verður að segjast eins og er að þetta getur verið skítabisness og ekki fyrir alla. Ég dró frekar úr þeim en hvatti. Maður upplifir þetta oft sem mjög vanþakklátt starf og því getur fylgt mikil höfnun. Þú gefur þig allan í eitthvað, gefur út plötu, gerir þitt besta, og viðbrögðin eru kannski bara: „Hvers slags djöfulsins drasl er þetta og hvað ert þú að vilja upp á dekk?“ Maður verður að þróa með sér hæfileika hnefaleikamanns: Að taka þessum höggum og ef maður er laminn í gólfið þá verður maður að geta staðið jafnfljótt upp aftur. Ef maður veit sjálfur að maður er að gera eitthvað rétt, þarf maður að standa fast á sínu. Og það eru ekki margir sem geta það.“

**Gjaldið sem þarf að greiða**

Og það að vera Björgvin Halldórsson, einhver opinberasta persóna á landinu, hefur líka haft í för með sér sína kosti og galla. Um fáa tónlistarmenn eru til jafn margar sögur og Björgvin og nánast hver einasti Íslendingur getur sagt eina „bransasögu“ af Björgvini sem margar hverjar eru drepfyndnar. „80 prósent af þeim eru sannar. Þetta er orðinn langur tími og það hefur margt gerst. Og ég leik mér oft að því ef það kemur upp fyndin staða þá sný ég henni mér vil og reyni að búa eitthvað til úr henni. Ég hef alltaf haft mikinn húmor fyrir sjálfum mér og atast hvað mest í mér sjálfur,“ útskýrir Björgvin.

Sögurnar hafa þó líka verið rætnar og illar tungur hafa stundum leikið söngvarann grátt, hann hefur verið sagður alvarlega veikur, átt viðhöld sem voru jafngömul dóttur hans og svona mætti lengi telja. Björgvin viðurkennir að þrátt fyrir fjörutíu árin þá sé skrápurinn ekki orðinn það harður að hann geti ekki sviðið undan slíkum gróusögum og tekið þær nærri sér. „Sérstaklega ef þetta snertir fjölskylduna mína. En þetta er bara parturinn af því að vera opinber persóna og eins og Kaninn segir þá er þetta „The price of fame“. Maður verður bara að taka þetta með í reikninginn. Ég hef hins vegar ekki alltaf verið reiðubúinn til að greiða þetta gjald og ef sögurnar koma frá einhverjum sem ég veit hver er þá hitti ég hann augliti til auglitis og segi honum hvað mér finnst. Og sú taktík hefur alltaf reynst mér vel.“

**Alltaf hægt að gera betur**

Trúin hefur alltaf leikið lúmskt stórt hlutverk í lífi Björgvins. Eiginkona hans, Ragnheiður Björk Reynisdóttir, er kaþólsk og þau giftu sig að kaþólskum sið. Börnin hans, Svala og Krummi, eru einnig bæði kaþólsk, en Björgvin á einnig soninn Sigurð Þór frá fyrra sambandi, sem söngvarinn er ákaflega stoltur af. „En af hverju er ég ekki kaþólskur? Ég veit það ekki. Ég trúi og maður sem trúir ekki gæti allt eins bara lagst með höfuðið undir sæng. Það getur vel verið að ég taki kaþólska trú, ég er farinn að spyrja stóru spurninganna, sem enginn veit svarið við, og það hafa kviknað efasemdir auðvitað. En þetta hefur frekar komið með aldrinum. Það er gott að trúa.“

Elli kerlingin illræmda hefur þó ekki náð neinum tökum á söngvaranum sem hefur sennilega aldrei notið jafn mikilla vinsælda og nú. Hann segist ekki hafa neinar haldbærar skýringar á vinsældum sem gera ekkert nema vaxa og vitnar í Mick Jagger sem sagði eitt sinn að ef þú værir nógu lengi í þessum bransa þá myndu menn bara venjast þér. Og þú yrðir bara eins og húsgagn. Hann vonast þó til að hann hafi komið einhverju til leiðar. „Mér finnst ég sjálfur bara rétt að byrja. Mér finnst ég aldrei hafa verið í betra formi, bæði hvað sönginn varðar og ekki síst í því að búa til tónlist. Og það má kannski segja að maður sé búinn að greiða sínar skuldir. Það var gamall draumur sem rættist þegar ég söng með Sinfóníuhljómsveitinni í fyrra. Einhvern tímann hafði verið sagt við mig að ég myndi bara enda á Hótel Sögu þar sem stjörnurnar deyja en ég sagði að það myndi ekki gerast nema ég tæki Sinfóníuhljómsveitina með mér. Ég hafði ætlað að gera þetta í mörg ár en aldrei gefist tími. Þegar tækifærið kom gaf ég mér góðan tíma og undirbjó þá í heilt ár og það var yndisleg tilfinning að standa þarna á sviðinu með öllu þessu frábæra listafólki,“ segir Björgvin „En ég verð alltaf að reyna toppa sjálfan mig og nú eru það jólatónleikarnir, eitthvað sem ég hef aldrei gert áður,“ segir hann.

Og hafi menn haldið að það væri auðvelt fyrir tónlistarmann á borð við Björgvin Halldórsson að koma sér á framfæri segir söngvarinn sjálfur að þetta sé enn jafn mikið hark og ennþá jafnmikil barátta og þegar Ævintýri og Trúbrot börðust um hylli þjóðarinnar.“ „Ég þarf að hafa meira fyrir því að koma mér og minni tónlist til fólksins en þeir sem eru rétt að byrja og það er bara sannleikurinn. En þetta heldur mér gangandi.

Ég nýt þess að starfa við tónlistina og ég geri músík sem ég vil að sem flestir hlusti á og njóti. Ég er ekki að gera plötur eingöngu fyrir sjálfan mig. Ég verð að vera sáttur við músíkina, en maður getur alltaf gert betur, er það ekki?“

## HVAÐ SEGJA SAMSTARFSMENNIRNIR:

### EIÐUR ARNARSON

**Sanngjarn og metnaðarfullur**

Eiður Arnarson, útgáfustjóri Senu, segir flestar skemmtisögurnar af Björgvini vera sannar og það sé einfaldlega hluti af persónuleika hans að koma með skemmtileg innlegg í skemmtilegar aðstæður. En Björgvin hefur líka komið Eiði á óvart. „Já, það kannski samræmist ekki ímyndinni sem fólk hefur af honum en hann er ákaflega sanngjarn. Ef hann hefur rangt fyrir sér er hann fljótur að biðjast afsökunar og leiðrétta stöðuna. Hann er vissulega harðfylginn en ef hann gengur of langt er hann fljótur að sjá að sér og bakkar.“

Eiður tekur undir þau orð að Björgvin taki vel gagnrýni, svo framarlega sem innistæða sé fyrir henni. „Hann er sjálfur harður húsbóndi en um leið ákaflega sjálfsgagnrýninn. Ég hef sjálfur látið hann heyra það nokkrum sinnum en hann tekur því vel ef það hefur verið einhver fótur fyrir því. Hann vill að menn taki aðeins á sér. Björgvin hatar hins vegar meðalmennskuna en það er bara partur af metnaðinum og fyrir vikið er það alltaf mikil áskorun að vinna með honum.“



Eiður segist aldrei hafa tekið upp símann og hringt í söngvarann án þess að vita upp á hár hvað það er sem hann vill og undirbúa sig gaumgæflega. „Sumir eiga erfitt með að aðgreina söngvarann frá manninum. Og það er kannski ekkert skrýtið. Björgvin segir stundum að hann sé ekki með neinn umboðsmann og þess vegna þurfi hann sjálfur að segja hlutina eins og þeir eru. Maður lærir mikið á því að vinna með honum og fyrir nýgræðing í þessu fagi væri samstarf með Björgvini mikil eldskírn.“

### JÓNAS R. JÓNSSON

**Vill engan halelújakór í kringum sig**

Vinátta Jónasar R. Jónssonar og Björgvins Halldórssonar nær fjörutíu ár aftur í tímann þegar þeir sungu með America-plötu Simons & Garfunkels í Sportvali þar sem Jónas vann. Þá strax kom Jónas auga á sönghæfileika Björgvins. „Þegar ég fór síðar að taka hann upp í Hljóðrita þá blasti þetta alveg við. Hann var mjög nákvæmur og tekníst góður. Í svona hljóðversvinnu vinna menn mjög náið saman, maður er að vinna undir pressu og þú kynnist í raun öllum hliðum á samstarfsfólkinu. Björgvin er vissulega haldinn fullkomnunaráráttu en hann er örugglega einn örfárra sem hefur húmor fyrir því,“ segir Jónas. Og leiftrandi kímni Björgvins hefur alltaf leikið stórt hlutverk í vináttu þeirra og enn þann dag í dag fær Jónas sent eitthvað til að kitla hláturtaugarnar á tölvupósti frá söngvaranum. „Þeir sem þekkja hann halda kannski að hann sé þurr á manninn og merkilegur með sig en þetta er allt saman vaðandi í húmor.“



Jónas segir það mjög gaman að vinna með söngvaranum. „Hann gerir mjög miklar kröfur og líður ekki neitt fúsk. Hann hatar ófagleg vinnubrögð og lélega hluti og hefur enga þolinmæði fyrir aulaskap. Aularnir eru bara skotnir í kaf alveg eldsnöggt. En hann vill um leið ekki hafa neinn halelújakór í kringum sig og þolir alveg gagnrýni og getur tekið henni mjög vel,“ útskýrir Jónas og segir að á þessum fjörutíu árum hafi þeir aldrei skipst á neikvæðum orðum í garð hvor annars. „Við höfum alltaf verið hreinskilnir við hvor annan en það hefur aldrei varpað skugga á vináttuna.“

### ÞÓRIR BALDURSSON

**Á bak við vegginn er góður drengur**

Þórir Baldursson hefur unnið með Björgvini í fjölda ára og rifjar meðal annars upp símtal sem hann fékk frá söngvaranum fyrir tuttugu árum þegar hann var staddur í Bandaríkjunum. „Björgvin hringdi og sagðist hafa fullt af störfum handa mér þegar ég kæmi heim. Og það verður ekki annað sagt en að hann hafi staðið við það.“

Þórir segir Björgvin ákaflega traustan vin og hann sé þægilegur vinnufélagi. „Hann hugsar vel um þá sem eru að vinna með honum. En Björgvin gerir líka miklar kröfur, bæði hvað varðar sjálfan sig og líka þá sem eru í kringum hann. Það er aldrei lognmolla í kringum hann og Björgvin vandar alltaf vel til verka. Hann setur markið alveg ofboðslega hátt og svo er bara lagt af stað og náð þangað.“

Og Þórir segir að auðvitað hafi þeim greint á á þessum langa tíma en þá sé andrúmsloftið bara hreinsað með virðingu og vinsemd.



„Við Björgvin erum mjög góðir vinir og látum ekki smá pirring eyðileggja fyrir okkur,“ útskýrir Þórir. Aðspurður hvort hann lumi á einhverju um söngvarann sem fáir viti um segir hann að Björgvin sé það mikil fjölmiðlapersóna að það sé örugglega ekki margt sem fólk viti ekki um hann. „En það kemur kannski ekki alltaf nógu vel fram hversu góður drengur hann er. Björgvin hefur ákveðinn vegg en á bak við hann er góður drengur.“

Nintendo®

# Wii™

# Nintendo Wii™-dagur
## í Vetrargarðinum, Smáralind

**Í DAG** frá kl. 13:00 – 17:00



## *Komdu og prófaðu!*

**Fullt af Wii™ -leikjatölvum bíða þín í Vetrargarðinum.**

Upplifðu hvers vegna Wii er langvinsælasta leikjatölvan í heiminum í dag.



Nikon

*NIKON Coolpix S510*
*Klassavél fyrir kröfuharða*

- **Allir sem prófa Wii** leikjatölvuna í dag fara í LUKKUPOTT og geta unnið frábæra Nikon myndavél að verðmæti kr. 33.900.-

**ALGJÖRLEGA NÝ UPPLIFUN**
**Tímamóta leikjatölva**
**Wii™**



Auðunn Blöndal verður með okkur allan daginn!





HD ready

SAMSUNG

SAMSUNG
þýðir SNILLD

- **Allir sem kaupa Wii** leikjatölvuna í dag fara í LUKKUPOTT og geta unnið stórglæsilegt 32" Samsung LCD sjónvarp að verðmæti kr. 139.900.-
- Að auki fá þeir **tilboð um 3 fyrir 2 Wii leiki** fram að jólum.



*Vertu með!*

**ORMSSON**

SMÁRALIND · SÍMI 530 2900 · www.ormsson.is

# Reiðubúnir að fara í stríð

Í Aserbaídsjan er hátt í ein milljón flóttamanna frá Nagorno-Karabakh og nágrannasveitum og segjast Aserar hafa hæsta hlutfall flóttamanna í heiminum. Stefnt er að því að helmingur þeirra verði kominn með þak yfir höfuðið í lok árs. *Guðrún Helga Sigurðardóttir* hitti **Allahverdi-fjölskylduna** sem bjó í gömlum lestarvagni í rúm tíu ár en býr nú í húsi í flóttamannahverfi.

Þegar stríð braust út milli Asera og Armena árið 1992 lögðu Aserarnir í Nagorno-Karabakh og nágrannasveitum á flótta til Aserbaídsjan. Þeir settust að í yfirgefnum skólum og verksmiðjum, strákofum og gömlum lestarvögnum. Hvar sem skjól mátti finna. Þar bjuggu þeir bláfátækir með fjölskyldum sínum í fjölda ára og gera jafnvel enn þann dag í dag. Flóttamenn eru alls hátt í ein milljón talsins í Aserbaídsjan og því um eða yfir tíu prósent af mannfjöldanum.

### Sumir drukknuðu í ánni

Alesgerov Yagub Allahverdi er flóttamaður og barnakennari í Imishli, einum af bæjarhlutunum sem ríkisstjórn Ilham Alijevs, forseta Aserbaídsjan, hafa byggt fyrir flóttamenn frá Nagorno-Karabakh og nágrannasveitum. Hann á fimm börn sem öll eru fullorðin, þar af gegnir tvítugur sonur hans herskyldu um þessar mundir, og svo á hann nokkur barnabörn. Allahverdi er barnakennari að menntun og atvinnu, kenndi í barnaskóla áður en fjölskyldan lagði á flótta.

Fjölskylda Allahverdis er ein af þeim fjöldamörgu sem lögðu á flótta frá heimabæ sínum, í þessu tilviki í Jebrayil, í stríðinu sem geisaði milli Armena og Asera árin 1992 til 1994. Allahverdi rifjar upp flóttann frá Jebrayil. Hann segir að allir úr héraðinu, íbúar í níutíu þorpum, hafi lagt á flótta á sama tíma. Hann hafi farið með fjölskyldu sína yfir Araz-ána til Íran. Sumir hafi drukknað í ánni en aðrir hafi komist á bátum yfir með aðstoð Írana. Þau hafi verið svo heppin að komast yfir.

### Heima er ferskt loft

Frá flóttanum hafði Allahverdi búið með fjölskyldu sinni í gömlum lestarvagni í nágrenni Imishli í suðurhluta Aserbaídsjan þegar hann var svo heppinn að fá úthlutað húsi í flóttamannahverfi milli Imishli og borgarinnar Sabirabad sem var reist fyrir flóttamennina fyrir nokkrum árum. Fjöldinn allur af flóttamönnum býr í þessu hverfi en það er liður í áætlun Ilham Alijevs, forseta Aserbaídsjan, að gera átak í húsnæðismálum flóttamannanna og laga félagslegar aðstæður þeirra.

Allahverdi rifjar upp búsetuna í lestarvagninum og segir að það hafi verið skelfilegt, kalt og hvorki hægt að kynda upp né elda. Þegar þeim hafi boðist nýtt hús haustið 2003 hafi þau ekki hikað við að taka því boði og nú búi átta manns í húsinu hjá þeim. „Þetta er ágætt húsnæði en við viljum flytja aftur heim í héraðið okkar. Við komum úr fjallahéraði þar sem er ferskt loft en hér niðri á sléttunni er mjög heitt. Ég vona að við getum flutt heim sem fyrst,“ segir hann.

### Byggir heilu hverfin

Ríkisstjórn Ilham Alijevs hefur nú beitt sér í nokkur ár fyrir því að reisa bæi og þorp fyrir flóttamennina, nokkurs konar flóttamannahverfi, og hafa margir þeirra þegar fengið þak yfir höfuðið, garð fyrir búsmalann sinn og skóla og heilbrigðisþjónustu fyrir sjálfa sig og börnin sín. Tæp tuttugu prósent flóttamanna í Aserbaídsjan eru þegar fluttir í slíkt hverfi og stefnt er að því að helmingurinn verði kominn í slíkt áður en árið er liðið.

Flóttamennirnir í Aserbaídsjan hafa nú beðið í fimmtán ár eftir því að komast heim og er engan bilbug á þeim að finna. Hagur þeirra fer batnandi en þó er fjarri því hægt að segja að þetta fólk búi við allsnægtir, það lifir á jörðinni og dregur fram lífið á stuðningi frá ríkinu og sölu af afurðum, til dæmis ávöxtum og grænmeti og mjólkinni úr kúnni í bakgarðinum. Það er ekkert afgangs og margir geta ekki einu sinni keypt skólabækur eða skólabúninga fyrir börnin í skólann. Mörg börn sitja því heima og missa af skólagöngu.

### Armenar eru óvinir okkar

Allahverdi verður ákveðinn þegar Armenar koma til umræðu. „Þeir eru óvinir okkar,“ segir hann, „og eiga að skila landinu okkar. Við erum friðsöm þjóð og okkar markmið er að snúa heim aftur.“

Allahverdi telur að sonur sinn, sem nú gegnir herskyldu, sé tilbúinn til að deyja fyrir föðurlandið. Það sama gildi um hann sjálfan. „Við viljum leysa þetta friðsamlega en ef það gengur ekki þá erum við tilbúnir til að fara í stríð,“ segir hann og telur engin mörk á því hversu langan tíma forsetinn hafi til að leysa deiluna um Nagorno-Karabakh og nærsveitir. „Þegar kallið kemur þá förum við í stríð.“

Þrátt fyrir það sem á undan er gengið telur Allahverdi að hann og fjölskylda hans geti átt í vinsamlegum samskiptum við armenska nágranna sína þegar og ef þau snúa aftur.



**FENGU GOTT HÚSNÆÐI** Sadagat Balayeva og Alesgerov Yagub Allahverdi með barnabarn sitt í kjöltunni. Allahverdi-fjölskyldan dregur fram lífið með mjólkinni úr kúnni í bakgarðinum, grænmetisræktun og svo sinnir Alesgerov barnakennslu í flóttamannahverfinu. Samt má segja að þau séu heppin. Fjölskyldan er ein af þeim sem hafa fengið gott húsnæði frá ríkisstjórninni. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐRÚN HELGA SIGURÐARDÓTTIR



**Í VOSBÚÐ OG KULDA** Flóttamennirnir búa enn í vosbúð og kulda í strákofum og gömlum lestarvögnum. Þessi heimilisfaðir er hjartveikur og atvinnulaus.



**Í SKÓLANUM Í FLÓTTAMANNAÞORPI** Þessi börn eru í hópi þeirra heppnu, þau búa í nýju flóttamannahverfi og ganga í skóla.

> Við komum úr fjallahéraði þar sem er ferskt loft en hér niðri á sléttunni er mjög heitt. Ég vona að við getum flutt heim sem fyrst

## ➜ ASERBAÍDSJAN




**Staðsetning:** Í Kákasus. Um fimmtungur, 16 prósent, landsins er undir stjórn Armena í Nagorno-Karabakh.

**Höfuðborg:** Bakú.

**Íbúar:** 8,5 milljónir.

**Forseti:** Ilham Alijev. Ilham Alijev tók við af föður sínum, Heydar Alijev, árið 2003. Ilham Alijev var þá þegar forsætisráðherra landsins. Stjórnarandstaðan og vestrænir stjórnmálaskýrendur hafa miklar efasemdir um áhuga Ilhams Alijev á lýðræði, mannréttindum og mál- og prentfrelsi.

**Armenar** styðja Armena í Nagorno-Karabakh og hafa hersetið hátt í fimmtung af Aserbaídsjan frá því um miðjan tíunda áratuginn. Hátt í milljón Asera hraktist frá heimilum sínum á hernumda svæðinu og um 230 þúsund Armenar voru reknir frá Aserbaídjsan.

**Aserbaídsjan** lýsti yfir sjálfstæði sínu frá Rússlandi eftir byltinguna 1918 en Rauði herinn sigraði Asera árið 1920 og varð Aserbaídsjan hluti af Sovétríkjunum en lýsti yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum í ágúst 1991.

**Útflutningsvörur:** Olía, gas og eldsneyti.

**Efnahagur:** Aserar hafa notið fjárfestinga erlendra olíufyrirtækja og efnast vel síðustu árin. Mikill munur er á efnahagi fólks, ríkidæmi er hjá fáum í Bakú en örbirgð úti á landi. Forsetinn er talinn hafa efnast vel síðustu árin.

## ➜ EKKERT ÞOKAST Í SAMNINGAVIÐRÆÐUM

Hvorki hefur gengið né rekið í samningaviðræðum í deilu Asera og Armena um Nagorno-Karabakh, sem Aserar telja hafa verið hersetið af Armenum frá árinu 1994. Lítið sem ekkert miðar í samkomulagsátt þrátt fyrir viðleitni Minsk-hópsins svokallaða til að miðla málum en hann var stofnaður árið 1992. Í Minsk-hópnum eru Rússar, Frakkar og Bandaríkjamenn. Aserar vilja fá stuðning þjóða heims; opinbera yfirlýsingu þess efnis að Armenar séu árásaraðilinn, þeir hafi ráðist inn í Aserbaídsjan. Aðeins þá verði forsenda til friðar og sátta.

### Stríðsástand á árunum 1992-1994

Mikið gekk á milli þjóðanna tveggja í lok níunda og byrjun tíunda áratugarins þegar Sovétríkin höfðu liðast í sundur og íbúar í Nagorno-Karabakh höfðu samþykkt í atkvæðagreiðslu að segja skilið við Aserbaídsjan. Stríð braust út á árunum 1992-1994. Um 800 þúsund Aserar urðu að yfirgefa heimili sín og 30 þúsund menn létu lífið í átökunum. Þá er talið að hátt í ein milljón flóttamanna sé í Aserbaídsjan í dag, mestmegnis Aserar frá hernumdu svæðunum en einnig flóttamenn frá Tsjetsjeníu og Tyrklandi.



**GURBAN SADIGOV** Deildarstjóri í aserska stjórnarráðinu.

### Flóttamannabúðirnar eyðilagðar

Stefnt er að því að eyðileggja sem flestar flóttamannabúðir, sem hafa verið yfirgefnar fyrir betra húsnæði, í lok þessa árs. „Með hjálp alþjóðasamtaka og ríkisstjórnarinnar er gert átak til að bæta lifnaðarhætti þessa fólks,“ segir Gurban Sadigov, deildarstjóri í aserska stjórnarráðinu, og bætir við að fjárframlag í verkefni til hagsbóta fyrir flóttamenn aukist verulega á þessu ári. Hver fjölskylda fái 10,5 dollara, eða rúmlega 600 krónur, og átta kíló af mat til að lifa af á mánuði frá ríkinu en það sé ekki nóg. Ef forsetinn taki ákvörðun um það verði sú upphæð hækkuð. „Fólk hefur ekki vinnu, ekkert húsnæði, engin föt og það getur ekki lifað af tíu dollurum. Það er ekki einu sinni nóg fyrir einn dag,“ segir hann.

Stjórnvöld í Aserbaídsjan hafa byggt sérstök hverfi fyrir flóttamennina þar sem hver fjölskylda fær sitt eigið hús. Í hverfinu eru skólar, heilsugæsla, sjúkrahús, menningarmiðstöðvar, bænahús og jafnvel lystigarðar. Samkvæmt áætlun forsetans frá 2004 fær hver fjölskylda 0,12 hektara garð og land til að yrkja jörðina.

„Við reynum líka að hjálpa fólkinu að finna vinnu,“ segir Sadigov en ekki virðist mikla vinnu að hafa úti um landið, í þessum hverfum er það helst í skólunum eða heilsugæslustöðinni því ekki er um neinn iðnað að ræða eða atvinnuskapandi starfsemi aðra en landbúnað. Aserar byggja efnahag sinn einkum á olíunni og fer sú starfsemi mestmegnis fram á Kaspíahafi eða við Kaspíahafsströndina. Olían er síðan flutt með olíuleiðslu í gegnum Georgíu til Tyrklands.

nettó nettó nettó nettó nettó

# LAUGARDAGSBOMBA Í NETTÓ




1959

**MACHINTOSH 2,9 KG. AÐEINS 1.959 KR/DS**




1199

**NÓA KONFEKT 800 GR. AÐEINS 1.199 KR/KS**

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Gildir í dag laugardag eða meðan birgðir endast.
www.netto.is

nettó

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# Komplexar og ástarsorgir

Stöllurnar **Þóra Sigurðardóttir** og **Marta María Jónasdóttir** voru að gefa út bráðskemmtilega unglingabók sem fjallar um hina fimmtán ára Klöru Thoroddsen. *Anna Margrét Björnsson* tók þær Þóru og Mörtu í sannleikann eða kontór um pínlegheit eigin unglingsára.



SANNLEIKUR EÐA KONTÓR: ÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR, RITHÖFUNDUR OG FYRRVERANDI KYNNIR STUNDARINNAR OKKAR.

**Við hvaða aðstæður roðnaðir þú mest?**
Þegar einhver sem maður var hrifinn af svo mikið sem leit á mann. Þurfti yfirleitt ekki meira til. Svo fór maður heim og rangtúlkaði míkrósekúndna augnsambandið út í hið óendanlega.
**Hvaða útlitskomplexa varstu með á unglingsárunum?**
Augntennurnar komu út úr gómnum á mér þannig að í nokkra mánuði leit ég út eins og vampíra. Svo var ég líka frekar seinþroska og gleymi seint gleðinni sem fylgdi fyrsta Freemans-brjóstahaldaranum. Loksins var ég orðin kona. Svo var ég með fæðingarblett í andlitinu sem óx skelfilegt hár úr og gott ef nefið á mér var ekki nokkrum númerum of stórt!
**Í hvað eyddir þú fermingarpeningunum?**
Eitthvað algjörlega ömurlegt! Man allavega ekki eftir því.
**Hver voru hryllilegustu tískumistökin?**
Permanent, Tark-buxur, þykkur varablýantur og appelsínugul gleraugu.
**Hvað ætluðir þú að verða þegar þú varðst stór?**
Frú Bret Michaels! Eina takmark mitt í fjölda ára var að giftast gullinhærða glysrokkaranum í Poison! Man ennþá hvenær mannfjandinn á afmæli!
**Hvað gerðuð þið á föstudögum eftir skóla?**
Heim að þrífa. Maður þurfti að vinna fyrir vasapeningnum. Mitt djobb var að þurrka af. Á kvöldin fór maður síðan að hitta vinina.
**Hvar hénguð þið með vinum ykkar? Hvar var aðalstaðurinn?**
Félagsmiðstöðin og sjoppan!
**Nú er þetta fyrir tíma MSN og SMS-skilaboða. Hvernig nálguðust þið þá sem þið voruð skotnar í?**
Yfirleitt með því að vinkonur mínar byrjuðu með þeim og ég fékk að hanga með. Einu sinni fékk ég meira að segja að hætta með strák fyrir vinkonu mína í kaupfélaginu á Blönduósi – því hún nennti því ekki. Dömpaði honum við Helly Hansen-sokkarekkann! Umræddur drengur var Árni Þór Vigfússon og við höfum oft hlegið að þessari skelfingu í seinni tíð.
**Hvað kom ykkur mest á óvart í fyrstu samböndum við hitt kynið?**
Hvað þeim fannst vinkonur mínar yfirleitt miklu sætari en ég.
**Eftirminnilegasta ástarsorgin?**
Þegar Gugga vinkona byrjaði með Atla! Ég skil ekki ennþá hvernig reglurnar gátu verið svona sikk! Hvernig gat það verið í lagi að byrja með stráknum sem besta vinkona þín svaf ekki út af! Ég var lengi að jafna mig á því áfalli og sneri mér tímabundið að New Kids on the Block.
**Veistu hvar fyrsta ástin í lífi þínu er stödd í dag?**
Hann var nýkominn úr meðferð síðast þegar ég vissi.
**Svindlaðir þú einhvern tíma á prófum?**
Já, og var afbragðs flink í því.
**Verstu vandræði sem þú komst þér í?**
Úff, ég man að útivistartíminn var alltaf vesen. Ég og vinkona mín þurftum alltaf að koma fyrstar heim og það var ekki til sú afsökun sem við höfðum ekki notað. Sú besta var sjálfsagt drullupollurinn sem við duttum í með þeim skelfilegu afleiðingum að úrin okkar blotnuðu og því – af mjög svo skiljanlegum ástæðum – gátum við ekki komið heim á réttum tíma! Ég gæti sagt margt meira og verra en af tillitssemi við foreldra mína læt ég hér staðar numið.
**Hvað myndir þú leggja aðaláherslu á sem foreldri unglings?**
Opin tjáskipti held ég að séu númer eitt, tvö og þrjú. Svo má maður heldur ekki gleyma því að unglingar eru hundrað sinnum slyngari en meðalforeldrið ætlar þeim. Ég myndi því sjálfsagt vera við öllu búin en vona – og svo sannarlega reyna – mitt besta.
**Gastu rætt við foreldra þína um „syndirnar þrjár“ – kynlíf, dóp og áfengi?**
Nei, það hefði liðið yfir mömmu og pabba og sjálfsagt mig í leiðinni.
**Finnst þér unglingar vera eitthvað öðruvísi í dag en þegar þú varst fimmtán ára?**
Tískan er heppilegri og stelpurnar þar af leiðandi sætari. Tark-buxur og hvítur augnblýantur voru ekki að gera mikið fyrir mann – hvað þá þegar maður toppaði vitleysuna með permanenti.
**Er söguhetja bókarinnar, Klara Thoroddsen, byggð að einhverju leyti á eigin reynslu?**
Í mínu tilfelli held ég að Klara sé fantasía – hún er allt það sem ég hefði viljað vera án þess þó að fara út í öfgar. Það er fullt af sönnum atvikum í bókinni sem koma bæði úr manns eigin lífi sem og lífi vinkvennanna. Klara er til dæmis tuttugu sinnum úrræðabetri og sjálfsöruggari en ég var og ábyggilega sjö sinnum meira töff. Hún myndi til dæmis aldrei setja í sig permanent!

> Ég sé Bjarna Arason reglulega niðri í matsal og vona heitt og innilega að hann viti ekki að ég var geðsjúklingurinn sem sendi honum tyggjóplötur í pósti þegar ég var tólf ára.“

SANNLEIKUR EÐA KONTÓR: MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR, RITHÖFUNDUR OG BLAÐAMAÐUR

**Við hvaða aðstæður roðnaðir þú mest?**
Maður var með stöðugan fiðring í maganum út af einhverjum hlutum. Ætli það hafi þó ekki oftast tengst strákum.
**Hvaða útlitskomplexa varstu með á unglingsárunum?**
Mér fannst ég vera allt of feit og hugsaði með mér að ég myndi aldrei giftast út af því. Breiðir kjálkar fylgdu svo í kjölfarið. Á tímabili var ég orðin mjög flink í því að hafa sítt hár fyrir andlitinu til að fela þennan „útlitsgalla“.
**Í hvað eyddir þú fermingarpeningunum?**
Þeir voru frystir í banka en komu eins og himnasending inn í líf mitt þegar ég var 17 ára. Þá fóru þeir upp í bíl sem síðar varð að íbúð og enduðu í raðhúsi. Fermingargræjurnar mínar lifa líka ennþá góðu lífi og það er slegist um að fá þær lánaðar.
**Hver voru hryllilegustu tískumistökin?**
Að halda að hneppt ullarpeysa gæti falið á manni vaxtarlagið með því að toga hana niður fyrir rass. Svo var maður í Levi's 501 sem er versta snið í heimi ef þú ert með mitti og mjaðmir. Þegar ég náði tökum á því að sauma breyttist hins vegar allt og þá tók við ódauðlegt „taftefnis“ tímabil.
**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varðst stór?**
Fyrst ætlaði ég að verða sjónvarpskona í 19:19 á Stöð 2 en eftir að þátturinn var lagður niður vandaðist málið. Það eina sem ég var viss um var að ég ætlaði að verað forrík, en það hefur eitthvað látið á sér standa.
**Hvað gerðir þú á föstudögum eftir skóla?**
Við vinkonurnar fórum alltaf í Kringluna, ekki til að kaupa okkur föt heldur til að skoða stráka og fara á Kvikk til að deila einum skammti af brauðstöngum. Alla föstudaga labbaði maður hring eftir hring eftir hring og skemmti sér konunglega. Ef maður var heppinn var manni boðið í partí í öðrum hverfum og það þótti náttúrlega mun smartara en að hanga allar helgar í Árbæ-city.
**Hvar hékkstu með vinum þínum? Hvar var aðalstaðurinn?**
Fyrir utan Kringluferðir var félagsmiðstöðin Ársel heitasti staðurinn.
**Nú er þetta fyrir tíma MSN og SMS-skilaboða. Hvernig nálgaðist þú þá sem þú varst skotin í?**
Ég byrjaði eiginlega ekki að ná alvöru tengslum við stráka fyrr en ég fékk gemsa átján ára gömul. Fyrir þann tíma var maður aðallega í því að labba framhjá heimilum þeirra sem maður var skotinn í og ég var orðin snillingur í að draga vinkonur mínar með mér í þessa leiðangra. Það sem við græddum á þessu var ekkert nema kannski fróðleikur um gardínusmekk mæðra þeirra.
**Hvað kom þér mest á óvart í fyrstu samböndum við hitt kynið?**
Hvað strákar voru einhvern veginn allt öðruvísi en mann hafði grunað. Yfirleitt var maður sjálfur búinn að ákveða hvernig persónuleika viðkomandi strákar hefðu að geyma. Það voru mikil vonbrigði þegar maður fattaði að þeir væru bara mannlegir eins og maður sjálfur.
**Hver er eftirminnilegasta ástarsorgin?**
Þegar strákurinn sem ég var búin að vera skotin í í nokkur ár eignaðist kærustu. Þetta var svona ást í leyni, hann vissi örugglega ekki að ég elskaði hann.
**Veistu hvar fyrsta ástin í lífi þínu er stödd í dag?**
Bjarni Arason vinnur á Bylgjunni. Ég sé hann reglulega niðri í matsal og vona heitt og innilega að hann viti ekki að ég var geðsjúklingurinn sem sendi honum tyggjóplötur í pósti þegar ég var tólf ára.
**Svindluðuð þið einhvern tímann á prófum?**
Já, já, maður varð að redda sér!
**Verstu vandræði sem þið komuð ykkur í?**
Fjórum dögum eftir að ég fermdist bauð ég bróður mínum á rúntinn á bíl foreldra okkar. Ég var fjórtán ára og hann tólf ára. Þegar ég var að keyra inn á bílaplanið fipaðist ég, enda ekki með bílpróf, ýtti á bensíngjöfina í staðinn fyrir bremsuna með þeim afleiðingum að bíllinn endaði framan á bílskúrshurðinni. Bíllinn var splunkunýr og gereyðilagðist, sem vakti litla kátínu á heimilinu. Mér var ekki fyrirgefið fyllilega fyrr en í fyrra.
**Hvað munduð þið leggja aðaláherslu á sem foreldrar unglings?**
Að vera vinur unglingsins og reyna að taka húmorinn á það sem upp getur komið.
**Gátuð þið rætt við foreldra ykkar um „syndirnar þrjár“ – kynlíf, dóp og áfengi?**
Það var ekki rætt á neinum alvarlegum nótum, meira í gríni. Boðskapurinn var að það væri sjoppulegt að reykja og áfengi ætti að nota í hófi. Kynlífið komst aldrei á grínlistann enda stóralvarlegt mál.
**Finnst ykkur unglingar vera eitthvað öðruvísi í dag en þegar þið voruð fimmtán ára?**
Við vorum miklu meiri nördar en á sama tíma er ég þakklát fyrir að það var ekki búið að finna upp bloggið. Þá gengi maður um með hauspoka, betra að geyma unglingahugsanir í dagbókum í geymslunni þar sem sólin skín aldrei.
**Er söguhetja bókarinnar, Klara Thoroddsen, byggð að einhverju leyti á ykkar eigin reynslu? Eru einhver sönn atvik í bókinni og frá hvorri ykkar komu þau?**
Já og nei, meira fært í stílinn. Það sem Klara upplifir gerðist frekar hjá vinum manns eða yngri systkinum og auðvitað hefði maður viljað vera jafn klár og orðheppinn og Klara.




**Meiri gæða-harðfisk!**

Samkvæmt nýrri rannsóknarskýrslu Matís er harðfiskur enn hollari en áður var talið, prótínríkur og inniheldur mikið af vítamínum og bætiefnum. Okkar kælda framleiðsluaðferð kemur mjög vel út í öllum samanburði.

Fæst í flestum matvöruverslunum og á bensínstöðvum um allt land

GÆÐAFISKUR
NÆRING OG HOLLUSTA



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki







„Ég hef haldið tryggð við Honduna og hún við mig," segir Viktoría. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Keypti bíl tveimur árum áður en hún fékk bílpróf

***Bíladellan hefur lengi loðað við Viktoríu Lýðsdóttur leikskólastarfsmann. Hún byrjaði því snemma að safna sér fyrir góðu farartæki og festi kaup á Hondu Civic þegar hún var fimmtán ára.***

„Ég er forfallin bílaáhugamanneskja. Hondan mín er samt ósköp venjulegur stelpubíll sem ég er búin að eiga frekar lengi því ég keypti hana tveimur árum áður en ég fékk bílprófið. Pabbi vildi að ég færi í æfingaakstur á eigin bíl frekar en hans," segir Viktoría þegar hún er spurð um bílinn. Hún kveðst hafa unnið í ísbúð sem unglingur og verið dugleg að leggja fyrir svo hún gæti fest sér bíl sem allra fyrst. Skyldi hún hafa verið með bíladelluna í blóðinu frá því hún fæddist? „Já ég man ekki eftir mér öðruvísi en hugsandi um bíla. Smitaðist af afa og bróður mínum sem eru algerir bíladellukallar." En hvað gerði hún við bílinn meðan hún beið eftir prófinu? „Ég þvoði og bónaði hann næstum vikulega þó ég fengi ekki að keyra hann og pabbi spaugar með að ég hafi boðið bílnum góða nótt á hverju kvöldi. Það var auðvitað frekar fúlt að þurfa að bíða svona lengi eftir að fá að setja í gang og bruna af stað og þegar ég fékk æfingaleyfið fengu foreldrar mínir engan frið. Þá var alltaf verið á rúntinum."

Viktoría segir Honduna vera af árgerð 1998. „Ég fékk hana fyrir fjórum árum og hún hefur aldrei bilað. Þó hef ég notað hana heilmikið á höfuðborgarsvæðinu og oft farið á henni upp í sveit. Hún hefur reynst mér sérlega vel," segir hún og strýkur nett yfir húddið.

Viktoría kveðst á tímabili hafa hugleitt að fara í bifvélavirkjun en af því hafi ekki orðið enn. Spurð hvort hún gæti gert við Honduna ef hún bilaði svarar hún hlæjandi. „Ég fer létt með að skipta um perur og dekk en ræð ekki við stórvægilegar bilanir. Þá fengi ég hjálp hjá bróður mínum og mági."

Þó Viktoría sé ánægð með Honduna viðurkennir hún að annar draumabíll sé í sigti. „Ég neita því ekki að mig langar að fara að skipta og sportbíll af gerðinni Mazda3 heillar."

*gun@frettabladid.is*


**HÚSGAGNA - LAGERSALA**

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Eldhúsborð
- Rúmgaflar
- Rúm í ýmsum stærðum og gerðum

**Verðdæmi:**
**Leðursófasett** áður kr. 239,000
nú **89,500**
**Borðstofustóll** áður 17,000
nú **5,000**

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

**Skóflu** er ekki svo galið að hafa með í bílnum. Þetta á sér í lagi við um jeppaferðir þar sem farið er um fjallvegi og ferðast í fannfergi. Ef bíllinn festist þá má alltaf grípa í skófluna og athuga hvort hún komi ekki að gagni.






ekill ehf

Ökunám í fjarnámi !!!!

Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.

Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is

Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólanámskeið.

Næsta námskeið hefst 9.nóvember á Akureyri

Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is **ekill@ekill.is**

# Rýmra um Lexus í nýjum sýningarsal í Kópavogi

***Lexus opnaði nýjan sýningarsal í gær á Nýbýlavegi 2 í Kópavogi. Þar er aðstaða öll hin glæsilegasta.***



Ekkert hefur verið til sparað við gerð nýja sýningarsalarins við Nýbýlaveg.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við erum að stækka við okkur, færa okkur inn í nýjan sýningarsal þar sem við komum fleiri bílum fyrir en í þeim gamla og það verður rýmra um þá. Aðstaðan batnar þannig til muna og uppfyllir alla staðla Lexus í Evrópu,“ segir Arnar Gíslason, sölustjóri Lexus, og heldur áfram. „Stærsta breytingin er þó að við tökum í notkun nýjan sal þar sem við afhendum bílana og bætum þannig þjónustuna við viðskiptavini. Við erum líka með verkstæðismóttöku sem var áður annars staðar til húsa. Ef menn eru með bilaðan bíl þá koma þeir beint til okkar og við sjáum um málið.“

Arnar segir húsnæðið hafa verið fyrir hendi en það hafi þurft talsverðra breytinga við. „Hér var aukahlutaverslun Toyota og lagerrými. Þetta er endahúsið á Nýbýlaveginum, alveg við götuna, og á hæðinni fyrir ofan er hraðþjónusta.“

Lexus er lúxusvörumerki hjá Toyota. Sérframleiðsla sem til er bæði í fólksbílum, jeppum og jepplingum,“ að sögn Arnars. „Allt frá lágum fólksbílum upp í stóra viðhafnarbíla, líkt og forsetaembættið er með,“ segir hann. Aðspurður segir hann söluna ganga vel og Lexus alltaf að fjölga á götunum. „Þetta eru líka gæðabílar,“ tekur hann fram.

Umbæturnar eru ekki aðeins innan dyra heldur líka utan. „Við vorum að bæta við bílastæðum og auka merkingar þannig að aðkoman er mun betri fyrir viðskiptavininn en áður,“ segir Arnar og bætir við að lokum: „Ég þori að fullyrða að hér er einn flottasti sýningarsalur á landinu og þótt víðar væri leitað því hér hefur vel verið vandað til alls.“

*gun@frettabladid.is*







HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 07-0841

EIGENDASKIPTI ÖKUTÆKJA Á VEFNUM

Umferðarstofa, í samstarfi við Glitni og Kaupþing, býður nú þann möguleika að tilkynna eigendaskipti og ganga frá skráningu meðeigenda og umráðamanna bifreiða með rafrænum hætti á vef Umferðarstofu.

**Kynntu þér þessa einföldu og þægilegu nýjung á www.us.is.**

www.us.is

UMFERÐARSTOFA GLITNIR


Nýr Volkswagen Tiguan kom á markað í Þýskalandi í nóvember.

# Stór hluti Tiguan endurvinnanlegur

***Hlutfall endurvinnanlegra hluta í Volkswagen Tiguan er 85 prósent og hlutfall endurnýtanlegra hluta 95 prósent.***

Volkswagen Tiguan hlaut nýlega vottun Federal Motor Transport Authority (KBA). Vottunin staðfestir að hlutfall endurvinnanlegra hluta í Tiguan er 85 prósent og hlutfall endurnýtanlegra hluta 95 prósent. Er þetta í fyrsta sinn sem bílaframleiðandi fær slíka vottun fyrir bíl sem nýkominn er á markað en hinn nýi Volkswagen Tiguan kom á markað í Þýskalandi 9. nóvember síðastliðinn.

Í ágúst í sumar hlaut Volkswagen einnig ÖkoGlobe 2007 viðurkenningu fyrir bestu förgunaráætlun bílaframleiðenda en VW og SiCon GmbH hafa unnið að þróun endurvinnsluferlis við förgun ökutækja frá árinu 1999.

Frá desember 2008 verður öllum bílaframleiðendum skylt að leggja fram staðfest mat á endurvinnsluhlutfalli þegar sótt er um gerðarviðurkenningu nýrra bifreiða. *- sgi*

# Hugmyndabíll frá Audi

***Audi Cross Cabriolet quattro-hugmyndabíllinn var kynntur á bílasýningunni í Los Angeles á dögunum.***

Hugmynd að Audi-blæjubíl var kynnt á bílasýningunni í Los Angeles sem hófst 14. nóvember og stendur til 24. nóvember. Bíllinn heitir Audi Cross Cabriolet quattro.

Bíllinn er tvennra dyra og fjögurra sæta, 4,62 metrar að lengd. 240 hestöfl leynast undir húddinu í hinni þriggja lítra túrbó dísilvél. Blæjubíllinn er með sídrifi sem á að gera hann mjög ánægjulegan í akstri við flestar aðstæður og í kröppum beygjum.

Bílasýningin í Los Angeles hefur verið haldin árlega frá árinu 1907 og er því hundrað ára í ár. Fyrsta sýningin fór fram á skautasvæði borgarinnar en í dag er hún haldin í ráðstefnumiðstöð borgarinnar.

*- sgi*


Audi Cross Cabriolet quattro-hugmyndabíllinn var kynntur á bílasýningunni í Los Angeles.


Fasteignablaðið
512 5469
694 4103
Ruth Bergs
ruth@365.is







iPhone
Til sölu
s: 847-5595



2006
RANGE ROVER HSE





Einn fallegasti Range landsins
ekinn 19 þ km. Með öllum þeim aukabúnaði sem völ er á . Kemur á 22" felgum en einnig fylgja með orginal 19" felgur og dekk.
Uppl í S: 8965002. Árni



Panther · Eagle alloys · GROUND HAWG · KUMHO TYRES · MICHELIN · SUPER SWAMPER · U.S. wheel EST. 1986 · COOPER TIRES

N1





SUPER SWAMPER IROK FÁANLEGT Í 33 - 49" 15 -18" FELGUR
SUPER SWAMPER SSR FÁANLEGT Í 35 - 38" 15 -18" FELGUR
GROUND HAWG II FÁANLEGT Í 36 - 44" 15 -16,5" FELGUR
COOPER DISCOVERER ATR JEPPA OG JEPPLINGADEKK
COOPER DISCOVERER M+S JEPPA OG JEPPLINGADEKK





EAGLE ALLOYS 1144
DOTZ LUXOR
EAGLE ALLOYS POLISHED
U.S. WHEEL SILVER TRACKER
U.S. WHEEL CHROME TRACKER

DEKK OG FELGUR
FYRIR JEPPA

Fellsmúla 24, Rvk. s: 530 5700
Réttarhálsi 2, Rvk. s: 587 5588
Ægisíðu 102, Rvk. s: 552 3470
Langatanga 1, Mos. s: 566 8188
Reykjavíkurvegi 56, Hfj. s: 555 1538
Dalbraut 14, Akranes. s: 431 1777

2779 / TA 10.2007

N1 HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
WWW.N1.IS



Sendum frítt um land allt!
Jeppadekk
GT RADIAL
MAXXIS





Heilsársdekk
31" kr. 12.900
(31x10.50R15)
33" kr. 15.900
(33x12.50R15)
Úrval annarra stærða upp í 38".
Felgustærð 15", 16" 17" og 18".
Nánar á jeppadekk.is
Við mælum með míkróskurði
JEPPADEKK.is
Alorka • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080
PIPAR • SÍA • 70622



FJAÐRIR OG GORMAR
Í FLESTAR GERÐIR
JEPPA
Japan/U.S.A.





FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000



visir.is
Fyrstur með fréttirnar

**Augnlínupenni** er vinsæll nú í vetur og minnir á töfra hinna klassísku kvikmynda. Margar Hollywood-stjörnur hafa tekið ástfóstri við augnlínupennann og má þar til dæmis nefna Angelinu Jolie sem er sérstaklega glæsileg með svört breið strik á augnlokunum.



# Vor hjá Valentino

***Rómantíkin verður allsráðandi vorið 2008.***

Valentino hefur afhjúpað vorlínu ársins 2008 sem er í aðra röndina afturhvarf til fortíðar, með ákveðnum vísunum í fimmta áratug síðustu aldar. Klassískir síðkjólar og hnésíðir kjólar eru áberandi, ýmist einlitir, tvílitir eða doppóttir og þá helst í svörtu og hvítu, bleiku, rauðu og fjólubláu. Klassískt og rómantískt.

*- rve*



Hnésíðir, rómantískir kjólar verða áberandi næsta sumar.



Doppóttir kjólar eru áberandi í vorlínu Valentinos.









# Hlýtt fyrir veturinn

***Nú þegar veturinn er farinn að gera vart við sig er þó engin ástæða til að láta sér verða kalt því mikið úrval af góðum hlífðarfatnaði má finna í verslunum á þessum árstíma.***

Heilmikið úrval er af hlífðarfatnaði í verslunum í dag og því ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Húfur, vettlingar, treflar og kragar eru til í ýmsum litum og gerðum svo nú er bara að hafa augun opin og gefa sköpunargáfunni lausan tauminn. Húfa og vettlingar í fallegum litum geta til dæmis lífgað heilmikið upp á svarta kápu.

*- sig*



Skemmtileg húfa með litlu deri frá Accessorize í Kringlunni. Verð: 2.499 krónur.



Upphäar grifflur með gati fyrir þumalinn frá Friis Company í Kringlunni. Verð: 1.990 krónur.



Svört og hlý húfa með semilíusteinum frá Friis Company í Kringlunni. Verð: 1.890 krónur.



Falleg og góð húfa frá Company í Kringlunni. Verð: 3.990 krónur.



Þykkur og hlýr kragi undir kápuna eða jakkann frá Company í Kringlunni. Verð: 3.990 krónur.



Hlýir og notalegir hanskar frá Accessorize í Kringlunni. Verð: 2.099 krónur.

# Stjörnustíll

***Pönkari og prinsessa.***

Kvenleiki og fínlegheit koma líklega ekki fyrst upp í hugann þegar talað er um söngkonuna smáu Avril Lavigne. Víðar buxur í hermannalitum, hlýrabolir, grófir klossar og dökkur augnfarði er það sem flestir tengja við hina orkumiklu stjörnu. „Ekki bögga mig,“ virtist Avril segja með þessum klæðaburði og átti vel við persónuna og tónlistina.

Hin síðari ár hefur þó borið á nokkrum tilburðum af hálfu Avril að klæðast kvenlegar. Fyrst fór líklega að bera á þessu árið 2004 þegar stúlkan fór að birtast í pilsum og jafnvel kjólum við ýmis tækifæri. Yfirleitt var þó lítið kvenlegt við þann klæðnað enda undirstrikaði Avril útlitið með hermannaklossum og bleikum strípum.

Árið 2006 urðu svo vatnaskil þegar söngkonan kom fram á nokkrum samkomum í settlegum kjól og háum hælum. Dökki maskarinn var látinn flakka fyrir léttan farða og kom þá í ljós ljómandi fögur ung kona.

Það er þó ekki þar með sagt að Avril sé að taka stökkbreytingum. Yfirleitt kann hún best við sig í víðum hettupeysum og pokabuxum. En hún hefur sýnt og sannað að hægt er að aðhyllast fleiri en einn stíl.

*- sgi*



Í hermannaklossum og kjól.



Komin á háa hæla.

## Litir norðurpólsins

LEYFÐU HUGMYNDAFLUGINU AÐ TAKA VÖLDIN MEÐ GLITRANDI LITUM NÁTTÚRUNNAR.

Í nýrri sexlitapallettu Creative Eyes-augnskugganna frá Nivea Beauté má finna allt frá glansandi hvítum litum ískalds norðurpólsins yfir í bláa og græna lóntóna, en með hverjum lit fæst frelsi til að velja skugga- og litablöndur sem allar eiga sér samhljóm í náttúrunni. Augnskuggarnir haldast lengi án þess að klessast og tryggja hrífandi útlit, en alla litina má nota eina sér eða í bland við aðra tóna. Hægt er að velja létta, náttúrulega tóna á daginn en þyngri liti á kvöldin. Ef húðin er ljós eru hlýir náttúrutónar klæðilegastir. Brúnettur með ívið dekkri húð geta notað kalda og litríkari tóna og rauðhausar eru fegurstir með jarðliti umhverfis augun. *- þlg*





# hús&heimili

LAUGARDAGUR 17. NÓVEMBER 2007

● INNLIT

## Leynilundur í fögrum skógi

● Í UPPÁHALDI

## Bergsteinn Björgúlfsson selur ekki hljóðfærin sín

● HEIMILIÐ

## Kaffiilmur í eldhúsinu

FRÉTTABLAÐIÐ




TILBOÐ KR. 139.000.-

KARMA COMPOSITION - HILLUSAMSTÆÐA Verð kr. 198.000.-



Nýtt

Rafstýrður afturhallandi hvíldarstóll með innbyggðum skemmli og einnig lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum.
Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar.

Tilboðsverð m/ákl.
kr. 75.500.-
Tilboðsverð m/leðri
kr. 95.500.-



Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

Vandaður slökunarstóll með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir

Tilboðsverð m/ákl.
kr. 39.000.-
Tilboðsverð m/leðri
kr. 59.000.-



HEIMILISHALD

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR

# Ást á palesandergarmi

Ífyrra fengum við vinkonurnar algera tímamótahugmynd en hún gekk út á það að býtta á borðstofuborðum. Þar sem ég var í tímabundinni fýlu út í palesanderborðið mitt ákvað ég að slá til. Sama dag var ég búin að leggja niður sætin í bílnum mínum, búin að troða borðinu mínu aftur í og komin vestur í bæ þar sem býttin ógurlegu áttu að fara fram. Í staðinn fyrir hinn merkilega palesander fékk ég glært plastborð sem hafði sómt sér sérlega vel á heimili vinkonu minnar. Ég sá hennar borð í hillingum enda hafði það alltaf verið óstjórnlega fagurt á hennar heimili. Þegar þriðja vinkonan frétti af þessu varð hún svo æst af spenningi að hún vildi endilega skipta á borði við hina vinkonu mína. Við mynduðum því ódauðlegt skiptiborðaþríeyki.

Ég dröslaði plastborðinu í bílinn minn og ætlaði aldrei að koma því órispuðu heim. Einhvern veginn náði ég að fela rispurnar undir bleikum hörlöber og svona fyrsta hálftímann var ég bara nokkuð sátt. Eða þar til ég ákvað að flytja. Þá komst ég að því að gamla borðið mitt ætti eiginlega best heima heima hjá mér og dauðsá eftir öllu saman. Ég hringdi því í hina meðlimi þríeykisins með von um að býttitímanum væri lokið. Vinkonum mínum fannst það um það bil versta hugmynd í heimi þar sem þær voru báðar alsælar með þessi viðskipti. Ég verð að játa að þetta olli mér miklum vonbrigðum og mér fannst ég mesti lúser í heimi að hafa samþykkt þetta enda vissi ég ekki til að díllinn hefði verið innmúraður.



Þegar ég ræddi stóra borðamálið við betri helminginn var eins og að tala við vegg. Í þokkabót fullyrti hann að þessi palesandergarmur hefði aldrei sómt sér heima hjá okkur og hann væri alsæll að hafa losnað við „vibbann“. Hann minnti mig á að borðið hefði kostað álíka mikið og Living Ect og Elle Decoration til samans og spurði hvort það hefði eitthvað komið fyrir. Ég væri ekki vön að missa fótanna út af 2.000 krónum og stakk upp á því að ég myndi bara fara aftur í Góða hirðinn og kaupa nýtt.

> Hann minnti mig á að borðið hefði kostað álíka mikið og Living Ect og Elle Decoration til samans og spurði hvort það hefði eitthvað komið fyrir.

Næsta dag settist ég upp í bílinn minn og ráfaði örvæntingarfull á milli betri verslana bæjarins í von um að finna staðgengil „palesandergarmsins“ en fann ekkert. Hálfu ári seinna fékk einn af meðlimum borðaþríeykisins þá snilldarhugmynd að flytja til útlanda. Ég hoppaði af gleði þegar vinkonan sagði að ég mætti sækja gamla borðið mitt. Stuttu síðar hringdi hin vinkonan alveg miður sín og spurði hvað ég ætlaði eiginlega að gera við hennar borð. Ég sagði henni að við hefðum rætt þetta og dílnum væri ekki hægt að slaufa. Nú sit ég uppi með tvö borð og er alsæl!



**Forsíðumynd:** Völundur Jónsson tók þessa mynd af Unni Jökulsdóttur og hundinum hennar Karra. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



Bergsteinn Björgúlfsson geymir uppáhalds hlutinn sinn úti í skúr. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Selur ekki hljóðfærin sín

Bergsteinn Björgúlfsson er ekki mikill efnishyggjumaður og er trommusettið hans dýrmætasta veraldlega eiga.

Kvikmyndagerðarmaðurinn Bergsteinn Björgúlfsson var áberandi á Edduverðlaunahátíðinni sem fór fram um síðustu helgi og var alloft kallaður upp á svið til að taka við verðlaunum. Ekki er þó víst að hann muni gera mikið úr styttunum sem hann fékk því hann segist lítill efnishyggjumaður og á í vandræðum með að láta sér detta eitthvað veraldlegt í hug sem hann heldur upp á.

„Ég hugsa þó að á heimilinu beri ég mestar taugar til trommusettsins, segir Bergsteinn „þó að það fái reyndar að dúsa út í skúr,“ bætir hann við. Hann segist þó spila allt of lítið í seinni tíð enda fjölskyldumaður sem hefur nóg á sinni könnu. „Það er helst að ég spreyti mig með hljómsveit minni Íslands eina von en við höfum töluvert spilað á dansleikjum.“ Bergsteinn segist þó hafa tekið spilamennskuna af meiri alvöru áður þegar hann var í pönksveitinni Jonee Jonee á Rokk í Reykjavík tímabilinu.

Bergsteinn hefur átt settið góða í ein tíu ár. Það er af Pearlgerð og segir hann það hafa verið það allra flottasta á sínum tíma. „Ég er þeirrar skoðunar að maður eigi aldrei að selja hljóðfæri, ekki nema maður kaupi annað betra,“ segir Bergsteinn.

Frá trommusettinu er aftur vikið að Edduverðlaununum en auk þess að bera sigur úr býtum í flokki heimildarmynda fyrir mynd sína Syndir Feðranna fékk Bergsteinn Eddu fyrir kvikmyndatöku í Foreldrum og átti þátt í fleiri verðlaunum. Hann er að vonum ánægðastur með velgengni heimildarmyndarinnar enda hafði hann unnið að gerð hennar í sjö ár en hún fjallar um níðingsverk sem framin voru á drengjum sem voru vistaðir á Breiðavíkurheimilinu um miðbik síðustu aldar. Bergsteinn vonar að sem flestir fari að sjá myndina en hún er enn sýnd í bíó auk þess sem stefnt er að því að fara með hana út á land. „Það hvíldi leynd yfir svo stórum hluta af íslenskri sögu allt þar til þetta sprakk út í fjölmiðlum,“ segir Bergsteinn. „Þá fannst mér reyndar svolítið klæmst á þessu en þetta er þrjátíu ára saga og ég held að það sé mannbætandi að fara á þessa mynd. Það var að minnsta kosti mannbætandi að búa hana til,“ segir verðlaunahafinn hinn ánægðasti. *- ve*



Danfoss ofnhitastillar

Danfoss

Háþróuð og notendavæn hitastýring sem veitir þægilega húshitun og hámarks orkusparnað
Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu ofnhitastilla

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

# Sofðu vel um jólin

## Vaxtalaust jólatilboð, 6. mán.

**JÓLATILBOÐ**

### Hágæða hlífðardýnur, lök og konfektkassi fylgja öllum stillanlegum rúmum.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm kr. **219.900** stgr.




### Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.

**Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 1999.**

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði.
- Hægt að fá stillanlega fætur sem ráð hæð rúmsins.
- 5 ára ábyrgð.






Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm kr. **369.900** stgr.

### Sá nýjasti og besti frá Leggett

**S-CAPE WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú við hlið náttborðsins.**

- Upplýst þráðlaus fjarstýring með öllum stillingum.
- Uppáhalds stilliminni á fjarstýringu.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Afar hljóðlátir og sterkir þýskir lyftumótorar.
- 2 öflugir nuddmótororar með sjálfvirkum tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- Öll liðamót úr næloni.
- 12 ára ábyrgð á mótor og grind.




**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



Hundurinn Karri í ástarhorninu svokallaða sem tekur mið af feng-shui fræðum.





Vaskurinn er upprunalegur og hefur alltaf verið í húsinu.



Í ævintýragarðinum gróðursæla er lítill kofi fyrir heimasætuna.



Flísarnar á baðherberginu eru innfluttar frá Mexíkó en Unnur sagði að flísaleggjarinn hefði í fyrstu fengið áfall þegar hann sá hve skakkar þær voru en sættist smám saman á þær þegar þær röðuðust saman. Könnurnar í glugganum keypti faðir Unnar í Istanbúl.

Eldiviður úr skóginum tilbúin til notkunar í kamínuna.

# Leynilundur í fögrum skógi

Í Heiðmörk er fallegt um að litast og fyllist maður mikilli kyrrð í hjarta þegar ekið er þrönga vegarslóðana. Þó svo borgin sé steinsnar hinum megin við vatnið þá raskar það ekki þeirri ró og friði sem einkennir svæðið. Unnur Jökulsdóttir, rithöfundur með meiru, er það lánsöm að búa á þessum töfrastað en þar hefur hún skapað sér yndislegt heimili fullt af fögrum munum og andagift.

Við hittumst á haustsíðdegi og fangaði Unnur strax athygli mína þar sem ég mætti henni hárri og glæsilegri með snjóhvíta hundinn Karra. Umhverfis hús Unnar er mikið landsvæði og gróður og liggur það stutt frá hinu fallega Elliðavatni. Þegar inn er komið fyllist maður þeirri tilfinningu að hér sé gott að vera og vill helst ekki fara aftur. Unnur segir að heimili hennar sé eins og nokkurs konar safn þar sem finna má hluti sem hún hefur viðað að sér um árin.

„Ég bjó í tólf ár erlendis. Þar af bjó ég í fimm ár á skútunni Kríu og sigldi um heiminn. Það var lítið pláss þar og því bara hafðir meðferðis nauðsynlegustu hlutir. Ég kann því vel að meta það núna að eiga heimili þar sem ég get haft allt í kringum mig sem safnast hefur saman á ævinni,“ segir Unnur einlæg enda eyðir hún drjúgum tíma heima við. „Stundum vinn ég heima. Síðustu sjö árin hef ég unnið eingöngu við ritstörf en síðasta vetur leigði ég vinnustofu í Reykjavíkurakademíunni og fannst mér mjög gott að fara líka aðeins að heiman og í vinnuna,“ útskýrir Unnur.

Unnur hefur búið á Lynghóli í tæp tíu ár og er ekkert á leiðinni í burtu. En hvað kom til að hún valdi þennan sérstaka stað til að búa á? „Ég var að leita mér að stað aðeins fyrir utan borgina og þegar ég var að klára menntaskóla hafði ég unnið á sumrin sem fjárgæslumaður borgarinnar og fengið þá lánaðan lítinn kofa sem var á landinu við hliðina á þessu húsi. Ég bjó þar með hestana mína í kringum mig og svo var ég að reka kindur út úr Reykjavík þannig ég var eins konar smali Reykjavíkur,“ segir Unnur kímin og heldur áfram: „Þannig hafði ég skotið rótum hér á þeim tíma. Svo fyrir um tíu árum þegar ég er að leita mér að hús-

Unnur er mikill náttúrunnandi. Í garðinum hennar vaxa tré sem eru ævintýraleg á að líta þar sem þau teygja anga sína út og suður.






# NÝJA PLATAN KOMIN Í VERSLANIR

*„Það er greinilegt að Geir er í miklu stuði*
*á þessum diski og lögin eru frábær“*
**– Gunnar Þórðarson, tónlistarmaður**

ZONET



Hér má sjá brot af herbergi heimasætunnar Öldu. Dúkkurnar í körfunni eru alþjóðlegar og veggmyndirnar koma frá fæðingarlandi Öldu, Kína. Hægra megin er nafn hennar á kínversku og vinstra megin hin elskaða panda.

næði sé ég að þessi sumarbústaður er til leigu og ég átta mig á því að þetta er staðurinn við hliðina þar sem ég bjó fyrir mörgum árum. Þegar ég gekk hér fyrst inn á rökum marsdegi var fúkkalykt í húsinu og allt mjög dimmt og rakt en ég fann samt strax að þetta væri staðurinn minn og ákvað því að taka hann á leigu.“ Seinna á árinu gerðist það að húsið fór á sölu og þá keypti Unnur það. Upphaflega var húsið sumarhús en Unnur hefur gert það mikið upp og endurreist.

„Nálægðin við skóginn er svo góð, það er alltaf skjól í skóginum, og mér finnst gott að eiga hund því fyrir utan góðan félagsskap þá toga hundar mann út í gönguferð og kenna manni að meta náttúruna. Þeir eru einhvern veginn bara að hugsa um það sem þeir skynja með nefinu og heyra og njóta líðandi stundar,“ segir Unnur sem telur þetta vera bestu hugleiðsluna fyrir sig auk þess að spila á píanó.

Um þessar mundir er Unnur að gefa út bókina „Hefurðu séð huldufólk?“ sem er ferðasaga í máli og myndum. Þar veltir hún fyrir sér stöðu huldufólks í samtímanum á ferðum sínum um landið og leitar hún uppi sögur af huldufólki og mannfólki sem þekkir huldufólk. „Fyrir tæpum þremur árum var ég nýbúin með „Íslendinga“ og var að velta fyrir mér hvað ég ætti að gera næst. Af því að ég var búin að fara um landið í leit að efni fyrir þá bók þá heillaðist ég af því að ferðast um landið og hafa ástæðu fyrir því að trufla fólk og banka upp á bæjum. Auk þess fannst mér sérstakt hve margir af þeim sem ég talaði við töluðu um huldufólk á sama hátt og um frændur sína, stjórnmálamennina eða eitthvað slíkt,“ segir Unnur sem vildi í kjölfarið fara og kanna stöðu huldufólks í nútímanum. Unnur segist í raun vera ferðalangur í bókinni þar sem hún ferðast um landið með dóttur sinni og manni og segir ferðasöguna og tekur myndir. Bókin er því í senn afar persónuleg og fjölbreytt þar sem tekin eru viðtöl og sögur sagðar.

Auk þess að gefa út bók fyrir jólin starfar Unnur sem verkefnastjóri hjá Skógrækt Reykjavíkur og staðarhaldari á Elliðavatni. Nú fyrir jólin verður opnaður jólamarkaður í gamla hlaðna salnum á Elliðavatnsbænum í tengslum við jólatréssölu félagsins og verður hann opinn allar helgar fram að jólum frá og með næstu helgi. Það er því í nógu að snúast hjá hinni fjölhæfu Unni sem við kveðjum í faðmi trjánna í Elliðaárdal.



Tónlistin skipar sinn sess á heimilinu en þar má finna gamalt píanó sem Unnur fékk þegar hún var 9 ára og hóf nám á hljóðfærið. Alda spilar á fiðlu og ýmis lítil hljóðfæri prýða píanótoppinn. Auk þess er Unnur að læra á harmonikku og spilar í litlu harmonikkubandi. Listaverkin á veggnum eru eftir Guðrúnu Einarsdóttur hjá i8.



Hér gefur að líta brot af frumstæða horninu en Unnur hefur ferðast víða og bera ýmsir gripir á heimilinu þess merki.














**Egilsstaðir**
**Fellabær**
**Eiðar**
**Hallormsstaður**
**Brúarás**

# Fljótsdalshérað
## – Hvergi annars staðar

fljotsdalsherad.is

### Með framsækni og virðingu að leiðarljósi

Það eiga alla tíð að vera sérstök og eftirsóknarverð lífsgæði að búa á Fljótsdalshéraði, njóta þeirrar fögru náttúru og örugga umhverfis sem þar er og taka þátt í að búa núverandi og komandi kynslóðum fyrirmyndarsamfélag.

**Stefna sveitarfélagsins hvílir á fjórum stoðum sem eru:**

- **Þekking** – einn af mikilvægustu undirstöðu- og áhrifaþáttunum.
- **Þjónusta** – af fjölbreyttum toga og framsækið atvinnulíf.
- **Velferð** – þar sem íbúarnir njóta hæfileika sinna, stuðnings og hvatningar.
- **Umhverfi** – þar sem virðing fyrir samfélagi og náttúru er einkennandi.

**Verið velkomin til Fljótsdalshéraðs**



Fljótsdalshérað - Lyngási 12 - 700 Egilsstaðir - sími 4 700 700



jólatréstoppar
verð frá
**890 kr.**



einstaklega fallegt heklað jólaskraut
verð frá
**490 kr.**



glimmer jólafígúrur
**490 kr.**



jólatré með jólasveinum
**1.290 kr.**



jólatré með súkkulaði inní
gyllt og silfur
**1.890 kr.**



jólakúlur
verð frá
**290 kr.**



hnetubrjótur
**1.990 kr.**




snjókarl úr tré – dagatal
**2.690 kr.**



ilmjurtir margar tegundir
verð frá
**990 kr.**



Jólatré gyllt og silfur nokkrar tegundir
verð frá
**1.290 kr.**

the PIER




Jólavörur í miklu úrvali the PIER

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | sími: 522 7860
mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 | laugardagar 10:00 til 18:00 | sunnudagar 12:00 til 18:00
















**Shanxi-línan hefur verið mjög vinsæl og vakið athygli. Búddalíkneskin hafa slegið í gegn en sjá má tvö slík á myndinni.**


**Þessi fallegu jólahjörtu eru úr línu sem nefnist Li-Bien en það þýðir að þau eru máluð innan frá.**


**Vasar, styttur og annað borðskraut er í miklu úrvali í verslun The Pier.**


**Meðal aðalsmerkja The Pier hafa verið kertin sem eru með brennslutíma allt frá 90 og upp í 120 klukkustundir.**

# Bryggjustemning í Pier

● Verslunin The Pier var opnuð við Smáratorg í byrjun nóvember. Þar má finna breidd í stíl og fá allt frá smávörum upp í stór húsgögn. Verslunin hefur fengið góðar viðtökur að sögn Díönu Bjarnadóttur aðstoðarverslunarstjóra.

Hugmyndin að baki vörum verslunarinnar The Pier koma að sögn Díönu Bjarnadóttur aðstoðarverslunarstjóra frá starfsfólki búðarinnar sem ferðast um heiminn til að kaupa inn og fá hugmyndir að vörum til að framleiða.

„Suður- og Austur-Evrópa er heimsótt auk Afríku, Mexíkó, Kína, Indónesíu og Bandaríkjanna þannig að tilfinningin þegar komið er inn í verslunina á að vera eins og að heimækja götumarkað í fjarlægu landi,“ segir Díana og bætir við: „The Pier er staður hugljómunar og ævintýra sem tengja veröld okkar við aðra menningarheima, lífsstíl og lífshætti fólks alls staðar að úr veröldinni. Húsgögnunum er raðað upp eins og nýbúið sé að afferma skip á hafnarbakka.“

Sjálf bjó Díana í Bretlandi í nokkur ár og verslaði þá mikið í The Pier þar í landi. „Verslunin býður upp á mikla breidd og mikið úrval jafnt í gjafavöru, húsgögnum, skartgripum og öðru þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað sem þeim líkar,“ segir hún og bætir því við að verðbilið sé einnig mjög breitt.

Díana segir verslunina selja ilmkerti í mósaíkkrukkum til styrktar baráttunni gegn brjóstakrabbameini, jólakort til styrktar Unicef og Putumayo-geisladiska til styrktar bágstöddum en það er einmitt tónlistin sem leikin er í versluninni alla daga. „Þannig að það er líka hugað að því að gefa eitthvað til baka,“ segir Díana og brosir.

Til stendur að opna tvær verslanir The Pier til viðbótar hér á landi, bæði á Akureyri og við Vesturlandsveg hjá Korpúlfsstöðum og á Díana von á að þær verslanir munu fá jafngóðar viðtökur og verslunin við Smáratorg. *-sh*


**Díana Bjarnadóttir, aðstoðarverslunarstjóri The Pier, stendur hér við dekkað borðstofuborð. Hún bendir á að það sé alveg sjálfsagt að grípa skreytingar, húsgögn og fleira sem stillt er upp víðs vegar um búðina.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**SKÚLPTÚR Í VÍNREKKUM** Vínflöskur geta verið fallegar á að líta og sérstaklega þegar þeim er raðað í fallega rekka. Rekkarnir eru til í ýmsum stærðum og gerðum og er ýmist hægt að hengja þá upp á vegg eða hafa þá frístandandi líkt og skúlptúra. Hægt er að stafla sumum vínrekkunum upp og þá má verða sér úti um fleiri ef þörf krefur.

Vínrekkinn til vinstri er frá Umbra og fellur inn í nánast hvaða umhverfi sem er. Hann er úr glæru akrílplasti með mjúkum línum sem vínflöskurnar hjúfra sig að. Rekkinn tekur fimm flöskur og hægt er að stafla nokkrum saman.

Vínrekkinn til hægri er hannaður fyrir Nambe-fyrirtækið af Anacona2 sem er verðlaunafyrirtæki í hönnun. Hann er gerður úr málmi og hnotu og er afskaplega stílhreinn og glæsilegur á að líta, bæði með flöskum og án þeirra. Þar sem hann er fremur lítill og nettur er auðvelt að koma honum fyrir í eldhúshorni eða stilla honum á matarborðið til að sýna gestum hvaða vín eru á boðstólum í það skiptið. Gaman er að stilla upp eftirlætis vínflöskunum sínum sem jafnvel minna á nýfarna ferð á heillandi slóðir.



## hönnun

**FALLEGAR HIRSLUR**



Oft er fólk að vandræðast með geisladiska og dvd-hulstur og leitar ýmissa ráða til að fela gripina. Það er hins vegar ekki endilega þörf á að fela diskana því til eru sniðugar hirslur þar sem auðvelt er að ná í þá og þeir raðast snyrtilega í fallega umgjörð. Hér eru dæmi um tvær hugvitssamlegar diskahirslur.

Geisladiskageymsla frá hönnuðunum Christakos, Lazor og Blanks sem setur skemmtilegan svip á veggi. Hirslan tekur í heildina um 90 geisladiska og púslast einingarnar saman í lóðrétt munstur. Geymslan er úr málmi og fæst í hvítu, rauðu og gráu.

Hreiðrið, eins og þessi hirsla kallast, er sniðug geymsla fyrir geisladiska og dvd-diska. Í stað þess að reyna að fela diskana er þeim stillt upp í fallegt húsgagn sem stendur líkt og skúlptúr í herberginu. Hreiðrið kemur frá Tema og er úr viði.







*Svíf þú inn í svefninn*

**Hágæða sælurúm**



**Það er ekki að ástæðulausu sem við köllum þessi rúm sælurúm.**

Þessi geysivinsælu rúm eru mjög fullkomin, með **nuddi og þráðlausri fjarstýringu** sem hefur minni fyrir hinar ýmsu stillingar.

Þú getur valið um margar stærðir og mismunandi stífleika á springdýnum.

**Allir fá þá eitthvað fallegt!**

Sængurverasett,
sængur og koddar,
rúmteppi, náttborð og
margt fleira til að gleðja
þá sem að þér þykir vænt um.

**Allt eftir þínum óskum!**

**Bólstraðir höfðagaflar og botnar í mörgum litum og margs konar áklæðum.**

**Íslensk hönnun – Íslensk framleiðsla – Íslenskt, já takk!**



Hágæðarúm á góðu verði. Sjá nánar á www.rbrum.is

**Opið alla virka daga frá kl. 8 –18 og á laugardögum frá kl. 10–14.**

**RB-rúm** Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is

RB RÚM Stofnað 1943







# Kaffiilmurinn úr eldhúsinu

● Fátt þykir betra en rjúkandi kaffibolli úr nýmöluðum baunum í morgunsárið. Sumir hlaupa á næsta kaffihús til að fá sér lífgjöfina meðan öðrum líkar betur að brugga kaffið heima í eldhúsinu. Klassískar kaffivélar eru ekki í hávegum hafðar hjá kaffisælkerum sem vilja heldur espresso-vélar. Fyrir þá sem drekka kaffi sjaldan eða vilja aðeins hella upp á fáeina bolla eru pressukönnur einnig hentugar.

**1. Sanseruð Columbia** pressukanna í sérstökum stíl frá versluninni Duka. Þegar kaffi er malað fyrir pressukönnur er það haft eilítið grófara en fyrir sjálfvirkar kaffikönnur. Kaffið er sett í pressukönnuna og sjóðandi vatni hellt yfir. 9.500 krónur.

**2. Fallega skreytt** pressukanna frá Menu sem fæst í versluninni Tékk kristal. Passið að sjóða ekki vatnið of lengi áður en því er hellt yfir kaffið, annars fer súrefnið úr vatninu. Hrærið vel í en rólega, bíðið 2-3 mínútur og þrýstið hægt niður. 4.995 krónur.

**3. Silfurlit og hvít** espressokanna úr versluninni Villeroy&Boch. Espressokaffið var þróað í Mílanó á Ítalíu snemma á tuttugustu öldinni. Espresso er búið til með því að þrýsta heitri gufu við mikinn þrýsting í gegnum mjög fínmalað kaffi. 7.290 krónur.

**4. Glansandi Chambord** espressokanna úr versluninni Duka. Það sem einkennir espressokaffi er að það er þykkara en venjulegt kaffi og er hver skammtur mun minni. Hvert „skot“ er aðeins um 30 ml. 11.900 krónur.

**5. Ilsa espressokanna** úr stáli úr versluninni Te&kaffi. Þessi er fyrir tvo bolla en má einnig fá í öðrum stærðum fyrir 4, 6 og 10 bolla. 5.400 krónur.

**6. Klassísk espressokanna** frá Bialetti úr versluninni Te&kaffi. Tekur 3 bolla en má fá fyrir 1, 2, 6 og 9 bolla. 2.020 krónur.










Sjálfvirk hnakkapúðastilling, aðeins í Stressless – Þú getur lesið eða horft á sjónvarp í hallandi stöðu. Ótrúleg þægindi.



Sérstakur mjóbaksstuðningur samtengdur hnakkapúðastillingu. Þú nýtur fullkomins stuðnings hvort sem þú situr í hallandi eða uppréttri stöðu.

Líf & List HÚSGÖGN

Ármúla 44
108 Reykjavík
Sími 553 2035
www.lifoglist.is


Kjóll 6490.-
VERO MODA®

## bókahillur



**● BÆKUR Í LAUSU LOFTI** Til eru fleiri og óhefðbundnari leiðir til að raða bókum en að setja þær einfaldlega í hillur. „Conceal“-hillurnar frá Umbra eru hannaðar af Miron Lior. Þær eru úr sandblásnu stáli og er hillan sett inn í neðstu bókina og bókakápan fest utan um. Síðan er restinni af bókunum staflað ofan á og þá er eins og bækurnar fljóti í lausu lofti þar sem það sést ekkert í hilluna sjálfa. Hillurnar geta tekið í kringum sjö kíló og er því hægt að stafla þó nokkrum bókum á hverja hillu. Það gæti til dæmis komið sér vel að hafa svona hillur í svefnherberginu þar sem náttborðin vilja oft fyllast af bókastöflum en þó er ekki skynsamlegt að vera með fyrirferðarmiklar hillur þar. Sniðug og skemmtileg lausn og listræn. *-hs*



## hönnun

**● ANTÍK Í BARNAHERBERGIÐ** Vefverslunin Little Fashion Gallery hefur mikið framboð af gömlum barnahúsgögnum og leikföngum eftir fræga hönnnuði. Nú er um að gera að koma smá klassík inn í barnaherbergið til mótvægis við þá einnota stemningu sem hefur ríkt hin síðari ár. www.littlefashiongallery.com






MOSFELL
KERTO LÍMTRÉ
Finnsk gæðavara
Létt og meðfærileg
Hátt brunaþol
Hæð eftir óskum
Lengd allt að 23 m.
Alltaf til á lager
16% meira eldþol
20% meira brotþol
BYKO
Söluaðilar um allt land
HÚSASMIÐJAN
KERTO LÍMTRÉ býður upp á ýmsa möguleika.
KERTO LÍMTRÉ er frá Finnlandi og hefur verið á markaði á Íslandi frá árinu 1981.
KERTO LÍMTRÉ er það hagkvæmasta og besta sem notað er sem burðarbitar.
KERTO LÍMTRÉ getur sparað verulega fjármuni í burðarvirki þar sem þaksperrur fara yfir 5 metra í lengd, þá er notað KERTO LÍMTRÉ í stað hefðbundinna þaksperra og losnað við burðarbita og súlur.
Einnig er KERTO notað í milliveggjastoðir.
KERTO LÍMTRÉ, eitt það besta í tré, til nýbygginga og viðhalds.
TM MOSFELL EHF • HOLTSBÚÐ 93 • SÍMI 566 6606 • FAX 566 6619 • MOSFELL@MOSFELL.IS • WWW.MOSFELL.IS


MAX
Gerið verðsamanburð!
1400sn þvottavél
Bauknecht WAK4760
• 1400 snúninga þvottavél
• Rafeindastýrð
• Dynamic Sence kerfi
• Hámarksvinda 1400 sn.
• Tekur 5kg af þurrum þvotti
• Ullarvagga
• Straulétt
• Handþvottakerfi
• Hraðkerfi 30 mín
• Þvotthæfni A
• Orkunýting A
• Vinduhæfni B
49.989 kr.
Fullt verð 64.989
Mesta úrvalið Besta verðið
Safapressa
Exido 244002
• Öflug 700w safapressa
• Tekur hart grænmeti
• Tekur heila ávexti
• Óþarfi að fjarlægja fræin
• Óþarfi að fjarlægja börkinn
• Tveggja hraða
• 1,8 lítra matari
• Auðvelt að hreinsa
Bókin fylgir á meðan birgðir endast!
Endalaus orka!
7.989 kr.
Fullt verð 11.489
Gæðastæða
Philips MCM275
• 2x10w míkrósamstæða
• Geislaspilari með MP3
• Stafrænt FM útvarp með 40 stöðvaminnum
• Dynamic Bass Boost
• Digital Sound Control
• Klukka með vekjara og svefnrofa
• Aux inngangur og heyrnartólstengi
• 2-way Bass Reflex hátalarar
• Fjarstýring
19.989 kr.
Fullt verð 24.999
Nýtt á DVD
MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI
"THE BEST SHREK YET!"
SHREK THE THIRD
1.989 kr.
Opnunartími
Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19
Fimmtudaga kl. 11-22
Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
Fim
MAX / Kauptúni 1
210 Garðabæ
Sími 412 2200
ódýrast
Við erum beint á móti IKEA
MAX RAFTÆKI



Til sölu/skipti á Land Crusier 120 VX bensín 5manna. Til sölu LC 90 VX bensín árg. 04/00 ek.123 þ. Sumar + vetrard., aukahl., 33/16 breyting. S. 858 1095.



MMC Pajero árg 2001, 3,2 disel, ek 125 þús. Sum/vetrar dekk. Verð 2,7 m, 80% lán. GSM: 893 9796.



**100% lán 100% Lán**
MMC Pajero Intense diesel. Nýr bíll 7 manna. Verð 5550 þús. Tilboð lán 5283 þús. Fyrsta greiðsla í jan. 2008 þús. Uppl. í s. 898 2811.



Toyota Land Cruiser GX90, dísel, árg. '00. Ekkert áhv. Vetrardekk. Nýjar driflæsingar. Uppl. í s. 894 1980.



Stolinn Nissan Patrol árg. '96, 38", svart-ur/grár SH968. Fundarlaun. Uppl. í s. 820 7225.



Musso GrandLux 2.3L bensín, árg. 07/00. Ek. aðeins 73 þ. Bsk, 33" dekk, áhv. bílalán, toppl, dráttarb. ofl. Góður bíll í topplagi. Ásett V. 1120 þ. S. 693 0093.



Landcruiser 9/06, ek. 9 þús. dísl, 7 manna, navigation ofl. sem nýr. Verð 8500 þ. Sími 894 8620.



Dodge Ram 2500 Diesel árg. 2007 ekinn 28 þ. km. Leður. Hús. Einn með öllu. S 898 2811.



Nissan 04 ek 38000 km Disel TDI breyttur.Eyðsla 10 L/100 km. Einn eigandi, 2700þús 2150stg 8402713

Land Rover Discovery árg. '97. Ekinn 211 þ.km. Sjálfsk. Tímastillt olíumiðstöð. Nýleg heilsársdekk á álfelgum. Góð vetrardekk á álfelgum. Snyrtilegur og vel með farinn bíll. Nýskoðaður. Verð 750 þkr. - uppl. í síma 8212912.

Landcruiser 90 VX, árg '97 bsk. ek. 190þ. upphækkaður, Turbo Diesel, ABS, CD, dráttarb., filmur ofl. Gott eintak. Ný heilsársd. Verð 1.490 þ. Uppl. í s. 892 9804.

**Land Cruiser 120 2007**
ek. 13 þús. Uppl. í s. 892 3239.

Nissan Terrano II 2.7 dísel, 7 manna, árg. '01, skoð. '08, ek. 180 þús. Uppl. í s. 898 3291.

Polo 2004 grár, ekin 66 þús til sölu, Nánir upplýsingar og tilboð í síma 8467773.

Hress og duglegur starfsmaður óskast í litinn fallegan íbúðakjarna fatlaðra í Vesturbænum nálægt Háskólaþorpinu. Vinnutími aðra hverja helgi og nokkur kvöld í viku.Góður vinnustaður,gæti hentað vel með námi.Nánari uppl.gefa Ranneig sími 5613041 fyrir hádegi og Droplaug sími 4112700.

## Fornbílar



Frægur Willys til sölu '53, bíllinn út Börnum náttúrunnar, þarfnast uppgerðar, uppl. í s. 869 2900

## Pallbílar




Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! 2008/2007 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Einnig stærri pallbílar og sendibílar benzín/dísel á útsölu. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



Ford F350 xlt superduty 4x4 2003 ekinn 35þús. 325hö. Dísel. tvöfalt að aftan, loftpúðafjöðrun, sérsmíðaður burðarpallur, fjarst.olíumistöð ofl ofl. Verð 3.390.000kr. upplýsingar í s:845-1205

Ford F150, árg. '04, ek. 80 þús. Uppl. í s. 869 6825.

## Sendibílar



Isuzu MPR til sölu, ek. 49 þ. Er á stöð og allt getur fylgt. Verð 3,7 + vsk. S. 898 3206.



Sprinter 316, árg. 06. 96þ km. Selst með yfitöku á skuldabréfi. Uppl. í s. 894 5663.



Renult Midliner árg. 1999 ek. 409.000 km, 2 tonna vörulyftu. Verð 990.000. Sími 899 6716.



Wolkswagen LT35 árg. 2000 ek. 98,000 km. Ný tímareim, með háum topp og vörulyftu. Verð 1.450.000. Sími 899 6716.

VW Transporter árg. '01 til sölu. Langur gluggalaus bensínbíll. Ek. 140 þ. Sumar og vetrard. á felgum. Uppl. í s. 897 2636.

## Hópferðabílar



Til sölu M.Benz Turismo 49 farþ., árg. '07/01, ek. 330 þ., öryggisbelti, klósett, kaffivel, Dvd, sjónvarp. Uppl. í síma 660 1305 & 660 1303, einnig á www.ruta.is

## Vörubílar



Til sölu. SCANIA 124G árg. 2000 með HIAB 195 árg. 1998 þráðlaus fjarstýring, 5 í vökva, pallur + stóll. Verð 8,3 mkr. + vsk. Einnig malarvagn (Sigga) árg. 1996. Verð 1,5 mkr. +vsk. GV Gröfur sími 862 5700 og 862 5702



Volvo FM12. 8x4. 2004 ek. 136 þ. km milur. 60 tm. krana og föstum palli með gámalásum. Útvegum bíla og tæki. Varahlutir í vörubíla. Fjaðrir, hjólkoppar og ýmsir notaðir hlutir. Heiði rekstrarfélag ehf. Uppl. í s. 696 1051.



Bæjarvinnubíll. MAN 9.150 4x4 '96 með krana og mannkörfu. Ek. 127 þús. km Sturtupallur, mannkarfa, tvöfalt vökvakerfi, aflúttak framan og aftan, sópur og snjótönn.Útvegum bíla og tæki. Heiði rekstrarfélag ehf. Uppl. í s. 696 1051.

Kælivagn til sölu. Til sölu kælivagn árg. 1994 þriggja öxla á tvöföldu. Uppl. í s. 892 9673.

Scania 124 420 6 hjóla árg. '00. 7,8 m fluttningakassi og lyfta. Alopnanleg hlið. Uppl. í s. 869 4818 & 869 7114.

## Mótorhjól



HARLEY NIGHT ROD 2006 árg,ekið aðeins 800km,verð 2150þús,áhvílandi 1750þús,Sími 8988829 eða bilasalaislands.is



Glæsileg Honda CBR 929rr '00, ek 7900þ.km verð 650þ. s:6954447 (Einar)



1 svart og 1 rautt yamaha R1 07' ekið 0 km. ný hjól. uppl. S: 8202727-8978282



Harley Fat Boy 06"ekið aðeins 300km. Hlaðið aukabúnaði,verð 2280þús.Sími 8936321 eða www.bilasalaislands.is



Honda CRF 450 árg. '03. Mjög gott hjól. Fatbar, ASV handföng, ný plöst o.fl. V. 300 þús. stgr. Uppl. í s. 868 1121.



Til sölu Suzuki RMX 70cc, '03 í toppstandi. Keyrt um 5 þ. Nánari uppl. í s. 869 3033.

## Fjórhjól



Barnafjórhjól 50cc árg.2007,nánast ónotað,verð 110þ.get tekið VISA/EURO uppl í s.6618000

Kawasaki KVF 750 brutal force 4x4 árg. 06 ek. 900mi. Töskur og GPS tæki. Verð 900.000. Uppl. í síma 8924910.

óska eftir gömlu kawasaki 250cc moja-ve eða tecate má vera bilað, skoða allt líka varahluta hjól uppl í s, 8675286

## Vélsleðar



Til sölu ski doo summit 800 árgerð 2001 keyrður 6000km. neglt-belti, brúsagrind, horn á stýri og stýrishækkun, gps festing, taska á bensintanki og undir gleri. en vill engin skipti. Sleðinn er í frábæru standi og lítur mjög vel út. Frekari upplýsingar í síma 8475390 Svavar Verð: 550 kr.



Til sölu Skidoo 440. Árg '05. Sleði í toppstandi. Ásettverð 680 þús. Tilboð 500 þús. Uppl. í s. 891 7770.

## Hjólhýsi



Santana stöðuhýsi ca. 27 fm. 9x3, 2 svebnh., bað, stofa. Til sölu. Uppl. í s. 699 4329.

## Vinnuvélar












Vélavagn til sölu, gamall og góður, sliskjur fylgja, upplýsingar í s. 869 2900

**JCB 4CX 4x4x4 varahlut**
Framskófla, hásingar aftan og framan, framgálgi, felgur, dekk omfl. Allt mjög lítið slitið. Einnig nýjar parafine fjaðrir að aftan undir Bens 2228 '82. S. 893 0942.

## Bátar

Nú er rétti tíminn til að yfirfara slöngubátinn fyrir næsta sumar! Ekki bíða þangað til að allt er fullt. Einnig eigum við á lager samþykkta lífbjörgunarbáta á vetrarverði. Gúmmíbátar & Gallar. S:6607570 www.gummibatar.is

## Hjólbarðar



Vetrardekk á felgum til sölu. Bridgestone Blizzak 215/45R17 á 17" álfelgum undan Subaru Impreza WRX. Notuð einn vetur (ca. 5.000 km.) Kostar nýtt 360 þ. fæst á 190 þ. Uppl. í s. 868 2724 Gunnar.

Til sölu 4 ný dekk 225x65/17 einnig 4 stk. nelgd 175/65R 14. Sími 824 0060.

TIL SÖLU

www.101grimsnes.is



SUMARHÚSALÓÐIR Á BESTA STAÐ Í GRÍMSNESI

EIGNALÓÐIR, KJARRIVAXIÐ LAND, FAGURT ÚTSÝNI YFIR SOGIÐ OG FJALLAHRINGINN.

AÐEINS 45 MÍN. FRÁ REYKJAVÍK

- HITAVEITA
- RAFMAGN
- KALT VATN
- INTERNET
- NÁTTÚRUFEGURÐ

Búgarður ehf. - Sími: 898 0801
www.101grimsnes.is

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395**
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

**Hanna 908 6040 & 555 2927**
Símaspá, fyrirbænir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. Er við frá kl. 16-24. S. 555 2927 Visa/euro.

## Skemmtanir

MURDER MYSTERY PARTY Jólaveislan / Árshátíðin. Reykjavík & á hóteli www.eskimos.is

## Veisluþjónusta

**Vantar þig sal ?**
**Lista- og menningarverstöðin á Stokkseyri er með tvo sali til útleigu, 50 manna og 250 manna, sem henta vel fyrir veislur og annan mannfagnað. Upplýsingar og bókanir í s. 483 1600 / 820 0620 eða menningarsalir@gmail.com**

## Iðnaður

**Steinsteypusögun, Kjarnaborun, múrbrot og niðurrif**
**BB steinsögun EHF.**
**Upplýsingar í síma 896 7579 & 855 2713 & 456 7579.**

## Trésmíði

Tökum að okkur alla smíðavinnu, fagmennska í fyrirrúmi. Stærri sem smærri verk. Uppl. gefur Þórður í s. 690 9239 eða Friðrik í s. 867 4680.

## Viðgerðir

**Heimilistækjviðgerðir. Þottavélar o. fl.**
Tek að mér að gera við þottavélar, heimilistæki ofl. Uppl. í s. 868 5322. Einnig til sölu Philco þvottavél á sama stað! Ath. Geymið auglýsinguna.

## Önnur þjónusta

www.floridahus.is. Hús til leigu í Orlando Florida. Umsjón eigna ofl. s. 499 0380

# KEYPT & SELT

## Til sölu



EG-Tónar. Úrval af harmonikum auk fylgihluta, frá kr.29.000. Akureyri S.462 7374 & 660 1648. Reykjavík S.568 3670 & 824 7610 Kennsla fyrir byrjendur.

**Minkapelsar**
**Til sölu minkapelsar, hálfsíðir og síðir. Blárefur og ýmislegt fleira.**
**KS. s. 551 8481.**

**Fatamarkaður Strandgötu 17**
**Komdu og gerðu góð kaup á fatamarkaðnum Strandgötu 17 á laugardag og sunnudag frá 11-17.**
**Föt í öllum stærðum og gerðum ásamt barnafötum.**
**Frábær verð!**
**Stuð og stemning alla helgina!!**
**Endilega kíktu við !**



Dakota Kjötafgreiðsluborð. br. 2m. 3 ára, lítið notað 861 9842 Páll.

Barnadót. Amalie barnavagn m/burðar. og skiptit. frá Babysam, Graco ungbarnab.stó. m/bílfestingu allt að 10 kg & baðbali m/standi. Mjög nýlegt & lítið notað. Selst ódýrt. S. 899 8983.

3 hross. Nánar á http://youtube.com/watch?v=FD5Rggup5OA Uppl. s. 4538106 Hallur.

**Þvottavélar og þurrkarar**
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545. Opið um helgina.

Spinninghjól, Schwinn Spinner Pro. Pallar, Reebok Step. Bodypump lóð og stangir, boxpúðar, dýnur, handlóð og stangir Uppl. í s. 660 0072.

Lítið notuð kamína til sölu. Hæð 70 cm, breidd 70 cm, dýpt 45 cm. Verð 100.000. Upplýsingar í síma 861 1168.

Til sölu iPhone og iPod Nano 8gb. Uppl. í s. 847 5595.

## Hljóðfæri



Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilliflauta. Kr.13.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Ársgamall MESA Boogie F50 gitarmagnari til sölu og sýnis í hljóðfæraverslunninni Rín.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

20" 2 ára Sjónvarp m/veggfestingu. Verð 15 þús. Uppl. í s. 824 0060.

## Vélar og verkfæri

CMT ORANGE TOOLS



CMT fræsihausar fyrir beina og formaða hnífa. Ásborg. Vélar+verkfæri. Smiðjuvegi 11 Sími 564 1212

CMT ORANGE TOOLS



CMT handfræsitennur og sagarblöð í miklu úrvali. Ásborg, vélar+verkfæri. Smiðjuvegi 11 S. 564 1212



Til sölu 6 hausa kílvél. Upplýsingar í síma 892 5630.



Vacum tromla Dorit 150L, 3 ára sem ný. Uppl. í s. 861 9842.

5-15-30 kw nýjar disilrafstöðvar 3 fasa 230/400 v 115-410-550.000+vsk S.8956662

Gifsvagn óskast má vera í slæmu standi, á sama stað óskast Gasbyssa. uppl. S 8925545

Til sölu Zedor 4718 árg. '74. Verð 50 þús. Er á Höfuðborgarsvæðinu. S. 697 5850.

## Til bygginga

Ný mótaborð (dokar) til sölu 1.545 kr/m2 m.vsk, uppl. í s: 847-3798 Halldór og ulfurinn.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

**Viltu léttast hratt og örugglega?**
www.diet.is – www.diet.is Margrét s. 699 1060.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Spinninghjól, Schwinn Spinner Pro. Pallar, Reebok Step. Bodypump lóð og stangir, boxpúðar, dýnur, handlóð og stangir Uppl. í s. 660 0072.

Lr-kúrinn er tær snilld. Léttist um 20kg á 16 vikum. www.dietkur.is Dóra 869 2024

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Góð tilboð á vönduðum ferðanuddbekkjum. Enginn aukakostnaður. Olíubeltin komin. Tilboð á nuddolíum. Basó ehf - nuddbekkir og vörur. S. 847 1294. visa/euro www.baso.is

Nudd. Uppl. í s. 857 1356.

## Námskeið

Verð með námskeið í svæðameðferð á Akureyri í janúar. Kenni eftir nýju íslensku korti. Sjúkraliðar Ég hef ákveðið að kenna líka meðferð til að hjálpa börnum sem pissa undir. Undraverður árangur Sem ég hef aðallega unnið við síðastliðin ár. Sigurður Guðleifsson svæðanuddkennari. Sími 895-8972 sigurdurg@simnet.is

## Ýmislegt

**51 kíló farin!**
LR-kúrinn virkar. 100% náttúrulegar vörur. Uppl. í s. 891 6264, allax@simnet.is

**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

INTENSIVE ICELANDIC-ÍSLENSKA f. NÝBÚA Level I: Start 19/11, 7/1: 4 weeks x 5 per week 18-19:30. Md-Frd. Level II: Start 3/12, 7/1: 7 weeks x 3 per week 19:45-21:15. Md, Wd, Frd. Ármúli 5. s.588 1169-ff@icetrans.is-www.icetrans.is/iceschool

## Kennsla

Námskeið í parketlögnum Haldið verður 10 tíma námskeið í því að leggja parket. Skráning og uppl. í síma 8983053 parketstodin@visir.is

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Dökkt borðstofuborð sem hægt er að stækka f.12 ásamt skenk m/diskarekka + 6 stólar. 2 sófaborð, gler og dökkt + 2 gler lampaborð. Selst allt á góðu verði. Tilboð. Uppl. í s. 698 4250.

Einstök húsgögn til sölu, henta bæði úti og inni. Úthöggvin úr heilli trjárót. Hentar vel í garðhúsið eða sumarbústaðinn. Uppl. í s. 893 8886

**Ertu að byrja að búa?**
Til sölu lítið sófasett, eldhúsborð + 4 stólar, furuskápur og furubókahilla, skrifborð, hilla og hægindastóll selst Ódýrt. S. 860 8486.

## Gefins

Blandaðar Border Colly Irissetter tíkur, 4 ára og 9 mán. fást gefins til góðs fólks, ekki nauðsyn á sama heimili. Uppl. í s. 692 6100 & 567 3161.

## Dýrahald



Ný sending af púðum verð 2000 og 5000 kr www.liba.is



Japanese Chin smáhundahvolpur til sölu. Ættbf og spr. s. 897 5525, jdora@simnet.is



Hreinræktaðir BOXERhvolpar til sölu. Undan Lady og Hannibal, Hannibal er alþjóðlegur meistari og með fullt af verlaunum. Sími 616 8533 & 423 7444 (Dísa).



**Dýrabær**
Flottar kattaklórur í mörgum stærðum. Dýrabær Smáralind www.dyrabaer.is



Miniature Pinscher 2 ára strákur. Ættbókarfærður. Faðir Orbison Pilawa móðir Warka Sesperado Verður að fá nýtt heimili. Hann er vel agaður, kelinn frábær fjölskylduhundur. Ómerktur. Sími 564 3745 693 0806.

allt atvinna
Alla sunnudaga

Er komin aftur til starfa hjá Jóa&Félögum.
Allir velkomnir!
Sími 552 3425 Jóhanna Katrín



**M & S Plant Spares limited**

Requesting Distributor for construction Machinery & Spare parts such as **HITACHI, CAT, KOMATSU** ETC.

We are seeking distributor to sell Construction Machinery & Spares parts in your area. Please contact us at the following details

**FAO Mr Al Manning**
**M&S Plant Spares Ltd**
Goshen, Edgeworthstown
Co Longford
Ireland
Tel: 00353 43 71859
Fax: 00353 71506
849 5551

# Íþróttafulltrúi / skrifstofustjóri

**Hestamannafélagið Fákur auglýsir eftir starfsmanni í 70-100% starf til að sjá um málefni félagsins.**

**Starfssvið:**
Almennur rekstur skrifstofu
Umjón með eignum félagsins
Vinna með starfsnefndum

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af stjórnun og rekstri
Þekking á málefnum hestamanna
Góð almenn menntun
Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
Hæfni í mannlegum samskiptum

**Í boði er:**
Lifandi starf hjá stærsta hestamannafélaginu á landinu, gott vinnuumhverfi og sveigjanlegur vinnutími. Umsóknum skal skilað fyrir **20. nóvember** á netföngin: bjarni@skogarsel.is eða helga@isam.is

**Súfistinn bókakaffi Reykjavík í húsnæði Máls & Menningar og Hafnarfirði.**
**Laus er til umsóknar 100% störf við afgreiðslu og þjónustu. Einnig hlutastörf. Umsóknareyðublöð á staðnum og á sufistinn.is Uppl. um starfið gefa Ólöf í s. 659 1139 & 552 3740 og Hjördís í s. 694 9148 eða s. 565 3740.**

**Meiraprófsbílstjórar!**
**Meiraprófsbílstjórar óskast á suðvestur horninu. Um er að ræða flutningabíla með tengivagn. Einnig vantar bílstjóra út á land. Góð laun í boði fyrir góða menn. Áhugasamir sendi póst á jbo6@mac.com**

Vantar vant fólk í fiskvinnslu, snyrting og pökkun. Upplýsingar í síma 660-5454

**Kynning á silfurleir**
Og sýnikennsla í vinnu með ArtClay silfurleir og íslenska steina á laugardaginn kl. 14. Komið og upplifið töfra silfurleirsins og fáið uppl. um námskeiðin. Handverkshúsið Bolholti 4 R.vík. S. 555 1212.

Vantar smiði eða menn vana trésmíðavinnu til starfa hjá fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Framtíðarstarf í boði fyrir rétta aðila. Uppl. í s. 860 7200.

Need 3-4 workers at a big Car wash. Good salery, lots of work. S. 697 8720.

Óskum eftir bílstjóra, meirapróf kostur en ekki skilyrði. Næg verkefni framundan. Áhugasamir hafi samband í síma 899 2536.

RIZZO PIZZERIA Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu og í síma. Upplýs gefur Diddi í s 840-6670

Óska eftir duglegri stelpu við búðarstörf. Lágmarksaldur 18 ára. Sveigjanlegur vinnutími. Uppl. í s. 893 8886

**Hárgreiðsla**
Höfum áhveðið að bæta við okkur 1-2 starfsmönnum, góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Allar umsóknir trúnaðarmál. Klipparinn í Laugum. Uppl. Björgvin 899 5130 & Linda 899 5962.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir starfsfólki í sal, í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum eða í s. 696 8397. Brynja.

Veitingahúsið Galito auglýsir eftir matreiðslumanni og framleiðslumanni eða starfsmanni í sal með mikla reynslu. Uppl. í s. 698 6761.

Óskum eftir starfsmanni á verkstæði sem sér um aukahlutaísetningar og klæðningar í bíla Uppl í síma 698 7270 Kalli.

Vanan háseta vantar á tæplega 200 tonna netabát sem rær frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522.

Leitum að hressum og skemmtilegum bílstjórum með ríka þjónustulund. Meirapróf ekki skilyrði. Góð íslenskukunnátta nauðsynleg auk hreins sakavottorðs. jonbirgisson@simnet.is

Hótelstarf - Næturvarsla - Leiguhúsnæði Óskum að ráða starfkrafta á næturvakt, umsjón morgunverðar og þrifum á hóteli í Kópavogi. Möguleiki á hlutastarfi og leiguhúsnæði fyrir starfsmann. Hotel is looking for employees for nightwatch, making breakfast and cleaning. Possible part job and room for rent. hotel@hotelsmari.is

**hendur.is**
Vantar starfsmann í bókhald, ca. 10 klst á viku. Stúdentspróf skilyrði. Uppl. á www.hendur.is

**hendur.is**
Létt heimilisþrif, 150 fm raðhús á einni hæð. Uppl. á www.hendur.is

**Barnafataverslun.**
Óska eftir góðum starfsm. í hlutastarf. Reyklaus. S. 694 2171.

## Atvinna óskast

**Snyrtifræðinemi óskar eftir að komast á samning, sem fyrst**
**25 ára Snyrtifræðinemi óskar eftir að komast á samning. Flest kemur til greina, Uppl. í s. 862 7873 & karen-peta@hotmail.com. Karen.**

Handlaginn maður óskar eftir vinnu, við flísalagnir. Uppl. í s. 862 1559.

**Hendur.is**
Vantar þig hjálparhönd? Ef þú þarft aðstoð við þrif, veisluþjónustu, hönnun, bókhald o.s.frv. þá gætirðu fundið rétta einstaklinginn hjá okkur. Uppl. á www.hendur.is

Ökumaður með meirapróf( BCDE) Óskar eftir vinnu. adam.rauak@plusnit.pl

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Hafið Bláa**
útsýnis & veitingastaður
restaurant

Hafið Bláa við ósa Ölfusár Sjávarréttahlaðborð í jólabúning (einnig kjöt). Skoðið hafidblaa.is S.483 1000

## Einkamál

**18plús.is**
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenskur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

## FASTEIGNIR

**FJÁRFESTING**
**FASTEIGNASALA EHF**
**Sími 562 4250**
Pétur Þ. Sigurðsson hrl.
löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is


Frum

**Hraunbraut 26, Kópavogi**
**Opið hús laugardag og sunnudag á milli 13 og 14**

Gott og vel skipulagt einbýli ásamt bílskúr og stórri geymslu í kjallara. Húsið er skráð 191,4 fm, en er stærra þar sem geymsla í kjallara er ekki skráð. Glæsilegt sjávarútsýni er frá efri hæð hússins.

*Halldór sýnir húsið laugardag og sunnudag á milli 13 og 14.*



PÓSTURINN
allur pakkinn

# Jólastörf
## við móttöku og afgreiðslu

Íslandspóstur hf. óskar eftir afgreiðslufólki til starfa sem fyrst á pósthús víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Við leitum að sjálfstæðu og þjónustulunduðu starfsfólki. Það er líf og fjör og nóg að gera hjá Póstinum fyrir jólin. Nánari upplýsingar gefa Heiða í síma 580-1263 og Herdís í síma 580-1128.

Umsóknum skal skilað til:
Íslandspóstur hf.
Stórhöfða 29
110 Reykjavík
Merkt: Jólastarf

Starfsumsókn er einnig hægt að fylla út á www.postur.is

## TILKYNNINGAR

# Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

**Kársnesbraut 95. Deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi Kársnesbrautar 95. Í tillögunni felst að núverandi hús verði fjarlægt og í þess stað byggt parhús á tveimur hæðum á lóðinni sem er 822.5 m2 að stærð. Grunnflötur hvers húss er 113.6 m2 með bílageymslu og heildarstærð hvers húss er 211.4 m2. Nýting á lóð er 0.51. Krafa er að bílar í bílastæði snúa við áður en keyrt er út á Kársnesbraut. Bílastæði verða 4 á lóðinni. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1: 500 dags. 17. október 2007.

**Vatnsendahvarf - athafnasvæði. Urðarhvarf 16. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi Urðarhvarfs 16. Almennt er vísað í deiliskipulag sem samþykkt var í bæjarstjórn Kópavogs þann 25. september 2001. Í breytingunni felst að hækka byggingu úr 4 hæðum auk kjallara í 7-8 hæðir auk kjallara. Nýtingarhlutfall eykst úr 0.63 í 1.26. Tillagan gerir ráð fyrir neðanjarðarbílageymslu til þess að fullnægja bílastæðakröfu. Byggingarreitur stækkar til suðvestur og norðausturs. Heildarflatarmál húss verður 6100 m2 og gólfflötur 1. hæðar 1500 m2. Gólfflötur 2. - 7. hæðar verður 700 m2 og 8 hæðar 400 m2. Bílastæði verða eftir breytingu 155. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1: 500 dags. 18. september 2007.

**Vatnsendi - Þing. Boðaþing 5-16 og 22-24. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi Boðaþings 5-16 og 22-24. Almennt er vísað í deiliskipulag sem samþykkt var í bæjarráði Kópavogs þann 8. febrúar 2007. Í tillögu að breytingu felst að í stað hjúkrunarheimilis verða byggðar þjónustuíbúðir fyrir aldraða. Íbúðafjöldi verður hin sami. Reiknað er með að það verði 0.75 bílastæði á hverja íbúð og þar af verða um 11 bílastæði í kjallara. Alls verða þá 80 stæði fyrir þjónustuíbúðir. Byggingarmagn er aukið um 1960 m2. Stærð þjónustumiðstöðvar er stækkuð úr 2.500 í 2.800 m2. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1: 500 dags. 30. október 2007.

**Bryggjuhvarfi. Kársnes. Ölduvari við smábátahöfn. Breytt aðalskipulag.**
Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 auglýsist hér með skv. 18. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Í tillögunni felst bygging ölduvara. Landnotkun á aðliggjandi svæðum helst óbreytt. Í vesturbæ Kópavogs á svæði sem afmarkast af Fossvogi til norðurs, fyrirhuguðu bryggjuhverfi til vesturs, Vesturvör 6 og 8 til suðurs og bæjarverndarsvæðinu Höfða til austurs er ger ráð fyrir framtíðaraðstöðu fyrir siglingarklúbbinn Ými. Til að fullgera aðstöðu til siglinga þarf að byggja ölduvara. Helstu stærðir ölduvarans verða eftirfarandi: lengd 30 metrar, mesta breidd 7 metrar. Ölduvarinn tengist bæjarverndarsvæðinu Höfða. Við byggingu varnargarðsins verður öll aðkoma að framkvæmdarsvæðinu um fjöru neðan meðalsjávarborðs. Breytingin er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 ásamt greinargerð dags. í júní 2007.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 20. nóvember 2007 til 18. desember 2007. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 14:00 þriðjudaginn 8. janúar 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

# Áttu góða viðskiptahugmynd?

**Vinnumálastofnun/Félagsmálaráðuneyti auglýsir styrki til atvinnumála kvenna**

STYRKIR TIL ATVINNUMÁLA KVENNA

**Heildarfjárhæð til aukaúthlutunar 2007 er 15.000.000**
**Áttu góða viðskiptahugmynd sem fellur að eftirfarandi atriðum?**

- Verkefnið sé í eigu konu og stjórnað af konu
- Verkefnið feli í sér atvinnusköpun til frambúðar
- Verkefnið sé nýnæmi
- Viðskiptahugmynd sé vel útfærð

Veittir eru stofnstyrkir og þróunarstyrkir

- Hámarksstyrkur er 1.500.000
- Vönduð umsókn skilar vænlegri árangri

Umsóknarfrestur er til 10. des 2007

Góðar viðskiptahugmyndir af landsbyggðinni hafa forgang við úthlutun

Upplýsingar hjá Líneyju Árnadóttur í síma 582 4900 og á netfanginu liney.arnadottir@vmst.is

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Vinnumálastofnunar

**www.vinnumalastofnun.is**

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

FROST

## Kælismiðjan FROST ehf.

**Óskum eftir að ráða þjónustumenn til starfa í Reykjavík.**

**Nánari upplýsingar á www.frost.is , eða í síma 897 8941**


FASTEIGNIR


HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

Borgartún 29
Sími 510 3800
Fax 510 3801
www.husavik.net
Reynir Björnsson
Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasalar

**Opið hús í dag kl. 15 - 16**
**Kórsalir 3 íbúð 303, Kóp. - laus**

Frum





Mjög falleg 124,6 fm 4ra herb. endaíbúð með rúmgóðum suðursvölum og frábæru útsýni. Eignin skiptist í anddyri, gang, þvottahús, baðherb, 2 svefnherb., sjónvarpshol, eldhús, stofu og borðstofu. Fallegar samstæðar innr. (kirsuber). Parket og flísar á gólfum rúmgóðar sv.svalir með frábæru útsýni. Lyftuhús. Stæði í bílgeymslu fylgir. **Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 31,9 millj.**

**Þorsteinn og Kristín taka vel á móti gestum milli kl. 15 og 16. Teikningar á staðnum.**

HÚSAVÍK – GOTT ORÐSPOR – TRAUST VIÐSKIPTI


FASTEIGNIR


RE/MAX Mjódd

# VIÐ VINNUM

... og vinnum og vinnum og vinnum !!!

## Þess vegna erum við dugleg að selja.

Komdu með íbúðina/húsið þitt til okkar og við seljum fyrir þig.

Við látum verkin tala.

*... og þó það virðist óþarfi viljum við samt ítreka að auðvitað veitum við frábæra þjónustu.*

**HRINGDU!**
VIÐ SVÖRUM

www.inhouse.is



**Ingi Már Grétarsson**
Sölufulltrúi
**821 4644**
ingim@remax.is



**Jóhanna Kristín Tómasdóttir**
Sölufulltrúi
**698 7695**
jkt@remax.is



**Þorkell Ragnarsson**
Sölufulltrúi
**898 4596**
thorkell@remax.is



**Guðbjörg Vilhjálmsdóttir**
Sölufulltrúi
**894 5401**
gully@remax.is



**Guðmundur St. Ragnarsson**
Löggiltur fasteignasali

**Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.**

**RE/MAX Mjódd • Þönglabakka 1 • 109 Reykjavík**

# Kæri Forsætisráðherra!

# Ekki örvænta, ég skal hjálpa þér að selja húsið þitt.

**Hringdu í 699-5008**

**og ég veiti þér**

**100% þjónustu.**

**ATH: Allir landsmenn fá sömu kjör og sömu þjónustu**

www.inhouse.is

RE/MAX Lind • Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur

RE/MAX Lind



**Þórarinn Jónsson Hdl.**
Löggiltur fasteigna-,
fyrirtækja og skipasali

**Hannes Steindórsson**
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is






# Við rúllum upp samkeppninni

## Fréttablaðið er með 59% meiri lestur en 24 stundir

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýrri könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur mikið forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18–49 á öllu landinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.

**Allt sem þú þarft...**




**...alla daga**



Meðallestur á tölublað. Könnun Capacent í ágúst–október 2007.

Fíton/SÍA Meðallestur á tölublað. Könnun Capacent í ágúst–október 2007.



## ➜ DÆMIGERÐUR UNGLINGUR ÁRIÐ 2008?

„Tinna, móðir Klöru, var viðskiptafræðingur sem hafði fengið sig fullsadda af stressandi starfi á lögmannsstofu og var komin í fjarnám í jógafræðum. Hún æfði lótusstellinguna grimmt og var búin að koma sér upp hugleiðsluherbergi í kjallaranum með jógadýnu, gylltu altari og reykelsi. Planið hafði verið að fara til Indlands og ná almennilegum innri friði þegar hún komst að því að hún var ólétt af fjórða barninu. Tinna var þó allt annað en róleg því þegar hún var ekki að æfa sig í jógafræðunum rúntaði hún um bæinn á svarta lúxusjeppanum sínum og heimsótti hinar ýmsu tísku- og lífsstílsverslanir. Það taldist til undantekningartilfella ef hún kom tómhent heim sem gerði það að verkum að heimili fjölskyldunnar var við það að springa af fallegum hlutum. Í byrjun átti heimilið að vera einfalt og mínimalískt en með tímanum varð fyrrnefndur stíll að víkja fyrir kaupgleði húsmóðurinnar. Ekki bætti úr skák að karl faðir hennar hélt að hann væri aðalspaðinn því hann starfaði í fjárfestingarbanka, var með einkaþjálfara og ók um á Land Cruiser (hann vissi greinilega ekki að Cruiser stóð fyrir LÚSER!).“

Úr bókinni „Ef þú bara vissir“ eftir Mörtu Maríu Jónasdóttur og Þóru Sigurðardóttur.





# Úrval af sófum
## á frábæru verði

Einungis fáanlegir í Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri



199.000kr
GOTT VERÐ

**Leðurhornsófi** 2+h+2 6689



144.900kr
GOTT VERÐ



158.900kr
GOTT VERÐ

**Bycast hornsófi** 2+h+2 Roma

**Púðahornsófi** 2+h+2 Paris

Gildir til 23. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

15%
vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ**
og stofnaðu reikning á spron.is



75 ára | spron



**MEGUM ALDREI GLEYMA MANNLÍFINU** „Ein náttúruauðlind er óspillt umhverfið en í flestum fræðum er sú auðlind sem skiptir hvað mestu máli mennirnir sjálfir og hvernig maður stendur vörð um að mannlíf sé gott en ekki með því að ganga endalaust á hagsmuni náttúrunnar. Það er nokkuð sem við megum aldrei gleyma,“ segir Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri í Fjarðabyggð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ➜ HELGA JÓNSDÓTTIR Í HNOTSKURN

Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, hefur glæsilegan feril að baki. Hún var borgarritari í ellefu ár og var þá staðgengill borgarstjóra og sviðsstjóri stjórnsýslu og fjármála borgarinnar. Áður sat hún í framkvæmdastjórn Alþjóðabankans í Washington.



Helga hefur reynslu úr Stjórnarráðinu, fyrst sem aðstoðarmaður forsætisráðherra og utanríkisráðherra og síðan sem skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu og ritari ríkisstjórnarinnar. Auk þessa hefur hún starfað í nefndum og stjórnum, til dæmis verið formaður Tryggingaráðs, Landsvirkjunar og Framkvæmdanefndar ríkisstjórnar um fíknivarnir svo eitthvað sé nefnt.

Helga er lögfræðingur að mennt frá Háskóla Íslands og hefur unnið við ýmislegt, meðal annars blaðamennsku, dagskrárgerð og forfallakennslu.

Hún er gift Helga H. Jónssyni fréttamanni, sem nú er í Leiðsöguskólanum, og eiga þau þrjú uppkomin börn.

# Maðurinn er auðlind

Samræmda sýn og skýra forystu þarf til að ákveða hvert skuli stefna í nýsameinuðu sveitarfélagi. **Helga Jónsdóttir**, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, sagði í samtali við *Guðrúnu Helgu Sigurðardóttur* að mestu skipti að íbúarnir hefðu þá skýru tilfinningu að vera á góðum stað en Fjarðabyggð mun nú þurfa að takast á við samdrátt þegar framkvæmdunum fyrir austan lýkur.

Eftir framkvæmdatoppinn síðustu misseri erum við nú að komast á lygnari sjó og þá blasa við viðfangsefni dagslegs lífs,“ segir Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, um breytingarnar sem í vændum eru þegar framkvæmdunum lýkur fyrir austan.

„Meginverkefnið er að horfa til framtíðar með styrkari stoðir í atvinnulífinu en áður og njóta allra þeirra kosta sem fylgja því að búa á rólegum og náttúrufögrum stað. Þeir sem hafa tekið mikinn þátt í hraða uppbyggingarinnar undanfarið þurfa nú að róa sig niður og takast á við daglegt líf. Þeir hafa meiri tíma til að sinna börnum, fjölskyldu og félagsstarfi. Við þurfum að tryggja gott og farsælt mannlíf í kringum meiri atvinnu og sterkari stoðir samfélagsins. Það er viðfangsefni að sjá hvort okkur tekst ekki að fara í gegnum þennan samdrátt.“

Austfirðingar hafa gengið í gegnum mikið umbreytinga- og mótunartímabil upp á síðkastið og það gildir ekki bara um álversbyggingu og hafnargerð heldur eiga sér líka stað breytingar á öðrum sviðum. Sameinuð hafa verið undir einn hatt sveitarfélögin á svæðinu, sem kallar á stefnumótun til framtíðar. Þetta segir Helga að krefjist aðalskipulags frá Mjóafirði suður í Stöðvarfjörð og því sé verið að leggja línurnar um landnotkun og byggðamynstur á hverjum stað, skoða samlegðaráhrif og hvernig kostirnir á hverjum stað nýtist sem best, bæði fyrir heildina og einstaka kjarna. Þessari vinnu á að ljúka árið 2008.

### Standa vörð um nálægð og nánd

„Það þarf að skilgreina hvað á að standa vörð um og hvernig við byggjum þessi svæði til framtíðar,“ segir hún. „Þetta er samfélagslega stórt verkefni. Við rýnum í öll tiltæk gögn, tölum við ýmsa aðila og ræðum málin á íbúaþingum. Út úr þessu kemur sýn til 16-20 ára um það hvernig við sjáum þetta samfélag þannig að íbúarnir hafi sameiginlegan skilning á því hvernig þeir vilja nýta staðarkosti.“

Samtímis aðalskipulagi hefur verið unnið að stefnumörkun á öllum sviðum. Með stefnukorti undir kjörorðinu „Þú ert á góðum stað“ segir Helga að brotið verði niður hvað felist í því að vera fjölskylduvænt, tryggt og öruggt samfélag.

„Við reynum að færa það niður á málaflokka þannig að íbúarnir geti lifað hér góðu lífi frá frumbernsku til æviloka og hafi þá skýru tilfinningu að vera á góðum stað. Hér er nálægðin við náttúruna styrkleiki og fólk hérna talar mikið um kosti þess að hafa stuttar fjarlægðir í einstökum byggðakjörnum, að hafa engin umferðarljós, komast alltaf leiðar sinnar og geta sinnt börnunum þó að menn séu þátttakendur í atvinnulífinu. Þetta byggist á nálægð og nánd og þetta viljum við standa vörð um. Við teljum að þetta sé mikilvægur þáttur í lífsgæðunum hérna og líka það að geta farið út með byssu á öxl og skotið eða út með veiðistöngina og veitt.“

> „Ég hef alltaf litið kaflaskipt á lífið og aldrei getað hugsað mér að vera komin eitthvert til langframa. Ég er alltaf að takast á við verkefni sem mér finnast spennandi.“

### Heilborun getur aukið hagkvæmni

Austurland þarf að tengja betur með samgöngum og er unnið að því að kanna nýjar leiðir í jarðgangamálum. Samgönguráðherra hefur sett bæjarstjórana á Seyðisfirði, Fljótsdalshéraði og í Fjarðabyggð í starfshóp með Vegagerðinni og þingmönnum og er verið að kanna möguleikann á því að heilbora göng sem tengja saman alla firðina í stað þess að sprengja göng með hefðbundnum hætti. Vísbending er um að heilboruð göng geti aukið svo hagkvæmni gangagerðar að hægt verði að flýta gangagerð á svæðinu. Þetta segir Helga að sé í athugun.

„Frumniðurstöður Línuhönnunar í samvinnu við Háskólann í Þrándheimi liggja fyrir á næstu vikum og þá komum við að þeirri spurningu hvort við eigum að halda áfram eða ekki. Við erum líka að velta vöngum yfir því hvernig eigi að standa að fjármögnuninni og hvort hægt sé að flýta framkvæmdum miðað við samgönguáætlun,“ segir hún.

Ný höfn í Mjóeyri er mikilvæg til framtíðar. „Höfnin var í upphafi gerð til þess að þjóna álverinu. Hún er geysilega góð og liggur betur við flutningaleiðum til Evrópu en Faxaflóasvæðið. Við horfum til þess að hér verði miðstöð flutninga á landsbyggðinni og það hefur áhrif á þær kröfur sem gerðar eru um það hvernig samgöngur á landi verða byggðar upp. Íbúar á Mið-Austurlandi telja óheftar samgöngur allan ársins hring mikilvæga forsendu fyrir því að vöxtur og viðgangur geti orðið eins og fólkið dreymir um,“ segir Helga.

„Þetta mun allt ráðast af aðstæðum sem sérfræðingar leggja mat á og því hvort hægt verður að hraða tengingum umfram það sem áformað er. Hins vegar liggur þegar fyrir og er staðfest í samgönguáætlun að göng verði gerð milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Norðfjörður er sterkur kjarni, þar er okkar sérfræðisjúkrahús og miðstöð framhaldsmenntunar og það er eitt af almikilvægustu verkefnunum að greiða samgöngur þangað.“

### Reykjavík er brjóstvörn

Helga hefur ellefu ára reynslu sem borgarritari og hún segir að borgarkerfið hafi farið í gegnum miklar breytingar til að laga sig að nútímalegri stjórnsýslu. Tíminn í Ráðhúsinu hafi verið samfellt spennandi tímabil þar sem hæfur hópur fólks lagaði sig að nýjum tímum.

„Þegar ég hugsa til Reykjavíkur hugsa ég um óhemjuspennandi tíma og er þakklát fyrir það. Ég kynntist breytingastjórnun sem byggir á framtíðarsýn og að vita hvert er stefnt. Auðvitað skiptir máli að Reykjavík sé sú brjóstvörn sem þarf gagnvart umheiminum fyrir fólk og fyrirtæki. Stærð og afl Reykjavíkur í samanburði við önnur sveitarfélög er svo mikið að mönnum vex það aðeins í augum og telja sig ekki eiga samstöðu með Reykjavík en það er miklvægt að allir íbúar og öll sveitarfélög skynji að Reykjavík er höfuðborg okkar allra.“

### Eigum að vera til fyrirmyndar

Helga er fyrrverandi aðstoðarmaður utanríkisráðherra og forsætisráðherra í tíð Steingríms Hermannssonar og hefur brennandi áhuga á þjóðmálum og stjórnmálum en segist ekki taka þátt í neinu stjórnmálastarfi. „Ég er alin upp á pólitísku heimili þar sem menn fylgdust geysilega vel með og ég hef hlustað á Eldhúsdagsumræður á Alþingi frá því ég man eftir mér. Ég hef alltaf litið kaflaskipt á lífið og aldrei getað hugsað mér að vera komin eitthvert til langframa. Ég er alltaf að takast á við verkefni sem mér finnast spennandi. Ég hafði séð fyrir mér að vera fimm til tíu ár hjá Reykjavíkurborg en þar var stöðug þróun og umbreyting og ég gleymdi mér aðeins. Ef ég hefði verið spurð fyrir fjórum árum hvort ég yrði bæjarstjóri í Fjarðabyggð hefði mér þótt það fjarstæðukennd hugmynd. En svo koma upp þessar aðstæður hér sem er spennandi að taka þátt í,“ segir hún.

Umhverfismálin hafa verið gríðarlega umdeild síðustu misserin en Helga var stjórnarformaður Landsvirkjunar þegar stækkun Alcan var ákveðin á sínum tíma. „Auðvitað verður íslensk þjóð að leggja mat á það hvernig best er að standa vörð um hagsmuni hennar og nýta auðlindirnar. Ein náttúruauðlind er óspillt umhverfið en í flestum fræðum er sú auðlind sem skiptir hvað mestu máli mennirnir sjálfir og hvernig maður stendur vörð um að mannlíf sé gott en ekki með því að ganga endalaust á hagsmuni náttúrunnar. Það er nokkuð sem við megum aldrei gleyma. Við megum ekki heldur gleyma að það skiptir máli fyrir allsnægtaþjóðir eins og Íslendinga að vera öðrum til fyrirmyndar, til dæmis varðandi Kyoto-bókunina. Við eigum alltaf að horfa fyrst á okkur og vera til sóma þegar við höfum undirgengist eitthvað,“ segir hún.

Hvað frekari orkunýtingu í þágu stóriðju varðar segir hún það skýrt í sínum huga að það eigi þá að „þjóna því markmiði að byggð sé í landinu og horfa til þess hvar orkunýtingin sé líklegust til að styrkja mannlíf og búa til öryggi fyrir íbúana, hvar áhrifin verða mest til að standa vörð um mannlíf og tryggja að það geti orðið atvinnuöryggi á stöðum sem hafa mikla staðarkosti og fólk vill búa á. Við getum ekki nýtt kosti þessara staða ef ekki er atvinnuöryggi á svæðinu. Þróun í landbúnaði og sjávarútvegi kallar á að menn endurhugsi atvinnustarfsemina úti á landi. Til þess að önnur atvinnutækifæri skapist er mikilvægt að hafa stórt og kraftmikið, tryggt og öruggt akkeri sem burðarás í samfélaginu. Út frá því er hægt að þróa annað.“



Italsofa
Leðursófasett 3+2, til í rauðu, hvítu og svörtu leðri
Verð kr. 330.000.-
Ertu í húsgagnaleit?
skovby
Italsofa Vandaður leður hornsófiHornsófi
Verð kr. 250.000.-
Stækkanlegt borð f.20 manns
Italsofa Sófi með tungu og skemmli
Verð kr. 222.000.-
Hornsófi sem hægt er að breyta í rúm
Italsofa
Verð kr. 228.000.-
Nabucco
Afar vönduð og sígild borðstofuhúsgögn
Sófasett 3+1+1Þykkt nautaleður
Litir: Ljóst og brúnt - Verð kr. 418.000.-
Tilboðverð kr. 368.000.-
Italsofa
Vandaður og þægilegur hornsófi með 2 skemlum og sterku áklæði sem auðvelt er að þrífa. Margir litir - Verð m/áklæði kr. 219.000.-
Verð m/leðri verð kr. 333.000.-
Slökunarstólar í miklu úrvali
Vandaður slökunarstóll með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir
Tilboðsverð m/ákl.
kr. 39.000.-
Tilboðsverð m/leðri
kr. 59.000.-
Borðstofustólar í miklu úrvali
Verð kr. 16.500.-
Afar vandaður og þægilegur borðstofustóll
Litir: Dökkbrúnt, ljóst, Fætur: Dökk / ljós eik
www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar
Þetta verður þú að prófa!
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

# Ég stend og fell með diskóinu

**Páll Óskar** er mættur með látum. Ný plata og útgáfutónleikar á Nasa í kvöld. Palli setur í gang nákvæmlega klukkan ellefu og stendur sína plikt til klukkan sex. Ég hitti hann á síldarplani á Seltjarnesi.



## GÓÐAN DAGINN

**Dr. Gunni tekur viðtal**



Páll Óskar hefur verið ein skærasta poppstjarna landsins síðustu fimmtán árin. Það segir sitt um stöðugildi íslenskra stjarna að þegar ég hitti Pál er hann sjálfur á fullu við að ganga frá upplagi nýju plötunnar sinnar, Allt fyrir ástina. Austurríska geisladiskaverksmiðjan klikkaði um tvær vikur svo Palli brá á það ráð að láta framleiða fyrstu 1.700 eintökin á Íslandi. Nú situr hann í kjallaranum heima hjá hörpuleikaranum Moniku Abendroth og föndrar. Þetta er eins og á síldarplani. Palli og vinir hans eru í akkorði við að koma plötunni saman. „Þetta er limited edition,“ segir Palli galvaskur, „handmade by me“.

Nýju plötuna gefur Palli út sjálfur með áðurnefndri Moniku. Saman reka þau Pop ehf. Vörulagerinn er heima hjá Moniku og hún keyrir út diskinn. Það ætti að verða brjálað að gera hjá henni næstu vikurnar.

Palla líður best þegar hann hefur alla þræði í hendi sér. „Smekkleysa gaf út Stuð-plötuna, en ég endaði með að borga helminginn fyrir hana,“ segir hann. „Eftir þá reynslu yppti ég bara öxlum og spurði sjálfan mig: af hverju geri ég þetta ekki bara sjálfur? Palla-platan 1995 er því fyrsta platan undir merkjum Pop og ég hef gefið allt út sjálfur síðan, nema eina jólaplötu sem Skífan gaf út. Eftir þá reynslu ákvað ég bara að halda áfram að gera þetta sjálfur. Það er meiri vinna en líka meiri ávinningur. Allt sem ég hef gefið út hefur gengið mjög vel fyrir utan Deep Inside sem floppaði 1999. Það er líka eina floppið. Ef plöturnar ganga illa þá vil ég taka ábyrgð og borga tapið sjálfur, en ef þær ganga vel vil ég líka njóta uppskerunnar.“

**Ekki á leið í rokkið**

*Myndirðu segja að þetta langa hlé á milli teknóplatna, átta ár, sé tilkomið vegna þess að Deep Inside floppaði á sínum tíma?*

„Það er partur af því, já. Buddan mín leyfði ekki að ég færi í svona stórt verkefni aftur. Á þessum árum hefur buddan lést og þyngst til skiptis, en ég náði að verða skuldlaus í júní 2005. Frá og með þeim degi bjó ég til diskósparigrís og fór að leggja fyrir fyrir þessari plötu. Hún er unnin án þess að taka eitt einasta lán. Ég er í þeirri öfundsverðu aðstöðu að skulda engum, hvorki manneskju né stofnun.“

*Þú ert þá eini skuldlausi maðurinn á landinu …*

„Nei, ég er líka skuldlaus,“ segir Monika. „Ég hef þýska genið í mér.“

*Allt fyrir ástina er stuðplata, ekki rétt – engar ballöður?*

„Jú, það er ein Gazebo-ballaða í endann. Platan er hugsuð eins og dj-gigg. Ég byrja þau alltaf í medium tempói, keyri svo upp í tryllta hittara, lendi þeim aðeins um miðbikið til að geta keyrt þau aftur upp í klímaxið. Og enda svo á vangadansi. Þannig er platan.“

*Nú hefurðu fengist við alls konar tónlist á ferlinum. Er einhver tónlistartegund sem þig langar að taka fyrir en hefur ekki gert enn þá?*

„Neibb, það held ég ekki,“ segir Palli eftir stutta umhugsun. „Ég er til dæmis búinn að komast að því að ég er enginn rokkari. Ég nýt þess ekki að hlusta á rokk af plötum en fæ rosa kikk út úr rokki ef það er spilað á tónleikum beint í eyrun á mér. Bestu tónleikar sem ég hef farið á eru tónleikarnir með Rammstein og Ham. En ég hef ekki heyrt þessa orku fangaða á plötum.“

**Ástin og Guð**

*Nýja platan er hálfgerð konseptplata þar sem ástin er rauði þráðurinn. Hvað kom til?*

„Hugmyndin kviknaði þegar ég var að horfa á músikvídeó í sjónvarpinu. Svo gífurlegt ójafnvægi í samskiptum kynjanna blasti við. Ég hugsaði með mér: Djísús, hvað ég er orðinn þreyttur á að horfa upp á stelpur á bikiníi einum fata og háum hælum á meðan strákarnir við hliðina á þeim eru kappklæddir með húfu, trefil og vettlinga. Textarnir ganga allir út á það að ástarsambönd séu einskis virði nema viðkomandi sé að sturlast úr ást og helst í sjálfsmorðshugleiðingum eða sé tilbúinn til að gefa sér viðkomandi algjörlega á vald. Ég vil ekki að popptónlist komist upp með þetta bull gagnrýnislaust og ákvað að búa til plötu þar sem ástin er skoðuð frá öllum hliðum. Það eru textar þarna sem eru sjúkir og óheilbrigðir og líka þar sem ástin er búin að ná jafnvægi.“

*Hvað er þá ást – þú færð sex orð.*

„Samband milli tveggja jafningja í jafnvægi.“

*Öll þessi ást og þú bara sóló. Hvenær bjóstu síðast með einhverjum?*

„Guð minn almáttugur … var það ekki frostaveturinn mikla? Ég fíla sjálfan mig í botn og þarf engan karlmann inn í líf mitt til að gera mig hamingjusaman. Ég er hamingjusamur.“

*Hvað með að ættleiða barn – er það eitthvað sem þig langar til að gera?*

„Ég að ættleiða?! Nei, það er nú ekki á dagskránni.“

*En langar þið ekki til að koma sæði þínu einhvern veginn á framfæri …*

„Æ kommon! Ég er alveg til í að skoða svona en fyrst verð ég að vera kominn í samband. Ég er ekki að fara að ala upp barn einn, sko!“

*Hvað finnst þér um tregðu þjóðkirkjunnar við að leyfa samkynhneigðum að ganga í hjónaband? Skiptir það þig einhverju máli?*

„Við Monika erum búin að koma fram í hundruðum brúðkaupa, bæði í „straight“ og „gay“-brúðkaupum, og við sjáum engan mun á þessari athöfn svo fremi sem kærleikur og ást er forsendan fyrir henni. Það eru prestar sem eru pro-gay og mér finnst að það eigi að leyfa það að gifta samkynhneigða. Hinir, sem vilja ekki gifta samkynhneigða, gott og blessað, þeir hafa þann rétt, en þeir eiga þá ekki að þiggja laun frá þessu sama fólki.“

*Þú trúir á Guð …*

„Já, ég trúi því að Guð hafi skapað mig og fíli mig í botn og ég fíla hann líka í botn.“

*En ef Guð er í rauninni jafn forpokaður og sá í gömlu Biblíunni – Viltu þá samt trúa á hann?*

„Ég kaupi ekki þann Guð. Þessi refsiglaði Guð í Biblíunni er auðsjáanlega skrásettur af mönnum sem vildu nota hann sem stjórntæki. Ég trúi því að Guð búi í hjartanu á mér en ekki í kirkjunni. Mín upplifun af Guði er einstaklingsbundin og persónuleg.“

**Mögnuðustu giggin eru jarðarfarir**

*Það verða 15 ár á næsta ári síðan þú hellti þér óskiptur út í poppbransann. Á þessum tíma hefur samfélagið gjörbreyst, skarpari skil orðin á milli ríkra og fátækra. Færðu stundum djobb hjá ríka fólkinu – og eru það best borguðu giggin?*

„Nei, ekkert endilega. Ég hef orðið þeirrar gæfu aðnjótandi á ferlinum að fá að syngja fyrir allt litrófið. Ég hef sungið fyrir æðstu ráðamenn þjóðarinnar og mjög ríkt fólk. Ég hef líka fengið að syngja fyrir deyjandi fólk á sjúkrahúsum, börn á barnaheimilum, á menntaskólaböllum, í mötuneytum hjá verkafólki og líka í beinni útsendingu fyrir framan 300

MÖGNUÐ ÆVINTÝRASAGA AF NORÐURSLÓÐUM

– nútíminn mætir goðsögnum og galdri í villtum „norðra“




Ilkka Hämälainen er feitlaginn og þunglyndur skipaþrifamaður sem flækist óvitandi inn í árþúsunda gamla atburðarás þegar ókunnugt afl tekur sér bólfestu í líkama hans og berst við hann um yfirráð.

Valur Gunnarsson hefur á undanförnum árum vakið athygli fyrir skrif í Reykjavík Grapevine og fleiri blöð.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



milljón manns. Ég hef fengið allan pakkann og er brjálæðislega þakklátur fyrir það. Mögnuðustu giggin eru jarðarfarir. Það var mjög erfitt fyrst. Ég alveg hataði þetta og rétt náði að klára síðustu nóturnar í lögunum áður en ég brotnaði saman.

Ég stappaði niður fótunum og sagðist aldrei ætla að gera þetta aftur. Svo sagði Monika mér að nálgast þetta með öðru hugarfari. Í jarðarförunum áttaði ég mig á því að það að vera tónlistarmaður er í raun þjónustustarf. Ekki kannski eins og að vera á kassanum í Hagkaupum, en þetta er alveg: „Hvað get ég gert fyrir þig?“ Þjónustan felst í því að vera verkfæri. Það er fólk þarna sem er frosið og getur ekki grátið, en rétt lag á réttum tíma getur skrúfað frá. Það er mitt hlutverk. Eftir að ég fattaði þetta – að þú ferð ekki í jarðarför til að slá í gegn – þá breyttist attitjúdið gagnvart sjálfum mér og tónlistinni. Og jarðarfarirnar urðu kveikjan að þessari plötu. Ég fattaði, ókei, ég vil halda áfram að gera diskó. Þetta er mín músík og þetta er það sem ég vil standa fyrir. Ég stend og fell með diskóinu. Þetta er tónlist lífsgleðinnar.“

*Hefurðu tekið diskó í jarðarför?*

„Nei ekki enn þá, en sú kynslóð á nú eftir að fara í gröfina líka. Við skulum sjá hvað gerist.“

## → PÁLL ÓSKAR... fyllir í eyðurnar

**Ef ég missti bæði heyrnina og röddina færi ég að** ... kenna táknmál.

**Draumastaðurinn minn er** ... þar sem ég er í góðu jafnvægi hverju sinni. Ef þú meinar einhverja borg þá myndi ég segja New York.

**Ég er glaður að ég er ekki** ... skuldugur.

**Það skrítnasta sem ég hef smakkað á ævinni er tvímælalaust** ... soðinn beljumagi með frönskum á veitingastað í Perú.

**Ef ég fengi að syngja dúett með hverjum sem er, lífs eða liðnum, syngi ég með** ... Robertu Flack. Raddirnar okkar gætu passað flott saman.

**Mesti lúxus sem ég hef á ævinni veit**t mér var ... að borga meira en 30.000 krónur fyrir miða á tónleika með Madonnu. Það var hverrar krónu virði.

**Ef ég væri síamstvíburi vildi ég vera fastur við** ... mig sjálfan, klippa mig svo í tvennt svo ég gæti orkað allt það sem ég þarf að gera.

**Safnplatan með bestu lögunum mínum á að heita** ... Silfursafnið. Þessi safnplata kemur út á næsta ári, því ég mun fagna 15 ára starfsafmæli talið frá Stuð-plötunni sem kom út árið 1993. Nú er kominn tími til að hreinsa til gamlar upptökur og pússa silfrið.




PIPAR • SÍA • 72301

Að Íslensku gæðaverðlaununum standa:
Stjórnvísi
Forsætisráðuneytið
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur
Háskóli Íslands

ÍSLENSKU GÆÐAVERÐLAUNIN • 2007 •






Landsvirkjun þakkar starfsfólki sínu, samstarfsfólki um land allt og viðskiptavinum þann árangur að hljóta Íslensku gæðaverðlaunin 2007

**Umsögn matsnefndar um Landsvirkjun**

Matsnefndin heimótti öflugt og metnaðarfullt þekkingarfyrirtæki sem gefur sambærilegum fyrirtækjum erlendis ekkert eftir. Frumkvæði og metnaður starfsmanna fær notið sín í vel skilgreindu starfsumhverfi með virka, öfluga og stefnumiðaða mannauðsstjórnun þar sem vel er hlúð að starfsfólki. Staða mannauðsstjórnunar í skipuriti fyrirtækisins sýnir áherslur þess í starfsmannamálum. Mannauðurinn er virkjaður til hins ítrasta með umboð til athafna að leiðarljósi.

Upplýsingakerfi eru notuð á skilvirkan og hagnýtan hátt sem styður vel við markmið og verklag og eru góð fyrirmynd fyrir önnur fyrirtæki í notkun upplýsinga. Leiðtogar og stjórnendur fyrirtækisins hafa skýra framtíðarsýn sem er unnin á mjög kerfisbundinn og skilvirkan hátt með virkri þátttöku starfsmanna. Stefnumörkun fyrirtækisins er kynnt og innleidd á öllum starfssviðum fyrirtækisins þar sem þarfir viðskiptavina og samfélagsins eru hafðar að leiðarljósi. Fyrirtækinu er umhugað um ímynd sína og tekur mjög virkan þátt í samfélagslegum verkefnum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

VOTTUN HF. ÍST ISO 14001 Vottuð umhverfisstjórnun orkusviðs Landsvirkjunar

VOTTUN HF. ÍST ISO 9001 Vottað gæðakerfi Landsvirkjunar

Landsvirkjun



**VALUR GUNNARSSON RITHÖFUNDUR** Getur borðað heilan poka af harðfisk án þess að blása úr nös. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# *Hef mikla samkennd með sniglum*

**Valur Gunnarsson** er nýbúinn að senda frá sér sitt fyrsta skáldverk sem fjallar um þunglyndan, feitan, drykkfelldan og einmana Finna sem lendir svo í æsispennandi atburðarás árþúsundanna á milli. Anna Margrét Björnsson tók Val í þriðju gráðu yfirheyrslu.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Valur Gunnarsson

FÆÐINGARÁR: 1976, árið sem Maó dó og Sex Pistols gáfu út smáskífuna Anarchy in the UK.

Á HUNDAVAÐI: Vann í Ikea í Noregi, í vodkaverksmiðju í Finnlandi og sem bréfberi í Reykjavík. BA í sagnfræði og MA í ritlist. Fyrrverandi ritstjóri Reykjavík Grapevine og blaðamaður hjá ýmsum íslenskum miðlum.

**Hver voru morgunverkin?**
Sættast við alheiminn á ný, fara svo á klósettið og því næst að lesa upp í Menntaskólanum við Sund.

**Eftirlætismánuður ársins og af hverju?**
September. Kannski vegna þess að ég á afmæli í lok ágúst. En það er eitthvað við það að náttúran í kring er að deyja eða leggjast í dvala sem fyllir mig orku. Svo er líka hið stórgóða Kurt Weill-lag September Song til að minna mann á að tíminn líður, en það gleymist stundum.

**Ef þú yrðir að vera einhver fræg manneskja í einn dag, hver myndirðu vilja vera og af hverju?**
Jón Ásgeir. Ætli ég myndi ekki byrja á því að lækka matvöruverðið. Og fara síðan að eyða eitthvað af þessum peningum.

**Hver er þín syndsamlegasta nautn?**
Nautnir eru aldrei syndsamlegar. Sumar er bara erfiðari að nálgast en aðrar.

**Ef þú yrðir sendur í tímavél eitthvert og látinn dúsa þar í viku, hvaða tíma myndirðu velja þér?**
Helst vildi ég fara sem víðast. En þar sem ég er nýbúinn að vera að skrifa mikið um Finnland og Svíþjóð á 6. öld myndi ég vilja fara í blótpartí í Uppsalahofi á þeim tíma. Og síðan líklega koma heim og henda bókinni.

**Hvaða freistingu áttu bágt með að standast?**
Þær allar. En sumar láta ganga á eftir sér.

**Þú festist í lyftu í sólarhring: Hvaða fimm hluti viltu hafa með þér?**
Biblíu til að lesa, klámblað til að skoða, vasaljós, pakka af sígarettum, kveikjara.

**Hvað gerirðu þegar þú ert andvaka?**
Það sama og annars. Mér finnst alltaf eins og ég sé að reyna að sofna eða reyna að vakna.

**Þú ert að fara á grímuball og mátt fara í hvaða búningi sem er. Í hverju ferðu?**
Hef aðeins einu sinni farið á grímuball og þá sem John Travolta í Saturday Night Fever. Það er langt síðan. Ætli ég myndi ekki frekar líta út eins og Elvis gerði síðustu árin, ef ég færi í sömu fötum í dag.

**Frægasti ættingi þinn?**
Enginn í nánustu fjölskyldu. Reikna með að Jón Arason biskup hafi verið forfaðir minn eins og annarra.

**Ef þú yrðir að fylla heimilið af einhverri dýrategund (allavega 20 stykki), hvaða dýr myndirðu velja þér að búa með?**
Sniglum. Ég hef mikla samkennd með sniglum. Alltaf á leiðinni eitthvað með allt sitt hafurtask, en komast í raun aldrei neitt. Þeir myndu líka vera fyrirferðarlitlir, og ef ég yrði leiður á þeim væri alltaf hægt að steikja þá upp úr hvítlauk.

**Ef ég fengi klukkustund með Halldóri Laxness myndi ég ...**
Líklega reyna að koma honum aftur undir mold áður en hann færi að lykta. Myndi þó skála fyrir honum fyrst.

**Ef þú værir persóna í Harry Potter-bók, hver myndirðu vera?**
Hef satt að segja aldrei lesið Harry Potter-bók. Reikna þó með að ég myndi frekar vilja vera persóna í Harry Potter-bók en í íslenskum krimma.

**Hver er staða íslensku skáldsögunnar í dag?**
Hún tórir enn. Ætli skáldsagan deyi ekki endanlega daginn sem ég klára meistaraverk mitt, sem verður því ekki lesið af neinum.

**Hvað gerir þig þunglyndan?**
Þunglyndi er hið eðlilega ástand. Það er hins vegar ýmislegt sem gerir mig glaðan.

**Hver er eftirlætisrithöfundurinn þinn?**
Prédikarinn í Gamla testamentinu. „Allt er hégómi."

**Hver er besta minning síðasta árs?**
Síðasta ár fór í súginn. Vona að það næsta verði betra.

**Hvaða kæki ertu með?**
Setja uppvafin eiturefni í munninn á mér og kveikja í þeim.

**Poka af hverju gætirðu borðað án þess að blása úr nös?**
Harðfisk. Myndi þó blása úr nös yfir kostnaðinum.

**Hvað ættirðu í raun að vera að gera núna?**
Drekka í mig kjark fyrir kvöldið.

**Hvaða leikara myndir þú fá til að leika í ævisögulegri kvikmynd um þig? Hver yrði lokasetning kvikmyndarinnar?**
Mér var sagt á Næsta bar í gær að ég liti nákvæmlega út eins og Jói fiskur. Ég veit ekki hvaða maður það er, en ég myndi treysta honum til að leika mig í bíómynd. Ætli lokasetningin yrði ekki: „Ég sagði ykkur að þetta myndi fara svona."

**Hvaða frasa ofnotar þú?**
„Vei, vei, vei þeim sem á jörðu búa."




## MÆLISTIKAN

### Á uppleið

**„Twenties"-klippingin.** Stutt, smart og töffaralegt.



**Að snobba niður á við.** Kaupa borðstofuna í Góða hirðinum og keyra á sjö ára gömlum Subaru.

**Vænlegt hösl á börunum.** Verðbréfasalar grátandi í hverju horni yfir slæmu gengi markaðarins.

**Skipulag.** Nú fara jólin að nálgast og hver helgi þarf að vera niðurnjörvuð. Ekki gleyma að panta hreindýrið og jólaklippinguna.



**Að flytja til útlanda.** Húsnæðisverð ... leiguverð ... matvöruverð. Allt að fara til fjandans á Íslandi.

### Á niðurleið

**Brasilískt vax fyrir karlmenn.** Hvað varð um hinn sanna íslenska víking? Gilzenegger er svoooo 2004.



**Þulur.** Algjörlega úrelt starf sem þjónar engum tilgangi nema augnapunkti fyrir karlmenn. En þeim finnast þær ekki einu sinni töff.



**Reykingar í bílum.** Síðasta vígið þarf að falla. Það er gersamlega viðbjóðslegt að sitja í nikótínstybbu og ýtir líka undir bílveiki.

**Glamúr-gallabuxur.** Allt sem er með einhverjum áföstum hringjum, sylgjum, steinum eða dótaríi er gífurlega púkó.

**Egill Helgason.** Verður forpokaðri með viku hverri og á heima á steinöld þegar karlmenn drógu kvenfólk inn í hellinn sinn á hárinu.




TERRY
PRATCHETT
SAGA ÚR DISKHEIMI
LITBRIGÐI GALDRANNA
„Ég hef sjaldan hlegið eins mikið né skemmt mér eins konunglega yfir neinni bók"
„Ótrúleg saga og ótrúlegt ímyndunarafl hjá Terry Pratchett. Hvernig fer hann að þessu?"
Litbrigði galdranna hefur verið gefin út á 33 tungumálum og selst í yfir 2 milljónum eintaka.
Ef þig langar til að hlæja, lestu þá eina skemmtilegustu bók síðari ára.
„EINN FYNDNASTI OG BESTI RITHÖFUNDUR BRETLANDS"
THE INDEPENDENT
EINKAR ILLKEYTT FERÐAKISTA, ÍMYNDAÐIR DREKAR, TRÖLL, PÚKAR, ÁLFAR, GALDRAMENN, DAUÐINN SJÁLFUR OG HAMINGJUSAMUR TÚRISTI SEM ALLIR VILJA DREPA



# HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

**Uppskriftabók**
Biblían er uppskriftabók kristinnar siðfræði, leiðarvísir hins góða, handbók heilagleikans. En Biblían er líka stappfull af endalausum ættartölum sem enginn maður getur lesið sér til skemmtunar. Hún er sundurlaus saga af ferðalagi einhverrar þjóðar til fyrirheitins lands, hún geymir einhver fegurstu og lostafyllstu ástarljóð sem skrifuð hafa verið og í henni er að finna leiðbeiningar um mat sem bannað er að borða. Síðast en ekki síst er Biblían löðrandi í reglum, boðum og bönnum, geðveikislegum heimsendaspám og ekki má gleyma stórundarlegum en greinargóðum lýsingum spámanna sem virðast hafa séð fljúgandi furðuhluti og ferðast með þeim.

**Úr safaríkri grein Páls Ásgeirs Ásgeirssonar í Mbl. 4. nóvember.**

**Skemmtileg fyrirsögn**
Í Mbl. 4. nóv. mátti lesa þessa skemmtilegu fyrirsögn með umfjöllun um danslist: „Að dansa með orðum og öskra með líkamanum.“ Þetta minnir á færslu milli skynsviða í ljóðlist og er tilbreyting í annars dauflegu málfari íslenskra dagblaða.

**að ef**
Ekki þykir fara vel á því að setja saman tvær samtengingar og riðla þannig eðlilegri orðaröð. Dæmi um slíkt er hér í Fbl. 5. nóv.: „Condoleezza Rice..... var stödd í Jerúsalem og sagði að ef árangur dregst enn á langinn **verði** (ætti að standa yrði, vth.) það einungis vatn á myllu róttækra múslima.“ Hér færi mun betur að segja: ..að það yrði einungis vatn á myllu róttækra múslima, ef árangur dregst enn á langinn. Orðaröð og setningaskipun yrði þá eðlilegri.

**Meira að segja – ekki einu sinni**
„Meira að segja jólasveininn kemst ekki nálægt honum,” var sagt í fréttum á Stöð 2, 6. nóv. Hér færi betur að segja: Ekki einu sinni.

**Framkvæma, framkvæma**
Eitt einkenni hins hvimleiða stofnanamáls er sífelld ofnotkun so. framkvæma. „...það er verið að framkvæma kreppu...“ er haft eftir viðmælanda í Mbl. 8. nóv. Framkvæma kreppu? Og sama dag fæ ég til kynningu frá banka að NN hafi „framkvæmt eftirfarandi inngreiðslu“! Finnst einhverjum þetta eðlilegt málfar?

**Braghenda**
Nú er komin skýring á braghendu sem spurt var um fyrir hálfum mánuði, en reyndar er hún breytt hér, og sett í ákveðið samhengi:

*Komin er sólin Keili á og kotið Lóna.*
*Hraunamennirnir gapa og góna,*
*er Garðhverfinga sjá þeir róna.*

*Álftnesingurinn úti liggur og aldrei sefur ,*
*dregur hann meira en drottinn gefur,*
*dyggðasnauður maðkinn grefur.*

*Seltjerningurinn siglir hér um sílamóa,*
*hann er eins og eykin tóa,*
*aftur úr honum stendur róa.*

Vísur þessar eru í bókinni Fagra land eftir Birgi Kjaran og sagðar vera eftir Árna biskup Helgason í Görðum á Álftanesi , en hann mun vera dáinn árið 1320.

**Bestu kveðjur, Skúli Gunnarsson**

# HELGARUPPSKRIFTIN

## Nokkrar leiðir að fullkomnum hvíldardögum

**Morgunmaturinn:** Láttu það eftir elskunni að elda Eggs Benedict í morgunsárið. Hleypt egg ofan á parmaskinku og brauði með ljúffengri Hollandaise-sósu yfir. Mmmm …

**Bíómyndin:** This is England í Regnboganum. Algjör snilld um Bretland sirka árið 1987. Nostalgíubomba.

**Verslunarferðin:** Kósí að rölta niður Laugaveginn þar sem jólastemningin er að byrja. Taktu forskot á jólainnkaupin áður en að allt verður vitlaust.








**Sýningin:** Ungir sem aldnir ættu ekki að láta Kristján Davíðsson framhjá sér fara í Listasafni Íslands. Skemmtilegt barnarými niðri fyrir þá sem fíla ekki hvíta tímabilið og svo er hægt að enda í kakói og kökum á kaffihúsinu með afbragðs útsýni yfir Tjörnina.

**Heimadekrið:** Hvernig væri að sleppa því að kíkja á barina, opna eina kampavín og vera bara „glamúrus“ heima hjá sér í staðinn?

**Veitingastaðurinn:** Fiskmarkaðurinn í Aðalstræti. Dásamleg blanda af íslenskum og austurlenskum matarhefðum og fullt, fullt af sjávarfangi.



**Afþreyingin:** Rúnta fyrir utan Hafnarhúsið þar sem brúðkaup aldarinnar á sér stað. Eða fá sér bara göngutúr framhjá. Oft.

**Bókin:** Hvernig væri að skella sér í Eymundsson og skoða fagrar ljósmyndabækur? Fjárfestið til dæmis í einni eftir Helmut Newton og stillið svo upp á sófaborðinu.



**Tónleikarnir:** Hlustaðu á Strengjaokktett Mendelssohns, eitt af strengjameistaraverkum heims á kammertónleikum Sinfóníunnar í dag kl. 17 í sal Þjóðmenningarhússins.



**Stuðið:** Krónik-tónleikar á Organ á laugardagskvöld. Dj Evil Dee, DJ Rampage og fleira á klassísku hip hop-kvöldi.

**Skyndibitinn:** Hlöllabátur síðla nætur klikkar aldrei, og svo er hann líka beint við hliðina á leigubílaröðinni …

# HELGARKROSSGÁTAN












91

MP & BH

SKAKKI HÁTÍÐ VEITT EFTIRFÖR SAUR RYK POTTRÉTTUR

MATJURT ANGRA ÚTBÍA

BLÍÐSKAPUR ÓLÆTI LEIFTRA YFIRSJÓN HVORT NAFNBÆTUR

HUGARRÓ BOR GENGI TÖF 1 AÐSETA SÍKKA

SJÁ EFTIR YFIRSTÉTT ÓGREIDDUR UM FRAM

FISKUR BEISKUR FYRIRBOÐI DÝPSTA RÖDDIN TIL DÆMIS FISKUR

FYRIRDRAG UMRÓT 3 DANGL SJÓ TUSKA SÝKJAST

STRUNS TRÖLL DRULLA LOFT MÓÐINS STARFSGREIN TUNNA

GLUFA EFTIRFARANDI ÆXLUNARFÆRI BLÁSTUR GAP 2 HAGNÝTA

Í RÖÐ ÓNN ÆTÍÐ MASA HIMNARÍKI ALMENN REGLA ÞITT

ÓRÓLEG MISBRÚKA KAÐALL HÓLMI ÞJÓFNAÐUR

TÆRA 4 LAMPI FYRIR HÖND JÁRNSKEMMD Í RÖÐ 5

GORTA

SEYTLAR FORMUNAR

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur



NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
MIKIÐ ÚRVAL LAMPA
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
8W 14W 21W 28W
Verð frá 995
UNDIRSKÁPALJÓS
14W 21W 28W
Verð frá 959
UNDIRSKÁPALJÓS
1 x 36W
2 x 36W
2 x 18W
Verð frá 1295
IÐNAÐARLAMPAR
8W
13W
995
UNDIRSKÁPALJÓS 8W
1295
UNDIRSKÁPALJÓS 13W
3860
FLÚRLAMPI 60x60cm 3 x 14W
2995
FLÚRLAMPI 60x60cm 4 x 18W
RAKAÞÉTTIR FLÚRLAMPAR
2990 2 x 58W
1995 1 x 58W
2990 2 x 36W
1795 1 x 36W
1795 2 x 18W
6995
LJÓSATUNNA 250W OG 400W
2995
SKRIFSTOFULAMPI 2 x 36W
1890
INNFELLD LJÓS
2 stærðir
9 litir
Verð frá 990
INNFELLD LJÓS
Króm og hvítt
1995
LOFTLJÓS 16W OG 28W M/PERU
Verð frá 2995
SPEGLALJÓS
Verð frá 995
SPEGLALJÓS
7900
ÚTIKASTARI LED
Verð frá 995
ÚTIKASTARI
3 gerðir
Verð frá 6999
HITALAMPI 1300W
Með tenglum
6999
VINNULJÓS GÚMMÍ 3 x 24W
150W 250W 400W
Verð frá 5995
FLÓÐKASTARAR
150W 500W
1000W 1500W
Verð frá 895
HALOGENKASTARAR
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16 (lokað á Njarðarbraut)

*Óvenjuleg og spennandi skáldsaga um glæp*




## Drifhvítur dauði

**U**ng kona gerist kennari í litlu þorpi skammt frá Hamborg en kemst fljótt á snoðir um myrk leyndarmál íbúanna. Þegar ákveðið lag hljómar verða brúðkaup ungra kvenna þeim lífshættuleg.

**B**ækur þýska rithöfundarins og tónlistarmannsins Alexöndru Kui eiga sér tryggan og sífellt stærri hóp aðdáenda, enda tekst henni að byggja upp dulmagnaða spennu án þess að fara troðnar slóðir.

*Alþjóðlegur metsöluhöfundur*




## Bláklæddu stúlkurnar tvær

**T**víburunum Kathy og Kelly, er rænt á þriggja ára afmælisdeginum þeirra og foreldrar þeirra krafin um átta milljón dala lausnargjald. Orðið er við öllum skilmálum ræningjans en samt finnst aðeins Kelly og talið líklegt að Kathy hafi verið myrt. Meðan netið þrengist um ræningjann hangir líf Kathyar á bláþræði.

**U**m allan heim bíða lesendur í ofvæni eftir hverri nýrri bók metsöluhöfundarins Mary Higgins Clark. Sem fyrr fer þessi vinsæli höfundur á kostum og má fullyrða að nýja bókin hennar *Bláklæddu stúlkurnar tvær* gefur fyrri bókum hennar ekkert eftir.

*Nýr tónn í íslenskri glæpasagnahefð*




## Grunnar grafir

**U**ng og falleg kona finnst látin, allsnakin, bundin á höndum og fótum og ber merki um ofbeldi. Lögreglan á í dauðans kapphlaupi við morðingjann sem stiklar á mörkunum milli heima skynsemi og brjálæðis.

**F**ritz Már Jörgensson hefur gefið út tvær spennusögur sem hafa slegið nýjan tón í íslenskri glæpasagnahefð.

*Fróðleikur fyrir lestrarhesta*




## Risaeðlur

**Þ**etta er án efa ein allra glæsilegasta bók um risaeðlur sem út hefur komið. Frábærar flettiglærur og gagnvirkur geisladiskur skila lesendum inn í heim furðulegustu dýra sem gengið hafa hér á jörð.

www.skjaldborg.is

Skjaldborg

# STUÐ MILLI STRÍÐA Skrítin athugasemd Þorsteins J.

**SIGRÚNU ÓSK KRISTJÁNSDÓTTUR** ER VONANDI LEYFILEGT AÐ GAGNRÝNA SJÓNVARPSEFNI



Mér finnst Þorsteinn J. fínn sjónvarpsmaður og nýi þátturinn hans 07/08 góður (að nafngiftinni frátalinni). Hins vegar horfði ég á þáttinn á fimmtudag og fannst Þorsteinn gera vafasama athugasemd við fjölmiðlapistla í dagblöðum. Í stuttu „Andy Rooney“ innslagi mátti sjá hvar Þorsteinn sat í sófa og blaðaði í Morgunblaðinu þar sem einhver blaðamaður hafði lýst þeirri skoðun sinni að Edduverðlaunaafhendingin væri dapurlegt sjónvarpsefni undir fyrirsögninni „Edduhnoð“.

Þorsteini mislíkaði þetta greinilega og sagði að það hefði verið við því að búast að kollegar hans kveiktu á „röflinu strax eftir helgina“ enda hefðu „blaðamenn verið á móti Eddunni frá því að land byggðist“. Gott og vel. Þorsteini má alveg finnast þessi gagnrýni vera röfl. En hann hélt áfram og sagðist aldrei hafa skilið af hverju blaðamenn væru „alltaf“ að segja skoðun sína á sjónvarpi og útvarpi. Að sér fyndist það jafngilda því að pípulagningamenn gerðu úttekt á peningamarkaðnum eða að gjaldkeri væri beðinn að mála hús. „Fínt fagfólk, en bara á sínu sviði sjáiði til,“ sagði Þorsteinn og klykkti út með: „Hér eru nýjar tölur: Ég held að landsmenn geti vel lifað án ljósvakans í Mogganum.“

Þetta síðastnefnda er líklega rétt hjá honum. Ég efast um að nokkur maður myndi geispa golunni þótt fjölmiðlapistlar yrðu þurrkaðir út af síðum blaðanna. En hver eða hverjir eiga þá, að mati Þorsteins, að gagnrýna sjónvarp? Sjónvarpsmenn? Sérþjálfaðir sjónvarpsgláparar? Kvikmyndafræðingar? Ég? Má ég, sem blaðamaður, gagnrýna sjónvarp sökum fyrri starfa minna á þeim vettvangi? Eða er sjónvarpsefni kannski bara yfir gagnrýni hafið að hans mati?

Svo er nú viss þversögn í því að gagnrýna blaðaefni í sjónvarpi fyrir að gagnrýna sjónvarpsefni í blöðum.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ego dekor
Sófar frá HOMEFEELING
Pink Dream tungusófi
Stærð: 360X150XTungubr.:152
Fáanlegur í tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Verð: 198.000,-
Austria tungusófi
Stærð: 333X200XTungubr.:112
Fáanlegur í tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Verð: 188.000,-
Move tungusófi og skemill
Stærð: 315X172XTungubr: Skemill: 115X70
Fáanlegur í tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Verð: 218.000,-
Ný sending af eikarhúsgögnum
Sjónvarpsskenkur með ljósi – svart gler
Stærð: 200x50xH: 33(50)
Verð: 89.000,-
Zen leðurstóll
Einnig fáanlegur í brúnu og hvítu leðri
Verð: 16.500,-
Stækkanlegt borðstofuborð
160(248)x100
Verð: 89.000,-
Sófaborð m/skúffu
Stærð: 130x70
Einnig fáanlegt í stærð: 90x90
Verð: 58.000,-
Romeo leðurtungusófi
Einnig fáanlegur í dökkbrúnu leðri
Stærð: 320x165
Verð: 235.000,-
Madrid leðurtungusófi
Stærð: 305x220
Verð: 249.000,-
Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

**! Sýning**
*Um þessar mundir stendur yfir sýning á verkum Kolbrúnar Róbertsdóttur myndlistarmanns á kaffihúsinu Energiu í Smáralind. Á sýningunni má sjá olíumálverk og myndverk unnin með blandaðri tækni. Sýningin stendur út nóvember og er opin virka daga frá 10-20, laugardaga frá 10-19 og sunnudaga frá 12-19.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Hreinn hlýtur heiðursverðlaun Myndstefs*

Hreinn Friðfinnsson myndlistarmaður er handhafi heiðursverðlauna Myndstefs árið 2007 sem forseti Íslands afhenti við hátíðlega athöfn í Listasafni Íslands í fyrradag. Heiðursverðlaun Myndstefs, Myndhöfundasjóðs Íslands, nema samtals einni milljón króna. Dómnefnd skipuðu að þessu sinni Áslaug Thorlacius myndlistarmaður, Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbanka Íslands, og Margrét Harðardóttir arkitekt. Dómnefndin var einróma í afstöðu sinni um að veita Hreini verðlaunin. Í niðurstöðu dómnefndarinnar segir meðal annars: „Verk Hreins eru hrífandi og einföld, full af ljóðrænum vísunum og heimspekilegum vangaveltum. Ásýnd hlutanna skiptir ekki höfuðmáli heldur andinn og hin tæra hugsun enda snúast verkin gjarnan um eitthvað loftkennt og ósnertanlegt einsog ljósið, vindinn eða það sem ekki er.“ Hreinn Friðfinnsson á að baki langan og fjölbreyttan myndlistarferil.



**VERÐLAUNAAFHENDING** Edda Jónsdóttir tók við verðlaunum fyrir hönd Hreins Friðfinnssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hann var einn stofnenda og meðlima SÚM-hreyfingarinnar og á 8. áratugnum vann hann undir áhrifum hugmyndalistar, en hefur síðan unnið í fleiri miðla með blandaðri tækni.
Auk Hreins voru eftirtaldir myndhöfundar einnig tilnefndir til heiðursverðlauna Myndstefs 2007: Halldór Baldursson teiknari, Ilmur María Stefánsdóttir, myndlistarmaður og leikmyndahöfundur, Katrín Elvarsdóttir ljósmyndari, Ólöf Nordal myndlistarmaður og Pálmar Kristmundsson arkitekt.
Innan vébanda Myndstefs eru á fjórtánda hundrað manns í sex aðildarfélögum, Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Ljósmyndarafélagi Íslands, Félagi íslenskra teiknara, Félagi grafískra teiknara, Arkitektafélagi Íslands og Félagi leikmynda- og búningahöfunda. Einnig eiga aðild að Myndstefi allmargir erfingjar að myndhöfundarétti. - vþ

# Einræðisherra í Hafnarfirði

Kvikmyndasafn Íslands sýnir í dag kvikmyndina Einræðisherrann eftir Charlie Chaplin frá árinu 1940, en myndin þótti á sínum tíma djörf vegna þeirrar gagnrýni sem hún setti fram á ógnarstjórn Adolfs Hitler.

Söguþráður myndarinnar er á þá leið að í upphafi fyrri heimsstyrjaldarinnar bjargar óbreyttur hermaður lífi hins virta flugkappa Schultz. Á flótta undan óvininunum missir hermaðurinn minnið og endar á sjúkrahúsi. Hann dvelur nokkur ár á sjúkrahúsinu en er síðan útskrifaður og tekur til við að raka menn og klippa í gyðingahverfinu. En tímarnir hafa breyst í landinu Tomania og einræðisherrann Adenoid Hynkel, sem er tvífari rakarans, heldur landinu í heljargreipum og er haldinn miklum fordómum gagnvart gyðingum. Dag nokkurn lendir rakarinn í vandræðum og er dreginn fyrir herforingja. Þar er kominn enginn annar en flugkappinn Schultz sem þyrmir lífi rakarans.

Síðar er Schultz fangelsaður fyrir að vera of vinveittur gyðingum og allir gyðingar sem ekki hefur tekist að flýja eru settir í einangrunarbúðir. Rakarinn og Schultz reyna að flýja en lenda í höndum herliðs Tomaniu. Rakarinn er tekinn í misgripum fyrir Hynkel sjálfan og fær því óvænt tækifæri til að ávarpa íbúa landsins.



**EINRÆÐISHERRANN** Fyrsta talmynd Charlie Chaplin.

Þetta er fyrsta talmynd Chaplins og með henni hverfur litli flakkarinn, hans þekktasta persóna, úr myndum hans. Hér talar Chaplin í fyrsta sinn og með ræðu sinni í myndinni gerir hann gys að valdagösprurum eins og Adolf Hitler og hans líkum.

Helstu leikarar myndarinnar eru Charlie Chaplin, Paulette Goddard, Reginald Gardiner og Jack Oakie. Myndin er sýnd með íslenskum texta.

Sýningin fer fram í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði og hefst kl. 16. Miðaverð er 500 kr. - vþ

# Ævi skáldsins í tali og tónum

**Fífilbrekkuhópurinn stendur fyrir tónleikum í Salnum í Kópavogi í dag kl. 17 og tónleikum í Reykholtskirkju í Borgarfirði á morgun kl. 16. Tilefnið er 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar.**

Tónleikadagskrá Fífilbrekkuhópsins samanstendur af 26 lögum Atla Heimis Sveinssonar við ljóð Jónasar. Því má nærri geta að tónlistarfólkið í hópnum hafi staðið í ströngu undanfarið, enda náðu hátíðarhöld vegna afmælis þjóðskáldsins hámarki sínu í gær.

„Við förum í gegnum líf Jónasar með þessari dagskrá,“ segir Sigurður Ingvi Snorrason klarinettuleikari sem er meðlimur í hópnum. „Við tengjum lögin ævi skáldsins þannig að ljóð sem hann orti um bernsku sína tilheyra fyrsta hluta tónleikanna og svo framvegis. Með hópnum kemur fram sögumaður sem segir upp og ofan af ljóðunum og lífshlaupinu sem kemur fram í þeim og við endum dagskrána með því að flytja ljóð sem tengjast Danmerkurárum Jónasar.“

Auk Sigurðar skipa Fífilbrekkuhópinn þau Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari, Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari, Hávarður Tryggvason kontrabassaleikari, Eyjólfur Eyjólfsson tenór, Hulda Björk Garðarsdóttir sópran og Arnar Jónsson leikari sem tekur að sér hlutverk sögumannsins á tónleikunum nú um helgina. Sigurður segir hópinn hafa komið saman til þess að heiðra Jónas á afmælisári hans. „Jónas óskaði sjálfur eftir því á sínum tíma að lög yrðu samin við ljóð sín. Lögin sem Atli Heimir hefur samið eru í gömlum stíl, ef svo má segja; það er gott að raula þau og þau hafa alla burði til að verða sígild sönglög. Það má því segja að með flutningi þessarar tónlistar séum við að reyna að láta draum Jónasar um að ljóð hans lifi áfram í tónlist rætast.“

Fífilbrekkuhópurinn hefur mestmegnis leikið erlendis það sem af er árinu. „Við höfum leikið á nokkrum eftirminnilegum tónleikum. Það var sérstaklega gaman að leika í Gimli í Manitoba á Íslendingadaginn. Þar þekkti fólk kvæði Jónasar vel og við erum enn þá að fá kveðjur þaðan frá fólki sem sá okkur koma fram. Við héldum einnig tónleika í Sívalaturninum í Kaupmannahöfn, á slóðum Jónasar. Við lékum auk þess í Berlín við góðar undirtektir og förum síðar á árinu til London. En ég upplifi það sem hálfgerða uppskeruhátíð að halda þessa tónleika hér á Íslandi nú í kringum sjálfan afmælisdag Jónasar, enda sérlega ánægjulegt að leika þessa fallegu tónlist fyrir Íslendinga,“ segir Sigurður að lokum.

vigdis@frettabladid.is



**FÍFILBREKKUHÓPURINN** Leikur tónlist Atla Heimis Sveinssonar við ljóð Jónasar Hallgrímssonar.






# Daprar hórur í Íran

Írönsk yfirvöld eru ekki kunn fyrir umburðarlyndi gagnvart bókmenntum eða öðrum listgreinum sem innihalda kynferðislegar tilvísanir. Því kann það að koma á óvart að bók eftir Nóbelsverðlaunahöfundinn Gabriel Garcia Marquez sem í íslenskri þýðingu kallast Minning um döpru hórurnar mínar fékkst útgefin þar í landi.

Reyndar má þakka útsjónarsemi íranskra útgefenda fyrir þennan ólíklega atburð, en þeir höfðu rænu á að milda titil bókarinnar þannig að hann útlagðist Minning um döpru elskurnar mínar. Með þessu lúmska bragði tókst þeim að koma bókinni hjá ritskoðendum íranska ríkisins.

Íhaldssamir íranskir fjölmiðlar drógu síðar athygli yfirvalda að réttum titli bókarinnar og söguþræði hennar, en hún fjallar um níræðan mann sem verður ástfanginn af barnungri vændiskonu. Íranska menningarmálaráðuneytið brást skjótt við og dró til baka leyfi fyrir útgáfu bókarinnar. Fyrsta prentun bókarinnar, 5.000 eintök, náði þó í bókabúðir áður en af banninu varð og seldist upp á örfáum vikum enda er Marquez einn vinsælasti erlendi rithöfundurinn í Íran.

Mohammad Hossein Saffar-Harandi, menningamálaráðherra Írans, sagði bókina hafa verið bannaða sökum siðlauss innihalds og fullvissaði þjóð sína um að starfsmaðurinn sem bar ábyrgð á því að bókin var gefin út hefði verið rekinn.

Yfirvöld í Íran hafa undanfarið hert tökin á þarlendu menningarlífi með þeim afleiðingum að margar bækur sem á árum áður voru leyfðar hafa verið bannaðar. Þar á meðal eru mörg þekktustu verk Marquez og annarra virtra höfunda. - vþ



**GABRIEL GARCIA MARQUEZ** Bækur hans eru bæði vinsælar og bannaðar í Íran.

# NÝ TÓNLIST





Luxor
- Luxor



Dísella
- Solo Noi



Laddi
- Jóla hvað?



Birgitta Haukdal
- Ein



Undarlegt hús - Tónlistin
úr Stundinni okkar 2006-2007



Hjálmar
- Ferðasót



Benny Crespo Gang
- Benny Crespo Gang



Björg Þórhallsdóttir
- Gullperlur



Killers
- Sawdust



Josh Groban
- Noel



Celene Dion
- Taking Chances



Alicia Keys
As I Am



Led Zeppelin
- Mothership



Mika
- Life In Cartoon Motion



Maroon 5
- It Wont Be Soon Before Long



The Rolling Stones
- Rolled Gold

## TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

















**KVENNAKÓR HÍ** Heldur tónleika á Selfossi í dag.

# *Norræn kórrómantík og Jónasarlög*

Nýr kvennakór við Háskóla Íslands heldur tónleika í sal Tónlistarskóla Árnesinga við Eyrarveg 9 á Selfossi í dag kl 15.

Í tilefni af 200 ára afmæli listaskáldsins Jónasar Hallgrímssonar verða flutt Jónasarlög Atla Heimis Sveinssonar ásamt kórtónlist eftir Edvard Grieg, en í ár er minnst 100 ára ártíðar hans.

Flutt verða mörg af þekktustu ljóðum Jónasar, til að mynda Smávinir fagrir, Söknuður og Ferðalok. Af tónlist Griegs má nefna brúðarmars, barnavísur og einsöngslög.

Kvennakórinn hefur fengið til liðs við sig unga tónlistarnema. Benedikt Kristjánsson, tenór, syngur þrjú þekkt einsöngslög eftir Grieg og þeir Joaquin Páll Palomares, fiðla, Víðir Pedersen, klarinett, og Þorkell Sigfússon, selló, leika allir með í Jónasarlögunum ásamt Sólveigu Önnu Jóndóttur píanóleikara.

Kvennakórinn skipa um 30 stúlkur sem stunda flestar nám við Háskóla Íslands. Stjórnandi kórsins er Margrét Bóasdóttir.

Kórinn hóf formlegt starf fyrir ári síðan og hefur haldið sjálfstæða tónleika, sungið jólasöngva í Háskólanum og tekið þátt í tónleikum og bókmenntadagskrám.

Tónleikarnir hefjast sem fyrr segir kl. 15 og er aðgangseyrir 1.500 kr. en 1.000 kr. fyrir eldri borgara.

**- vþ**

# Skemmtileg barnasýning

Leikhópurinn Borgarbörn frumsýnir jólaleikritið María, asninn og gjaldkerarnir á Nýja sviði Borgarleikhússins næstkomandi þriðjudag.

María, asninn og gjaldkerarnir er söngleikur þar sem öll hlutverk eru skipuð börnum og unglingum úr söng- og leiklistarskólanum Sönglist sem starfræktur er í samstarfi við Borgarleikhúsið. Í fyrra setti sami hópur upp jólasýninguna Rétta leiðin við frábærar undirtektir.

Verkið fjallar um krakka í unglingadeild sem fá það verkefni að setja upp sjálfan helgileikinn. Þeim líst ekki nógu vel á þá hugmynd og ekki batnar ástandið þegar nokkur börn eru send til að taka þátt í uppfærslunni með þeim.

Unglingarnir ákveða þó að setja upp helgileikinn á nýstárlegan hátt og fylgjast áhorfendur með æfingum þeirra, sem oft verða skondnar. Inn í sögu Maríu og Jóseps flækist ástarsaga Edda og Dísu, sem eru nemendur í skólanum, misskilningur á íslensku máli og ýmislegt fleira. En það sem mestu máli skiptir er að helgileikurinn kemst þó rétt til skila og þar með boðskapur jólanna. Góð og fræðandi skemmtun fyrir börn á öllum aldri.

Leikstjóri er Gunnar Helgason, söngstjóri er Ragnheiður Hall og danshöfundur er Halla Ólafsdóttir. Valdimar Kristjónsson sér um tónlistina og er leikmyndahönnuður Sigurjón Jóhannsson. Höfundur leikritsins er Erla Ruth Harðardóttir.



**KRAKKAR LEIKA** Mynd frá jólasýningunni Rétta leiðin sem sett var upp í Borgarleikhúsinu í fyrra.

Eins og í fyrra geta sýningargestir komið með jólapakka og lagt undir jólatré Borgarleikhússins. Leikarar Borgarbarna munu síðan sjá um að koma þeim í hendur Mæðrastyrksnefndar til dreifingar.

Eftir sýningu verður gestum boðið upp á djús og piparkökur áður en haldið er heim á leið.

**- vþ**




# Blönduð tækni í Ágústi

Magnea Ásmundsdóttir myndlistarmaður opnar einkasýningu sína, Á ferð, í Gallerí Ágústi, Baldursgötu 12, í dag kl. 16.

Magnea notar ólíka miðla í verkum sínum á sýningunni, að hætti „konsept“-listamanna. Hún sýnir til dæmis ljósmyndir, myndbandsverk, brotið postulín, púsluspil, egg og leikfangabíla sem hún setur í frásagnarsamhengi og leiðir þannig áhorfandann í ferðalag.

Verk Magneu virðast við fyrstu sýn léttvæg og leikandi, en undir yfirborðinu býr alvaran. Magnea varpar fram spurningum um lífið og dauðann, valdabaráttu og lífshlaupið í heild.

Magnea hefur mikið unnið með „konsept“-list, bæði í stórum verkefnum og þeim minni.

Magnea menntaði sig í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og bætti við sig menntun í Noregi og Þýskalandi. Síðan námi lauk hefur Magnea haldið einkasýningar í Reykjavík og tekið þátt í fjölda samsýninga víða í Evrópu.

Myndlist hennar er oft huglæg og á stundum ekki mjög efnismikil, en hún nálgast viðfangsefni sín af næmi og ljáir þeim dýpt og þunga. - vþ



**EGG** Verk eftir Magneu Ásmundsdóttur.




BJARNI THOR · DIDDÚ
ÁGÚST · SIGRÍÐUR · KURT
ÓPERUPERLUR
FRUMSÝNING Í KVÖLD KL. 20
ÖRFÁ SÆTI LAUS
2. SÝNING 23. NÓV. KL. 20
3. SÝNING 24. NÓV. KL. 20
WWW.OPERA.IS
MIÐASALA 511 4200
ÍSLENSKA ÓPERAN




**LIST Á LANDSBYGGÐINNI** Sýningin Salon stendur fram að áramótum.

# List fyrir austan

**Sýning á myndverkum seyðfirskra listamanna, leikinna og lærðra, verður opnuð á Vesturvegg Skaftfells, Austurvegi 42 á Seyðisfirði, í dag kl. 16. Sýningin nefnist Salon.**

**Gallerí Vesturveggur er á jarðhæð Skaftfells, í Bístrói menningarmiðstöðvarinnar á Seyðisfirði. Markmið Vesturveggsins er að gefa ungum myndlistarmönnum tækifæri til að sýna verk sín á opinberum vettvangi og að gefa fólki tækifæri til að kynna sér þá grósku sem er í myndlist á Íslandi. Jafnframt er Vesturveggurinn gott innlegg í menningarlíf Austurlands og gefur þannig Skaftfelli, miðstöð myndlistar í fjórðungnum, tækifæri á að auka sérstöðu sína enn frekar.**

**Öllum er hjartanlega velkomið að mæta á opnunina í dag og fagna með listamönnunum. Sýningin stendur fram að áramótum. - vþ**







Salurinn

**FIM. 15. NÓV. KL. 20 - FRESTAÐ**
TÓNLEIKAR MANNAKORNA

**LAUG. 17. NÓV. KL. 17**
TÍBRÁ: FÍFILBREKKA GRÓIN GRUND
JÓNAS 100 ÁRA
Miðaverð 2000/1600 kr.

**SUN. 18. NÓV. KL. 20**
LEONE TINGANELLI
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
Miðaverð 2000 kr.

**MIÐV. 21. NÓV. KL. 20**
TÍBRÁ: LIENE CIRCENE
PÍANÓTÓNLEIKAR
Miðaverð 2000/1600 kr.

SPK SPARISJÓÐURINN
AÐALSTYRKTARAÐILI SALARINS
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

## > FJÓLUBLÁTT ER ÞAÐ SEM KOMA SKAL...

Þessi munúðarfulli og nautnalegi litur fer eins og eldur í sinu um bæði tískupallana og innanhúshönnunina. Prufaðu að poppa upp heimilið með fylgihlutum í eggaldinbláum lit til að fylgja tíðarandanum. Habitat og Ikea eru til dæmis með fallega hluti eins og vasa, púða og sængurverasett. Verdi-stóllinn frá Habitat er ódýr og frábær til þess að endurskapa borðstofuna í vetur.



# stíll

utlit@frettabladid.is



Silfurlita tösku með alls kyns vösum frá Anya Hindmarch. Fæst í 3 hæðum, Laugavegi.





Ótrúlega kvenleg og fögur hekluð nærföt frá Systrum, Laugavegi.

OKKUR LANGAR Í ...



Skemmtilegt geirfuglakerti til að lýsa upp skammdegið. Fæst í gjafabúðinni við +/- 874 safnið í Aðalstræti.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
**Anna Margrét Björnsson**

# *Almenn kurteisi að líta vel út*

Það eru ófáar sjálfshjálparbækur til um hvernig maður getur breytt útliti sínu, fundið betri stíl eða klætt af sér aukakílóin. Tul dæmis hin skelfilega Victoria Beckham er með bók um hvernig maður á alltaf að vera smart. Ég get ekki ímyndað mér hver myndi nokkurn tíma fara eftir tískuráðum frú Beckham, en kom sjálfri mér á óvart þegar ég gluggaði í bókina og las ráð eins og að „allar konur eigi að eiga klassískan svartan kjól“ og að fótboltafrúin líti til Audrey Hepburn sem stílfyrirmyndar. Hún hefði kannski átt að lesa eigin bók betur. Ég var samt ánægð með bók sem ég sá í Eymundsson um daginn og er nýútkomin í London. Höfundurinn heitir Lucia Van Der Post og er fyndin týpa að skríða á áttræðisaldurinn. Hún hefur skrifað tískupistla í Sunday Times í áraraðir og hefur sumsé sett saman biblíu sem hún kallar „Things I wish my mother had told me“ og inniheldur ýmsar ráðleggingar sem ég held að allar konur á öllum aldri hefðu gagn og gaman af. Van der Post segir nefnilega, því miður, að það skipti bara miklu máli í hinum vestræna heimi hvernig við lítum út og að spjarirnar sem við klæðumst dagsdaglega segi heiminum hver við erum. Henni finnst bara almenn kurteisi að líta vel út og að það sé verulega ókurteist að mæta í matarboð sem einhver hefur haft fyrir í einhverjum druslum. Ég hafði sérstaklega gaman af kaflanum þar sem hún lýsir því hvernig maður á að klæða sig í vinnunni, því að ég eins og flestar konur eyði flestum mínum dögum í vinnunni. Hún orðar þetta skemmtilega: „ Við þekkjum öll konur sem mæta í algjörlega óviðeigandi fatnaði í vinnuna. En ég hef aldrei skilið hvers vegna maður á ekki að geta sameinað glæsileika og gáfur. Hvers vegna sumar bráðgáfaðar og menntaðar konur halda að gáfnavísitala standi og falli með því að ganga í drungalegum fötum finnst mér órökrétt.“ Bókin er uppfull af skemmtilegum upplýsingum um allt frá fótsnyrtingu upp í hvort maður eigi að íhuga botox. Nokkur aðalatriði eru þó gegnumgangandi: að verða ekki þræll tískunnar heldur fylgja tískunni og nota úr henni hluti sem klæða mann. „Glæsileiki lífgar upp á lífið. En þú þarft ekki að kaupa þér stanslaust ný föt. Frábær klipping, fallegir skór, sætar töskur og skartgripir gera svo mikið.“

„Things I wish my mother had told me“ eftir Lucia Van Der Post fæst í betri bókabúðum og á amazon.com.








**BLÁIR TÓNAR** Skemmtileg samsetning frá Gianni Versace.



**GULLFALLEG LITABLANDA** Appelsínugult og blát t frá Versace.





## HÖNNUÐIR SÝNA LITAGLEÐINA

# Sterkir litir í sumar

Það lífgar sannarlega upp á skammdegið að líta yfir litadýrðina sem er í vændum næsta vor og sumar frá tískuhúsum eins og Burberry, Aquascutum og Versace og spennandi ungum hönnuðum eins og Jonathan Saunders og Eley Kishimoto. Samsetningar á litum voru frumlegar og smekklegar í senn og mikið bar á sterkum einlitum flötum. Sem sagt, skærir litir koma aftur næsta vor og njóttu þess að klæða þig í skærblátt, skærgrænt, tómatrautt og appelsínugult. -amb



**LITARDÝRÐ** Blár kjóll frá Burberry, gulur frá Jonathan Saunders og taska frá Burberry



**GUL REGNKÁPA** Frá Aquascutum.



**GYÐJULEGUR** Appelsínugulur kjóll með bleikum röndum frá Eley Kishimoto.



**SKÆRBLEIKT** Frá Burberry Prorsum.

OG LÍKA FYRIR STRÁKANA...

# Eiturskarpir litir hjá Burberry Prorsum

Burberry hefur klætt herramenn í næstum tvær aldir og Thomas Burberry sneið meðal annars klæði fyrir bæði herforingja og íþróttamenn í lok 19. aldar. Christopher Bailey, hönnuðurinn breski sem kom Burberry aftur á kortið fyrir um sjö árum, hélt þó á slóðir brimbrettatöffara fyrir herralínuna 2008. Bailey segist hafa horft á brettagaura við ströndina í Cornwall þar sem skærir litirnir í neoprene-búningunum þeirra voru í hrópandi mótstöðu við hið gráa og drungalega breska veðurfar. Áhrif þessa sáust til dæmis í neoprene-jakkafatajökkum í skærgulu og ýmiss konar þröngum, glansandi bolum í sterkum litum undir klassískum gráum jakkafötum. Útkoman var ansi rokkaraleg og minnti jafnvel á útlit David Bowie fyrir einhverjum áratugum. Karlmenn verða þó að passa sig með litina: það er ekki gott að skarta djúpri sólbrúnku og strípum við þetta lúkk.

- amb





**APPELSÍNU-GULT** Fallegur kjóll frá Versace.

## VERTU ÓHRÆDD VIÐ LITI

- Prófaðu þig áfram með því að nota einn skæran lit við svart í vetur.
- Litaðar sokkabuxur eru nú til í flestum sokkaverslunum og eru á toppnum um þessar mundir.
- Sterkir litir saman, eins og fjólublátt með rauðu eða tveir mismunandi bláir tónar saman eru djörf blanda.



Dásamlegur ballkjóll í gulum tón frá Gucci.




**Talið er að 6.000 manns á Íslandi séu með sykursýki 2 án þess að vita af því**

Sykursýki 2 er lífsstílstengdur sjúkdómur og helstu áhættuþættir eru hár blóðþrýstingur og aukin blóðfita. Besta forvörnin er regluleg hreyfing og heilsusamlegt mataræði.

SAMTÖK SYKURSJÚKRA www.diabetes.is International Diabetes Federation




# Fólk

folk@frettabladid.is



*„Það er undir Guði komið."*

**NICOLE KIDMAN** var spurð að því í viðtali á dögunum hvort hún hygðist eiga börn með Keith Urban.



*„Það er óþarfi að klappa eftir hvern einasta brandara!"*

**LEIKARINN JOHN STAMOS** kom í viðtal til Rachael Ray og þótti áhorfendur heldur klappþyrstir.



*„Eina landið sem hefur gefið skít í tónlistina mína er mitt eigið heimaland."*

**SÖNGKONAN JOSS STONE** er svekkt yfir því að hún skuli ekki vera vinsæl í Englandi.

# Harðorð um Hollywood

**Stórleikkonan Julia Roberts bætist í hóp þeirra stjarna sem hafa gagnrýnt hina gríðarlegu fjölmiðlaathygli sem ungar stjörnur í Hollywood vekja.**

Julia Roberts kallar fjölmiðlafárið í kringum ungar stjörnur afkáralegt, og segir að ef ástandið hefði verið eins þegar hún steig fyrstu skref sín í Hollywood á níunda áratugnum hefði hún forðast iðnaðinn eins og heitan eldinn.

„Þetta er eins og sirkussýning. Ég skil ekki hvernig nokkurn gæti langað að komast í skemmtanabransann í dag, með öllum þessum slúðurblöðum og þáttum. Það væri bara ekki þess virði," segir Roberts, sem skaust upp á stjörnuhimininn eftir leik sinn í kvikmyndinni Pretty Woman.

Roberts segir þar að auki að leikarar sem hendist inn í sviðsljósið á unga aldri bíði skaða af auknum áhuga fjölmiðla á fræga fólkinu. „Þetta gerist of hratt. Áður gat maður byggt upp feril sinn yfir nokkur ár og nokkrar myndir. Nú gerir fólk eina góða mynd og fær strax tonn af peningum og tonn af athygli," segir hún. „Það er verið að búa fólk til, án þess að það hafi nokkuð um það að segja, áður en það veist hvert það er og hvað, og hvernig það vill gera hlutina og af hverju," segir Roberts.



**AFKÁRALEG ATHYGLI** Julia Roberts gagnrýnir fjölmiðlafárið í kringum ungar Hollywood-stjörnur og kveðst ekki skilja hvernig fólk geti langað í skemmtanaiðnaðinn í dag.





Börn
Dömur
Jólin 2007
Herrar
Strákaúlpur, verð frá 5.990 kr.
Silkibindi, verð frá 2.490 kr.
Jólakjólar, verð frá 5.490 kr.
SPA-vörur, verð frá 999 kr.
1.990 kr.
1.590 kr.
Jamie Oliver, kryddhristar 2.990 kr.
Jólin í einni ferð
Debenhams býður upp á úrval sem aldrei fyrr af fallegri gjafa- og merkjavöru. Fyrir dömur, herra, börnin og heimilið á verði sem kemur öllum í ekta jólaskap. Nú getur þú klárað jólainnkaupin á einum stað og eytt tímanum í það sem skiptir mestu máli.
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!
ÍSLENSKA/SIA.IS/DEB 39727 11/07

# Leyndarmálið afhjúpað

**Hin árlega tískusýning nærfatamerkisins Victoria's Secret fór fram í Los Angeles á fimmtudaginn. Hennar er yfirleitt beðið með mikilli eftirvæntingu, enda koma þar saman helstu ofurfyrirsætur heimsins og vinsælir skemmtikraftar – svo ekki sé minnst á nærfötin góðu.**

Aðdráttarafl tískusýningarinnar er alltaf mikið, og í ár höfðaði atriði Kryddstúlknanna aukalega til áhorfenda. Þær fluttu tvö lög á sýningunni og ýttu þannig endurkomu sinni úr vör. Þær voru ekki einu skemmtikraftarnir, því rapparinn Will.I.Am hljóp í skarðið fyrir Kanye West, sem afboðaði komu sína vegna fráfalls móður sinnar í síðustu viku. Þá söng tónlistarmaðurinn Seal einnig fyrir gesti ásamt eiginkonu sinni, Victoria's Secret-fyrirsætunni Heidi Klum. Klum kom einnig fram á sýningunni, eins og aðrar víðfrægar fyrirsætur á borð við Adriönu Lima, Karolinu Kurkovu og Alessöndru Ambrosio, sem allar teljast til engla Victoria's Secret.



## ÍBURÐARMIKIL SÝNING

Tískusýning Victoria's Secret var alveg jafn íburðarmikil í ár og áður, enda mikið lagt í að gera hana að skemmtiefni í alla staði. Þó að væntanlega leggi fáar konur í snjókornsbúninginn eða páfuglsvængina mátti einnig sjá praktískari nærföt á sýningarpallinum, eins og hefðbundin nærfatasett eða korselettur.












# Staðreyndirnar bak við bullið

Í tilefni dags íslenskrar tungu í gær brá Bergsteinn Sigurðsson á leik í Bakþönkum og hrærði íslenskum menningararfi saman við stirðbusalegt stofnanamál, ambögur og rök- og staðreyndavillur. Að gefnu tilefni er hér skautað yfir það helsta:



**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar

## *Jónas minn*

Jónas Hallgrímsson á afmæli í dag og hefði orðið 200 ára hefði hann lifað. Íslendingar eiga Jónasi margt að þakka. Jónas fæddist á **Hrafnseyri í Arnarfirði (1)** á nítjándu öld. Talið er að hann hafi átt erfiða æsku, að minnsta kosti orti hann ekki mikið um æskustöðvar sínar. Sumir halda þó að hið dularfulla kvæði **Allsnjóað (2)** sé kannski um Arnarfjörð enda var þar oft snjóþungt. Jónas var líka náttúrufræðingur og **fyrstur manna til að rækta kartöflur í Sauðlauksdal og skrifaði um það bókina Búnaðarbákn. (3)**

**JÓNAS** gaf til að byrja með út margar bækur sem vöktu ekki athygli. Hann sló hins vegar í gegn með ljóðinu **Ferðalag, þar sem hann yrkir meðal annars „greiddi ég þér lokka við Grafarvog"(4).** Þar strax sýndi Jónas hvað hann var langt á undan sinni samtíð, með því að yrkja kvæði um Grafarvog löngu áður en Grafarvogur varð til. Ég held að þetta sé í fyrsta sinn sem þetta kemur fram. Það má því með sanni segja að Jónas hafi verið fyrsta Grafarvogsskáldið, langt á undan Sigmundi Erni. Jónas var líka í skáldahópnum **Fjölni sem íþróttafélagið í Grafarvogi er nefnt eftir. (5)**

**JÓNAS** var uppi á tíma þegar Íslendingar töluðu ekki góða íslensku. Jónas og Fjölnismenn voru aðilar að ákvörðunartökunni um að snúa vörn í sókn. Jónas **hljóp undir bakka (6)** með þjóðinni og **samdi mörg nýyrði, til dæmis apótek, harmóníka og flatskjár. (7)** Þannig er Jónas enn í dag gríðarlega áhrifamikill í íslensku hvað málbeitingu varðar. Jónas elskaði Ísland og samdi til dæmis ljóðið **Ísland er land þitt (8)** sem frægt lag var samið við og sumir vilja að verði spilað á landsleikjum. Íslendingar elska líka Jónas. Bækur eftir Jónas eru enn mjög vinsælar á Íslandi, sérstaklega fyrir fermingar, sérstaklega **Passíusálmarnir. (9)** Jónas var líka mjög rómantískur eins og sést á **ástarljóðum hans til Vatnsenda-Rósu. (10)**

**JÓNAS** dó langt fyrir aldur fram og var ekki ófáum harmdauði **þegar hann varð fyrir sporvagni í Kaupmannahöfn árið 1924. (11)** Jónas var ekki nema **27 ára þegar hann dó. (12)** Það merkilega við það er að margt annað frægt fólk var líka 27 ára þegar það dó. Jónasar verður alla veganna alltaf minnst á sama vettvangi og Janis Joplin, Jim Morrison og Kurt Cobain. Jónas var sko ekki verra skáld en þau. **Hvernig er það, verðum við ekki að fara að reisa styttu af Jónasi? (13)**





(1) Jónas fæddist á Hrauni í Öxnadal árið 1807. Jón Sigurðsson (1811-1879) fæddist aftur á móti á Hrafnseyri í Arnarfirði.

(2) Kvæði Jónasar heitir Alsnjóa.

(3) Björn Halldórsson (1724-1794) ræktaði kartöflur í Sauðlauksdal fyrstur Íslendinga árið 1760. Eggert Ólafsson (1726-1768), mágur Björns, tileinkaði honum kvæðið Búnaðarbálk.

(4) Ljóð Jónasar heitir Ferðalok. Þar má finna ljóðlínuna „Greiddi ég þér lokka/við Galtará". Galtará er ekki í Grafarvogi.

(5) Í norrænni goðafræði er Fjölnir sonur ássins Freys og Gerðar. Líklegt er að íþróttafélagið í Grafarvogi dragi nafn sitt þaðan eins og Fjölnismenn.

(6) Rétt er að segja að hlaupa undir bagga.



(7) Jónas samdi sannarlega mörg nýyrði, til dæmis ljósvaki og fjölmiðlar. Apótek og harmóníka eru þó ekki í þeim hópi af augljósum ástæðum og orðið flatskjár er varla frá Jónasi runnið.



(8) Magnús Þór Sigmundsson samdi lag og texta við Ísland er land þitt.



(9) Passíusálmarnir eru eftir Hallgrím Pétursson (1614 –1674).

(10) Sigurður Breiðfjörð (1798-1846) átti í vináttusambandi við Rósu Guðmundsdóttur frá Vatnsenda (1795–1855) og orti ástúðleg ljóð til hennar.

(11) Jónas lést í Kaupmannahöfn árið 1845 af völdum blóðeitrunar sem stafaði af fótbroti eftir að hann féll í tröppum. Jón Thoroddsen (1898-1924) lést aftur á móti eftir að hann varð fyrir sporvagni í Kaupmannahöfn.



(12) Jónas dó vissulega langt fyrir aldur fram og var ófáum harmdauði en var þó orðinn 37 ára þegar hann bar beinin, tíu árum eldri en Janis Joplin, Jim Morrison og Kurt Cobain. Færa má rök fyrir því að Jónas hafi jafnvel verið betra skáld en þau. Benda má þó á að Kristján Jónsson fjallaskáld var 27 ára þegar hann safnaðist til feðra sinna.

(13) Stytta af Jónasi eftir Einar Jónsson var afhjúpuð árið 1907 í Hljómskálagarðinum og stendur þar enn.

# Látlaust brúðkaup

Grey's Anatomy-stjarnan Ellen Pompeo gekk í það heilaga með unnustanum Chris Ivery í New York í síðustu viku. Athöfnin var þó alveg laus við allt pomp og pragt, eins og Ellen hafði sjálf lofað. „Við viljum bara hafa þetta fyrir okkur," sagði hún í viðtali í ágúst. Hún hefur einnig sagt að þegar parið geri sér dagamun fái þau sér sushi og liggi í sófanum innan um hundana sína.

Chris, sem er upptökustjóri og tónlistargúrú, og Pompeo giftu sig í ráðhúsi New York-borgar, að borgarstjóranum Michael Bloomberg viðstöddum ásamt tveimur öðrum vitnum. Þau hafa verið saman í fjögur ár og trúlofuðu sig í nóvember í fyrra.



**GIFT KONA** Ellen Pompeo og Chris Ivery giftu sig í síðustu viku við mjög látlausa athöfn í ráðhúsi New York-borgar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Rumer valin Miss Golden Globe

Nítján ára dóttir fyrrverandi leikarahjónanna Demi Moore og Bruce Willis, Rumer Willis, var útnefnd Miss Golden Globe 2008 við hátíðlega athöfn á Beverly Hilton-hótelinu í Los Angeles í vikunni. Undanfarin ár hefur skapast hefð fyrir því að fá barn einhverrar Hollywood-stjörnunnar til þess að afhenda verðlaun á Golden Globe-hátíðinni og bera um leið titilinn Miss eða Mister Golden Globe. Rumer hefur undanfarið reynt að hasla sér völl sem leikkona í kvikmyndaborginni og er því vel að titlinum komin. Foreldrar hennar hafa auk þess bæði margsinnis verið tilnefnd til verðlaunanna, Demi tvisvar sinnum og Bruce fjórum sinnum, en hann hlaut hnossið fyrir leik sinn í þáttaröðinni Moonlighting.

Á síðasta ári var það dóttir gamla refsins Jack Nicholson, Lorraine Nicholson, sem afhenti verðlaunin. Árið 2004 sá Lily Costner, dóttir Kevins Costner, um verkið og árið 1995 kom það í hlut sonar Clarks Gable. Golden Globe-verðlaunin verða afhent í 65. sinn um miðjan janúar.





**DÓTTIR FORELDRA SINNA** Rumer Willis þykir vera afar sérstök blanda af foreldrum sínum. Hún mun afhenda Golden Globe-verðlaun í janúar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan **Keira Knightley** hefur útskýrt hvers vegna hún höfðaði mál gegn blaðinu The Daily Mail eftir að það hélt því fram að hún þjáðist af átröskun. „Það hefði getað eyðilagt feril minn vegna þess að ef ég hefði verið með átröskun hefði ég aldrei getað leikið í öllum þessum hasarmyndum. Ég hefði aldrei verið ráðin í þær. Þegar fréttir eru skrifaðar um mig sem geta eyðilagt feril minn, eins og í þessu tilviki, verð ég að taka það alvarlega," sagði hún.



Popparinn **Michael Jackson** hefur bæst í ört stækkandi hóp þeirra sem óttast aukin gróðurhúsaáhrif í heiminum. „Ég vildi að fólk hefði fengið áhuga á þessu fyrr, en það er aldrei of seint," sagði hann. „Ef við stöðvum þetta ekki strax á okkur aldrei eftir að takast það. Ég var að reyna að segja þetta í lögunum Earth Song, Heal the World og We Are the World, til að vekja fólk til meðvitundar. Ég vildi óska að fólk hefði hlustað á hvert einasta orð."



Leikkonan **Julia Roberts** segir að skemmtanaiðnaðurinn í Hollywood sé rotinn að innan og að æðið í kringum ungu stjörnurnar í borginni sé ógeðfellt. „Þetta er eins og sirkus. Ég skil ekki hvers vegna nokkur manneskja vill reyna fyrir sér í þessum bransa í dag. Það er ekki þess virði," sagði hún og telur að ungu stjörnurnar fái of mikla athygli of snemma. „Hér áður fyrr var hægt að byggja upp ferilinn á nokkrum árum með því að leika í mörgum myndum. Núna er nóg að leika í einni mynd og þá færðu fullt af peningum og gríðarlega athygli."



Leikkonan **Sarah Michelle Gellar** hefur tekið upp nafn eiginmanns síns **Freddie Prinze Jr.** í tilefni fimm ára brúðkaupsafmæli þeirra. „Hún breytti nafninu í Sarah Michelle Prinze í tilefni af þessum áfanga," sagði kunningi þeirra. Prinze-hjónin hittust við tökur myndarinnar I Know What You Did Last Summer árið 1997.








**BÍTLARNIR** Bítlarnir verða loksins fáanlegir til niðurhals á netinu á næsta ári.

# Stafrænir á næsta ári

**Bítlarnir ætla að gefa út allar sínar plötur í stafrænu formi á netinu á næsta ári. Þessara tíðinda hefur lengi verið beðið enda eru Bítlarnir vinsælasta hljómsveit allra tíma.**

**„Þetta er allt saman tilbúið fyrir utan vandamál sem ég held að verði leyst fljótlega,“ sagði Paul McCartney. „Það þarf aðeins að fínstilla þetta en ég held að þetta gerist á næsta ári.“**

**Áður höfðu sólóplötur allra meðlima Bítlanna komið út í stafrænu formi og því þykir þetta eðlilegt framhald af því.**



**THUNDERCATS** Hljómsveitin Thundercats hefur gefið út sína fyrstu plötu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fyrsta plata Thundercats

**Platan New Wave með hljómsveitinni Thundercats er komin út. Platan, sem hefur að geyma tíu lög, verður gefin út af Nordic Notes í Þýskalandi, Austurríki og Sviss en á Íslandi sér Hanndatt-útgáfan um útgáfuna.**

**Platan, sem hefur fengið góðar viðtökur gagnrýnenda, hefur að geyma tilraunaskotið popp/rokk með forrituðum trommuleik og kemur tónlistarkonan Jara við sögu í fjórum lögum. Thundercats, sem spilaði með bandaríska tónlistarmanninum Khonnor á Airwaves-hátíðinni í október, heldur útgáfutónleika vegna plötunnar á Organ 29. nóvember.**



**BENEDIKT HERMANN HERMANNSSON** Hljómsveit Benni Hemm Hemm gefur út plötuna Ein í leyni 1. desember.

# Ein í leyni frá Benna

Sjö laga plata Benna Hemm Hemm, Ein í leyni, kemur út 1. desember. Lögin eru sungin á ýmsum tungumálum, þar á meðal dönsku, sænsku og íslensku, og leikið er á fjöldamörg hljóðfæri. Um fjórtán flytjendur tóku þátt í upptökunum, þar á meðal Svínn Jens Lekman, eins og kom fram í Fréttablaðinu í byrjun mánaðarins.

Tvö áður útgefin lög eru á plötunni, annars vegar Sól á heyhóla sem kom út á Kajak, og hins vegar Jag tyctke hon sa lönnilov sem er eftir Lekman. Benni Hemm Hemm heldur tvenna tónleika í London í næsta mánuði. Á þeim síðari, sem verða á The Scala, hitar sveitin upp fyrir múm.

# Evil á Kronik-kvöldi

Annar helmingur Da Beatminerz, Dj Evil Dee, þeytir skífum á „old school“-kvöldi á Organ í kvöld. Kvöldið verður tileinkað gullaldartímabili útvarpsþáttarins Kronik og verður því hip hop-tónlist tíunda áratugarins þar allsráðandi, enda fjórtán ár síðan Kronik fór fyrst í loftið. Einnig koma fram O.N.E., 1985 og Forgotten Lores ásamt DJ B-Ruff, Dj Rampage og Dj Fingaprint.



**DJ EVIL DEE** Dj Evil Dee þeytir skífum á Organ í kvöld.

Dj Evil Dee gerði garðinn frægan snemma á tíunda áratugnum ásamt hljómsveitinni Black Moon og genginu Boot Camp Clik. Hann hefur einnig samið takta fyrir ekki ómerkari menn en De La Soul, Eminem, Busta Rhymes og M.O.P undir nafninu Da Beatminerz. Vakti hann á sínum tíma lukku sem einn helsti „mixtape“ plötusnúðurinn í Bandaríkjunum. Nýlega setti hann svo á laggirnar sína eigin podcast-síðu og hefur hún slegið í gegn með yfir milljón heimsóknum á örfáum mánuðum.

Aldurstakmark á Organ er 20 ár og verður húsið opnað klukkan 23. Miðaverð í forsölu er 1.500 krónur.

# Zeppelin vill koma fram á Glastonbury

Rokksveitin Led Zeppelin hefur átt í samningaviðræðum um að verða aðalnúmerið á Glastonbury-hátíðinni sem verður haldin í Bretlandi næsta sumar. Ekki er þó víst hvort af tónleikunum verður. Hafa fregnir borist af því að hætt hafi verið við þátttöku Zeppelin vegna þess að sveitin hafi verið of dýr fyrir skipuleggjendur hátíðarinnar.

Zeppelin heldur endurkomutónleika í London í næsta mánuði og er þeirra beðið með gríðarlegri eftirvæntingu. Einn aðdáandi Zeppelin borgaði nýlega um tíu milljónir króna fyrir tvo miða á tónleikana, sem var liður í góðgerðauppboði á vegum breska ríkisútvarpsins, BBC.



**LED ZEPPELIN** Endurkoma sveitarinnar hefur vakið mikla athygli. Rætt er um að hún komi fram á Glastonbury á næsta ári.



## > Jóhannes ekki með gegn Dönum

Það heldur áfram að kvarnast úr landsliðshópi Íslands í knattspyrnu en miðjumaðurinn Jóhannes Karl Guðjónsson dró sig út úr hópnum í gær vegna veikinda. Hann er með sýkingu í lungum og verður ekki búinn að jafna sig fyrr en eftir helgi og því ákvað Ólafur að velja FH-inginn Ásgeir Gunnar Ásgeirsson í hans stað. Jóhannes er annar leikmaðurinn sem dregur sig úr hópnum á tveim dögum en í gær dró Eiður Smári Guðjohnsen sig úr hópnum vegna persónulegra ástæðna sem ekki voru útskýrðar frekar. Svo er Ívar Ingimarsson hættur að leika með landsliðinu.



**sport**

sport@frettabladid.is

KÁRI ÁRNASON, AGF: ER ÓSÁTTUR VIÐ AÐ HAFA EKKI VERIÐ VALINN Í LANDSLIÐSHÓP ÓLAFS JÓHANNESSONAR

# *Ég tel mig klárlega eiga heima í landsliðshópnum*

Kári Árnason, leikmaður AGF í dönsku úrvalsdeildinni, var ekki valinn í fyrsta landsliðshóp Ólafs Jóhannessonar fyrir leikinn gegn Danmörku í næstu viku og var ekkert að leyna vonbrigðum sínum með það þegar Fréttablaðið tók stöðuna á honum í gær.

„Ég ætla ekkert að fara í felur með það að ég var ekki að standa mig neitt rosalega vel í síðasta landsleik sem ég spilaði á móti Lettum heima, en ég átti nú samt von á því að fá símtal frá Ólafi fyrir leikinn á móti Dönum. Ég tel mig klárlega eiga heima í hópnum en það er auðvitað Ólafur sem velur liðið og ég virði það og held bara mínu striki," sagði Kári og var jafnframt ósáttur við leiðan misskilning sem átti sér stað á milli Knattspyrnusambands Íslands og AGF.

„Ég fékk fréttir frá mínu liði, AGF, um að ég hefði verið valinn í landsliðshópinn. KSÍ sendir gjarnan út fax þar sem félögum er tilkynnt að leikmenn gætu hugsanlega verið kallaðir inn í landsliðið, en það hefur greinilega ekki verið á betri ensku en það að stjórnarmenn hjá AGF skildu það þannig að ég hefði verið valinn í hópinn og tilkynntu mér það. Þegar það kom svo upp úr krafsinu að ég væri ekki í hópnum var þetta náttúrlega frekar svekkjandi og mér finnst þetta ófagleg vinnubrögð og ekki mönnum bjóðandi," sagði Kári óhress.



Nokkurt tal hefur átt sér stað í þjóðfélaginu um að ákveðið agaleysi hafi verið innan landsliðsins undir stjórn Eyjólfs Sverrissonar en Kári gaf lítið út á þann orðróm.

„Menn verða náttúrlega að átta sig á því að landsliðsmennirnir eru engin börn og eðlilega vilja menn ekki sitja læstir inni á hótelherbergi að horfa á sjónvarp í rúma viku þegar kemur að landsleikjahrinu á Íslandi. Ég veit til dæmis að handboltalandsliðið gistir bara í heimahúsum þegar það kemur og keppir á Íslandi og ég skil ekki af hverju þetta ætti að vera eitthvað öðruvísi með fótboltalandsliðið."

Nýliðar Þróttar styrkja sig:

## Fjölhæfur Dani til Þróttar

**FÓTBOLTI** Þróttur samdi í gær við hinn 28 ára gamla Dana, Dennis Danry.

Danry er að sögn fjölhæfur leikmaður sem getur leikið bæði á miðju og í vörn. Hann kemur frá 1. deildarliðinu Herfølge. - hbg

N1 DEILD KARLA
Laugardagur 17. nóv.
ÍBV - Haukar
Vestmannaeyjar kl. 15:00

# Erfitt en verðugt verkefni fyrir liðið

**Júlíus Jónasson, landsliðsþjálfari kvenna, tilkynnti 16 manna hóp sem tekur þátt í undankeppni EM sem fram fer í Litháen um næstu mánaðamót. Júlíus telur verkefnið erfitt en verðugt og teflir fram fremur ungu liði í undankeppninni. Hann hefði þó viljað vera með fleiri reynslubolta í hópnum.**

**HANDBOLTI** Júlíus Jónasson, landsliðsþjálfari kvenna í handbolta, tilkynnti í gær 16 manna hóp sinn fyrir átökin í undankeppni Evrópumótsins sem fram fer í Litháen um næstkomandi mánaðamót, frá 26. nóvember til 3. desember.

Íslenska kvennalandsliðið er í riðli með Ísrael, Grikklandi, Bosníu-Hersegovínu og Hvíta-Rússlandi auk heimaliðs Litháen og segir Júlíus Jónasson að erfitt en verðugt verkefni sé fyrir höndum.

„Við höfum svo sem ekki miklar upplýsingar í höndunum um mótherja okkar eins og er, en ég á von á því að allir leikirnir verði mjög erfiðir. Verkefnið leggst samt ágætlega í mig og það eru ákveðnir hlutir sem við þurfum að fara yfir þegar liðið kemur saman eftir helgi," sagði Júlíus, sem er með fremur óreynt lið í höndunum fyrir undankeppnina.

„Við ætlum að nota vikuna vel við æfingar og við sáum ákveðna hluti á æfingamótinu í Hollandi fyrir nokkrum vikum sem við þurfum að æfa betur. Við erum auðvitað með fremur lágvaxið lið og það vantar kannski þessar stórskyttur í liðið, en við höfum bara aðra eiginleika í staðinn sem við þurfum að læra að nýta okkur betur. Ég var sáttari við varnarleikinn en sóknarleikinn í Hollandi, en ljóst er að við þurfum að vinna mikið í báðum þáttum fyrir undankeppnina," sagði Júlíus og kvaðst tiltölulega sáttur með val sitt á hópnum.

„Þetta er mjög ungt lið sem ég valdi en stefnan hjá mér var einmitt að reyna að yngja liðið aðeins upp ásamt því að hafa nokkra reynslubolta með í dæminu. Það var þó eitthvað um forföll þegar ég stóð að valinu þar sem þrír leikmenn sem hafa verið í stórum hlutverkum undanfarin ár eru í barneignarfríi og eitthvað var um meiðsl, auk þess sem tveir leikmenn komust ekki í verkefnið út af skólamálum. Breiddin er því miður ekki nógu mikil í kvennahandboltanum og ég hefði viljað hafa fleiri reynslubolta í liðinu," sagði Júlíus. omar@frettabladid.is



**JÚLÍUS JÓNASSON** Er á leiðinni með stelpurnar sínar til Litháen. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### LANDSLIÐSHÓPURINN:

| |
|---|
| **Markmenn:** |
| Berglind Íris Hansdóttir (Valur) |
| Íris Björk Símonardóttir (Grótta) |
| **Aðrir leikmenn:** |
| Anna Ú. Guðmundsdóttir (Grótta) |
| Arna Sif Pálsdóttir (HK) |
| Auður Jónsdóttir (HK) |
| Ásta Birna Gunnarsdóttir (Fram) |
| Dagný Skúladóttir (Valur) |
| Guðbjörg Guðmannsdóttir (Fox t. n.) |
| Hanna G. Stefánsdóttir (Haukar) |
| Hildigunnur Einarsdóttir (Valur) |
| Ragnhildur Guðmundsdóttir (FH) |
| Rakel Dögg Bragadóttir (Stjarnan) |
| Rut Jónsdóttir (HK) |
| Sara Sigurðardóttir (Fram) |
| Sigurbjörg Jóhannsdóttir (Fram) |
| Þórey Rósa Stefánsdóttir (Fram) |




Birgir Leifur Hafþórsson í ágætismálum:

# Birgir í 13.-17. sæti

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson stendur ágætlega að vígi eftir annan keppnisdaginn á lokaúrtökumóti Evrópumótaraðarinnar. Birgir lék höggi betur á öðrum degi en þeim fyrsta, eða 70 höggum.

Hann er því samtals á þrem höggum undir pari í 13.-17. sæti mótsins. Alls taka 156 kylfingar þátt í mótinu og 30 efstu fá keppnisrétt á Evrópumótaröðinni.

Birgir er fjórum höggum á eftir efsta manni en alls er leikið í sex daga á mótinu og Birgir þarf því að halda vel á spilunum næstu daga ætli hann sér að öðlast keppnisrétt á mótaröðinni annað árið í röð.

Skagamaðurinn fékk flugstart í gær þegar hann fékk örn á fyrstu holu. Hann fékk svo tvo fugla á sjöttu og sjöundu holu. Hann fékk skolla á tíundu braut en paraði síðan átta síðustu holurnar. - hbg



**BIRGIR LEIFUR** Stendur vel að vígi í baráttunni um að komast á Evrópumótaröðina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY





# Smellir og skellir Einars Bárðarsonar

Rússíbanareiðin frá því að Einar Bárðarson hóf fyrir tilviljun störf í bransanum þangað til að hann stofnaði eigið útgáfu- og umboðsfyrirtæki í London er ævintýraleg örlagasaga vörðuð súrum ósigrum jafnt sem leiftrandi lukku. Lesandans bíður einstök skemmtun þar sem fylgst er í návígi með furðulegum uppátækjum stjarnanna og skrautlegum skemmtanabransanum í öllu sínu uppblásna veldi. Um leið er þetta saga af einstökum manni sem aldrei gefst upp og aldrei játar sig sigraðan, jafnvel þótt tíu trukkar keyri yfir hann.

JPV ÚTGÁFA

SÍMI 575 5600
www.forlagid.is

# Eins og auðveld æfing

**Íslandsmeistarar KR hreinlega niðurlægðu bikarmeistara ÍR á heimavelli sínum vestur í bæ í gær. KR vann leikinn með 32 stiga mun, 92-60, og virtist hafa ákaflega lítið fyrir því. Leikurinn var í raun eins og létt æfing fyrir KR-inga.**

**KÖRFUBOLTI** Það var aldrei spurning hvernig rimma Íslandsmeistara KR og bikarmeistara ÍR myndi fara í gær. KR-ingar voru mikið mun betra liðið allan leikinn og vann ákaflega auðveldan og fyrirhafnarlítinn sigur á lélegu ÍR-liði. Munurinn í lokin var 32 stig, 92-60, en KR hefði hæglega getað unnið stærri sigur hefði það viljað.

Íslandsmeistararnir tóku strax frumkvæðið í leiknum. Jovan Zdravevski var óvenju sprækur og sýndi sín bestu tilþrif það sem af er vetri. Með hann, Helga Má, Fogel og Helm í fínu formi náði KR fljótlega góðri forystu. Munurinn var 9 stig eftir fyrsta leikhluta, 23-14.

ÍR-ingar voru í talsverðum vandræðum með sinn leik á báðum endum vallarins og ekki bætti úr skák að Kaninn þeirra var gjörsamlega meðvitundarlaus og hafði ekkert fram að færa. Staða KR var vænleg í leikhléi, 44-29.

Þriðji hálfleikur var algjörlega eign KR-inga. Þeir hreinlega léku sér að arfaslökum ÍR-ingum og gengu auðveldlega í gegnum grátlega lélega vörn þeirra. Breiðholtsliðið áttu nákvæmlega ekkert svar og nánast lögðust niður og buðu KR-ingum að ganga yfir sig sem og þeir gerðu. Munurinn var 29 stig eftir þriðja leikhluta, 73-44, og ballið búið.

Lokaleikhlutinn var þar af leiðandi algjört formsatriði. KR tók sér það bessaleyfi að hvíla alla sína lykilmenn og yngri og óreyndari menn fengu tækifæri til að láta ljós sitt skína.



**LOK, LOK OG LÆS** KR-ingurinn Joshua Helm sést hér varna því að ÍR-ingurinn Ómar Örn Sævarsson komist að körfu KR-inga. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Þessi niðurstaða kemur mér ekkert rosalega á óvart. Við erum að spila sama varnarleik og gegn Stjörnunni um daginn og erum að halda ÍR í 60 stigum. Ég var reyndar að gæla við að halda þeim undir 60 stigum," sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, en hann var einnig mjög sáttur við sóknarleikinn hjá sínu liði.

„Við kláruðum skotin okkar mikið mun betur en síðast. Það eina sem vantar hjá okkur er að skotin fyrir utan fari að detta niður. Þá fer ég að verða sáttur. Annars er ég ánægður með hvernig liðið er farið að virka hjá mér. Það er kominn stöðugleiki í varnarleikinn. Þegar skotin að utan fara svo að detta þá verðum við illviðráðanlegir."

henry@frettabladid.is



**FAGNAÐ** David Beckham og Peter Crouch fagna hér marki Englendinga í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Vináttulandsleikur:

## England lagði Austurríki

**FÓTBOLTI** England og Austurríki mættust í vináttulandsleik í Austurríki í gær.

Það verður seint sagt að leikurinn hafi verið einhver flugeldasýning. Peter Crouch skoraði eina mark leiksins rétt fyrir lok fyrri hálfleiks með skalla eftir hornspyrnu Davids Beckham sem var í byrjunarliði Englendinga.

Michael Owen tognaði í leiknum og varð að fara af velli.

- hbg

## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild karla:*

**KR-ÍR 92-60 (44-29)**

**Stig KR:** Joshua Helm 18, Avi Fogel 18, Helgi Már Magnússon 16, Jovan Zdravevski 15, Brynjar Þór Björnsson 9, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 8, Skarphéðinn Ingason 4, Páll Fannar Helgason 2, Eldur Ólafsson 2.

**Stig ÍR:** Ómar Örn Sævarsson 14, Sveinbjörn Claessen 13, Steinar Arason 9, Hreggviður Magnússon 7, Eiríkur Önundarson 5, Davíð Þór Fritzson 4, Þorsteinn Húnfjörð 4, Ray Cunningham 4.

**Skallagrímur-Snæfell 81-80**

**Stig Skallagríms**: Milojica Zekovic 21, Allan Fall 19, Darrell Flake 12 (8 fráköst), Hafþór Gunnarsson 12, Axel Kárason 8, Pétur Sigurðsson 6, Pálmi Sævarsson 3.

**Stig Snæfells:** Justin Shouse 31, Sigurður Þorvaldsson 17, Slobodan Subasic 12, Hlynur Bæringsson 10 (17 fráköst), Anders Katholm 6, Atli Hreinsson 4.

*Vináttulandsleikur U-21 árs:*

**Þýskaland-Ísland 3-0**

N1 DEILD KVENNA
Laugardagur 17. nóv.
Digranes kl. 14.00
HK - Grótta
KA heimili kl. 16.00
Akureyri - Valur
Mýrin kl. 16.00
Stjarnan - FH



**SAMSÆRI** Kenningar eru á lofti um að Roman Abramovich ætli að nota tengsl sín við Ísrael til að kaupa sigur Rússa. NORDICPHOTOS/GETTY

Undankeppni EM:

## Samsæriskenningar á lofti

**FÓTBOLTI** Samsæriskenningar hafa verið á vörum manna undanfarið fyrir þýðingarmikinn leik Rússlands og Ísraels í E-riðli undankeppni EM sem fer fram í dag, vegna sterkra tengsla rússneska auðjöfursins Roman Abramovich við Tel Aviv og ísraelskan fótbolta. Því vilja sumir meina að Ísrael eigi eftir að tapa viljandi gegn Rússlandi, en Dror Kashtan, þjálfari ísraelska liðsins, neitar þessum ásökunum harðlega.

„Við erum flestir fæddir í Ísrael og erum afar stoltir af okkar þjóðerni. Þessar sögusagnir eru bara aum leið til þess að reyna að skapa eitthvert andrúmsloft og óróa fyrir leikinn gegn Rússum. Við ætlum okkur sigur í leiknum eins og alltaf og munum gera okkar besta til þess í níutíu mínútur," sagði Kashtan ákveðinn í viðtali við dagblaðið The Times.

- óþ

Ítalir og Skotar mætast í stórleik B-riðils og Englendingar fylgjast máttvana með gengi Rússa og Króata í dag:

# Vonir Englendinga gætu orðið að engu

**FÓTBOLTI** Undankeppni Evrópumótsins í fótbolta fer fram í dag, en flestra augu manna vegar beinast að B-riðli þar sem Frakkar, Ítalir og Skotar berjast um tvö eftu sætin og svo hins vegar að E-riðli þar sem Englendingar standa í ströngu gegn Króötum og Rússum.

Úrslit B-riðils geta ráðist í dag þegar heimsmeistarar Ítala leika gegn Skotum á Hampden Park í Glasgow. Frakkar eru sem stendur efstir í riðlinum og eiga einn leik eftir, Skotar eru einu stigi á eftir Frökkum og eiga aðeins leikinn gegn Ítölum eftir og Ítalir eru einu stigi á eftir

Skotum en eiga tvo leiki eftir. Fari svo að Skotar vinni eru þeir búnir að tryggja sér farseðilinn til Sviss og Austurríkis á næsta ári, en tapi þeir fara Frakkar og Ítalir áfram. Ef liðin gera hins vegar jafntefli þurfa Skotar að treysta á að Frakkland tapi gegn Úkraínu á útivelli eða að Ítalía tapi gegn Færeyjum á heimavelli næstkomandi miðvikudag.

Alex McLeish, þjálfari Skotlands, er þó hvergi banginn fyrir leikinn og telur möguleika liðs síns ágæta.

„Ítalir eru ekki ósigrandi og við getum vel unnið leikinn, það er ekki spurning," sagði McLeish í viðtali við BBC en Skotar hafa unnið fimm af sjö leikjum sínum undir hans stjórn og þar á meðal er sigur gegn Frökkum í París.

Roberto Donadoni, þjálfari Ítalíu, er í einkennilegri stöðu þar sem allt annað en sigur gæti kostað hann starfið, en hann ítrekaði þó að Ítalir væru ekki smeykir fyrir leikinn.

„Við erum ákveðnir og það er ekki til hræðsla í okkar herbúðum, það eru þeir sem ættu að vera hræddir," sagði Donadoni í viðtali við La Gazzetta dello Sport en Ítalir unnu fyrri leik liðana 2-0 með tveimur mörkum frá Luca Toni.

Englendingar verða í sviðsljósinu í dag þrátt fyrir að vera ekki að spila, því ef Króatía vinnur Makedóníu á útivelli og Rússland vinnur Ísrael á útivelli í dag eru möguleikar Englendinga á að komast áfram orðnir að nánast engu. Englendingar þyrftu þá að vinna Króatíu og treysta á að Andorra myndi vinna fáheyrðan sigur á Rússlandi næstkomandi miðvikudag.

Steve McClaren, þjálfari Englendinga, var þó merkilega bjartsýnn yfir möguleikum þeirra í viðtali við útvarpsstöðina BBC 5 Live.

„Það er enn löng leið eftir og mikið af möguleikum í stöðunni og ég trúi því enn fyllilega að við eigum eftir að komast áfram." - óþ



**BJARTSÝNI** Steve McClaren heldur enn í veika von Englendinga um að komast á lokakeppni EM. NORDICPHOTOS/GETTY

Nýr KYRON kostar aðeins 3.590.000,- sjálfskiptur

Alvöru dísil jeppar
fyrir íslenskar aðstæður...

NÚ FYLGIR MEÐ KYRON
31" TOYO DEKK
& Dráttarbeisli

Hinn nýi KYRON er fullvaxinn sjálfskiptur dísil jeppi með hátt og lágt drif
Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: Turbo dísil Intercooler
• 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvirk tölvustýrð miðstöð
• 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
• Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
• 31" TOYO dekk • Leðurveltistýri og leðurgírstöng
• Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Linsuaðalljós
• Þokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
• Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
• Hiti í sætum • Þakbogar • 6 hátalarar





...upplifðu ósvikinn kraft og fegurð

Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Laugardaga 12.00 - 16.00.

SSANGYONG

Eyðsla í blönduðum akstri
aðeins 8,7 ltr. á 100 km.

Bílasalan Ós, Akureyri, sími 462 1430
Bílahornið hjá Sissa, Keflavík, sími 420 3300
Bílasala Vesturlands, Borgarnesi, sími 437 2100
Bílasala Austurlands, Egilsstöðum, sími 471 3005


BT
JÓL Í BT SKEIFUNNI LAUGARDAG
BT býður alltaf betur og betur!
Aðeins í BT Skeifunni
AÐEINS 100 STYKKI!
DVD
999
ÍSLENSKUR TEXTI
Aðeins í BT Skeifunni
AÐEINS 100 STYKKI!
DVD
999
Aðeins í BT Skeifunni
ÍSLENSKUR TEXTI
1.699
Aðeins í BT Skeifunni
ÍSLENSKUR TEXTI
1.699
Aðeins í BT Skeifunni
ÍSLENSKUR TEXTI
3.799
ALLIR SEM KAUPA 3 MYNDIR FÁ MACKINTOSH Í BÓNUS
1,2 KG
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
999
19
49
Með fyrirvara um prentvillur, myndbrengl og uppseldar vörur.
Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum.
Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri • Reykjanesbær

## > John Malkovich

John lýsir sjálfum sér sem frjálshyggjumanni. Hann er stuðningsmaður dauðarefsinga og þegar raðmorðinginn John Wayne Gacy var tekinn af lífi í Chicago árið 1994 fagnaði hann með því að bjóða vinum sínum upp á kampavín. Leikarinn William Hootkins sagði eitt sinn um John: „Hann er í raun svo hægrisinnaður að maður veltir því fyrir sér hvort hann sé að grínast.“ John leikur í Ripley´s Game á Stöð 2 Bíó kl. 22.00.



# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR SAKNAR LÍKA MATLOCKS

## *Arftakar Matlocks lítt spennandi*

Það er ekki langt síðan annar pistlahöfundur lét í ljósi söknuð yfir gömlu fólki í sjónvarpi á þessum síðum. Ég sakna líka Derricks, Taggarts og Matlocks félaga minna, sem mér þóttu fyrsta flokks sjónvarpsefni á þeim tíma þegar þeir voru upp á sitt besta. Það kemur þó einnig til af öðrum ástæðum.

Ég held ég sakni yfirhöfuð rannsóknarþátta af þessu kalíberi. Sjónvarpsdagskrá síðustu vikna hefur verið fleytifull af ýmiss konar rannsóknarþáttum sem margir hverjir heita einhverjum skammstöfunum, CSI eitthvað og NCIS hitt. Svo má nefna Numbers og Law and Order-þættina og fyrir nokkru síðan rak ég svo augun í þátt að nafni Justice á sjónvarpsskjánum. Af þessum þykja mér Law and Order eiginlega bestir, enda eru þeir helst í anda Matlocks og félaga. Kannski er ég gamaldags, en ég er ekki viss um að allar tækniframfarir síðustu árin séu endilega gott sjónvarpsefni. Og það er engin leið að neita því að þær eru nánast í aðalhlutverki í ofannefndum þáttum. Það er ekki lengur Taggart eða Derrick sem af einskæru hugviti og algerri snilld leysir málið eftir að hafa rekið augun í vísbendingu eða mótsögn í framburði vitnis. Nei, nei, nú eru það einhverjar framúrstefnulegustu græjur sem um ræðir sem koma ljótu köllunum í fangelsið. Vegna þess að græjurnar eru aðalspæjararnir þarf náttúrlega að gera þeim góð skil á skjánum, og fyrir vikið verða margir þættirnir eins og tónlistarmyndband.



Ég hef gefist upp á CSI af þessum sökum. Það væri mjög fróðlegt að taka saman hversu mörgum mínútum af einum þætti er varið í nærmynd eða í „slow-motion“ af hanskaklæddum höndum að fitla við hátæknigræjur við undirleik misleiðinlegrar tónlistar. Ég verð að segja að ég tek Atlanta-gæjann Matlock fram yfir súper-últra-fingrafara-tölvu-sjá, eða hvað þetta heitir, hvenær sem er. Hún hefur ekki alveg sama sjarma.

## EKKI MISSA AF



▶ **23.10** Arthúr konungur SJÓNVARPIÐ



▶ **22.20** Constantine STÖÐ 2



▶ **22.00** Ripley´s Game stöð 2 BÍÓ



▶ **16.55** Skotland - Ítalía SÝN



▶ **00.00** Up Close and Personal SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Gurra grís 08.05 Fæturnar á Fanney 08.16 Halli og risaeðlufatan 08.28 Snillingarnir 08.53 Bitte nú! 09.15 Krakkamál 09.25 Skúli skelfir 09.37 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar 10.00 Latibær 10.25 Gæludýr úr geimnum 10.47 Konráð og Baldur

**11.00 Kiljan**

**11.45 07/08 bíó leikhús**

**12.15 Andalúsía**

**12.45 Fiðrildið**

**14.05 Edduverðlaunin 2007**

**16.05 Stærsta nef á Borneó**

**17.00 Bronx brennur** (3:8)

**17.40 Táknmálsfréttir**

**17.50 Útsvar**

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.45 Spaugstofan**

**20.15 Laugardagslögin**

**21.15 Hrúturinn Hreinn** (6:40)

**21.25 Laugardagslögin – úrslit**

**21.40 Játningar ungrar dramadrottningar** Bandarísk fjölskyldumynd frá 2004. Meðal leikenda eru Lindsay Lohan.

▶**23.10 Arthúr konungur** Bandarísk bíómynd frá 2004. Sagan gerist um 400 eftir Krist. Meðal leikenda eru Clive Owen, Ioan Gruffudd, Mads Mikkelsen, Joel Edgerton, Ray Winstone og Keira Knightley. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**01.15 Van Helsing**

**03.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Forrest Gump (e)**

**08.20 Napoleon Dynamite**

**10.00 Owning Mahowny**

**12.00 The Big Bounce**

**14.00 Forrest Gump (e)**

**16.20 Napoleon Dynamite**

**18.00 Owning Mahowny**

**20.00 The Big Bounce** Stjörnum hlaðin gamanmynd með Charlie Sheen, Owen Wilson og Morgan Freeman.

▶**22.00 Ripley´s Game**

**00.00 Jeepers Creepers 2**

**02.00 Assault On Precinct 13**

**04.00 Ripley´s Game**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.00 Algjör Sveppi**

**10.00 Home Alone 2**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.25 The Bold and the Beautiful**

**14.15 Örlagadagurinn** (24:31)

**15.00 Side Order of Life** (5:3)

**15.45 Two and a Half Men** (13:24)

**16.10 Grey´s Anatomy** (3:22)

**16.55 Tekinn 2** (10:14)

**17.25 Sjáðu**

**17.55 Næturvaktin** (9:13)

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.05 Fjölskyldubíó-Garfield 2** Garfield leggur land undir fót og fer til Englands með eiganda sínum og hundinum Odie. Þegar þangað er komið er hann tekinn í misgripum fyrir konunglegan kött sem er nýbúinn að erfa kastala. Ef það er eitthvað sem Garfield kann að meta er það konunglegt dekur. Aðalhlutverk. Bill Murray, Billy Connolly, Jennifer Love Hewitt, Breckin Meyer. Leikstjóri. Tim Hill. 2006. Leyfð öllum aldurshópum.

**20.25 Last Holiday** Rómantísk gamanmynd með þeim Queen Latifah, LL Cool J og Timothy Hutton í aðalhlutverkum. Georgia Byrd er feimin kona sem hefur aldrei þorað að láta drauma sína rætast. Það breytist hins vegar allt þegar hún er greind með banvænan sjúkdóm. Aðalhlutverk: Timothy Hutton, Ll Cool J, Queen Latifah. Leikstjóri. Wayne Wang. 2006.

▶**22.20 Constantine** Stjörnum prýddur tryllir með Keanu Reeves, Rachel Weisz og Djimon Hounsou í aðalhlutverkum. Myndin er byggð á vinsælli teiknimyndasögu og segir frá særingarmanni sem sér um að flytja syndugar sálir til Helvítis. Aðalhlutverk: Keanu Reeves, Rachel Weisz, Shia LaBeouf. Leikstjóri. Francis Lawrence. 2005. Stranglega bönnuð börnum.

**00.20 Dark Water** Hörkuspennandi hrollvekja með Jennifer Connelly, Tim Roth og John C. Reilly í aðalhlutverkum. 2005. Stranglega bönnuð börnum.

**02.00 Story of a Bad Boy**

**03.25 And Starring Pancho Villa as Himself**

**05.10 It´s Always Sunny In Philadelphia** (6:7)

**05.35 Two and a Half Men** (13:24)

**06.00 Fréttir**

**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.50 Us PGA Championship**

**12.10 PGA Tour 2007 - Highlights** (Walt Disney World Resort Classic)

**13.05 NFL Gameday**

**13.35 NBA körfuboltinn**

**15.15 Austurríki - England** Útsending frá leik Austurríkis og Englands sem fór fram föstudaginn 16. nóvember.

▶**16.55 Skotland - Ítalía EM 2008** Bein útsending frá stórleik Skotlands og Ítalíu í undankeppni EM 2008. Leikurinn er afar þýðingarmikill fyrir bæði lið sem með sigri tryggja sér nánast sæti á EM 2008.

**18.55 Ísrael - Rússland** Útsending frá leik Ísraels og Rússlands í undankeppni EM 2008 en leikurinn er sýndur beint á Sýn Extra kl. 18.

**20.50 Spánn - Svíþjóð** Bein útsending frá leik Spánar og Svíþjóðar í undankeppni EM 2008.

**22.50 Box - Joe Calzaghe-Mikkel Kres** Upptaka af bardaga Joe Calzaghe og Mikkel Kessler sem fór fram laugardagskvöldið 3. nóvember í Cardiff.

**00.20 EM 2008 - Undankeppni** (Skotland - Ítalía)

## SÝN2

**13.50 Masters Football**

**16.10 Premier League World**

**16.40 PL Classic Matches** Leikur Newcastle og Leicester var frábær skemmtun fyrir áhorfendur sem munu seint gleyma þessum leik.

**17.10 PL Classic Matches** Leikur Blackburn og Leicester frá árinu 1998 var stórkostleg skemmtun þar sem boðið var upp á markaveislu.

**17.40 Goals of the season** (Goals of the Season 2005/2006)

**18.40 Fulham - Portshmouth** Útsending frá leik Fulham og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram 7. október.

**20.20 Tottenham - Aston Villa** Útsending frá leik Tottenham og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni. Leikurinn var stórkostleg skemmtun enda sóknarbolti í hæsta gæðaflokki.

**22.00 Masters Football** Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mölby og Peter Beardsley. UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið.

## SKJÁREINN

**10.30 Vörutorg**

**11.30 Dr. Phil** (e)

**14.30 ICE Fitness - undirbúningur** (e)

**15.00 According to Jim** (e)

**15.30 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

**16.30 Survivor** (e)

**17.30 Giada´s Everyday Italian** (e)

**18.00 Game tíví** (e)

**18.30 7th Heaven** Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarin áratug. Hún hóf göngu sína vestan hafs haustið 1996 og er enn að. Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt en hjónakornin Eric og Annie eru með fullt hús af börnum og hafa í mörg horn að líta. Pabbinn er prestur og mamman er heimavinnandi húsmóðir. Elsti sonurinn er byrjaður að reykja og á erfitt með að tolla í vinnu á meðan elsta dóttirin er farin að eltast við stráka.

**19.15 How to Look Good Naked (e)**

**20.00 ICE Fitness** Bein útsending frá Íslandsmótinu í Ice Fitness. Mótið fer fram í Laugardalshöll og það má búast við hraða, spennu og magnaðri stemningu. Sextán keppendur mæta til leiks, átta karlar og átta konur.

**22.00 Heroes** (e)

**23.00 House** (e)

▶**00.00 Up Close and Personal** Klassamynd frá 1996 með Robert Redford og Michelle Pfeiffer í aðalhlutverkum. Myndin byggir á reynslu fyrstu konunnar sem varð aðalfréttalesari hjá einni af stóru sjónvarpsstöðvunum í Bandaríkjunum. Hún byrjaði á botninum en var staðráðin í að ná alla leið á toppinn í bransa þar sem karlar höfðu ávallt ráðið ríkjum. Leikstjóri er Jon Avnet.

**01.45 Law & Order: Criminal Intent** (e)

**02.35 Californication** (e)

**03.10 State of Mind** (e)

**04.00 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

**05.00 C.S.I.** (e)

**06.00 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 19.05 Garfield 2

Garfield leggur land undir fót og fer til Englands með eiganda sínum Jóni og hundinum Odie. Þegar þangað er komið er hann tekinn í misgripum fyrir konunglegan kött sem er nýbúinn að erfa kastala. Ef það er eitthvað sem Garfield kann að meta er það konunglegt dekur.

### ▶ ICE FITNESS

**Skjáreinn kl. 20.00**

Bein útsending frá Íslandsmótinu í Ice Fitness. Mótið fer fram í Laugardalshöll og það má búast við hraða, spennu og magnaðri stemningu. Sextán keppendur mæta til leiks, átta karlar og átta konur. Karlarnir keppa í upphífingum, dýfum og hraðaþraut en konurnar í armbeygjum, fitness-greip og hraðaþraut. Í þessum keppnisgreinum reynir á styrk og þol keppenda og það verður ekkert gefið eftir.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Óskastundin
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Útúr nóttinni... og inní daginn
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Tímakornið
**15.20** Bókaþing
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.00** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.26** Hundur í útvarpssal
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Heimur óperunnar
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Hvað er að heyra?
**21.30** Úr gullkistunni
**22.15** Á hljóðbergi: If it be your will / Ef það er vilji þinn
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**14.30 Hollyoaks** (56:260)

**16.35 Skífulistinn**

**17.35 Smallville** (18:22) (e)

**18.20 Talk Show With Spike Feresten** (11:22) (e)

**18.45 The George Lopez Show** (16:22) (e)

**19.10 The Starlet** (3:6) Skemmtilegur og spennandi raunveruleikaþáttur þar sem stórstjörnur á borð við Vivicu A. Fox og Faye Dunaway leita að næstu stórstjörnu í Hollywood. 2005.

**20.00 Logi í beinni** Nýr spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Edda Andrésdóttir fréttakona mætir í sjónvarpssal en hún hefur verið fastagestur á skjám landsmanna árum saman. 2007.

**20.30 E-Ring** (16:22) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimers með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T. Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrverandi CIA-maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.

**21.15 Tru Calling** (2:6) Dularfullir og spennandi þættir um unga konu sem hefur einstaka hæfileika. Hún getur átt samskipti við fórnarlömb morða og slysa og komið í veg fyrir að örlög þeirra nái fram að ganga. 2005.

**22.00 Ali: An American Hero** Sjónvarpsmynd um einn þekktasta íþróttamann sögunnar. Hnefaleikakappinn Muhammed Ali, sem var skírður Cassius Clay, varð ólympíumeistari 1960 og fyrst heimsmeistari í þungavigt fjórum árum síðar. Hann er talinn besti boxari allra tíma en hefur alltaf verið umdeildur, ekki síst fyrir ákveðnar skoðanir. Aðalhlutverk: David Ramsey, Clarence Williams Iii, Joe Morton. 2000.

**23.25 Most Shocking**

**00.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**11.30** The Weakest Link **12.15** The Weakest Link **13.00** Home Again **13.30** Home Again **14.00** Hell To Hotel **15.00** Life in the Undergrowth **16.00** The Life of Mammals **17.00** EastEnders **17.30** EastEnders **18.00** Doctor Who **18.45** Doctor Who Confidential **19.00** Strictly Come Dancing - The Story So Far **20.00** Perfect Day: The Wedding **21.40** Marion & Geoff **22.00** Absolutely Fabulous **22.30** Absolute Power **23.00** EastEnders **23.30** EastEnders **0.00** Perfect Day: The Wedding **2.00** Absolutely Fabulous **2.30** Absolute Power **3.00** The Life of Mammals **4.00** Trading Up **4.30** Balamory **4.50** Tweenies **5.10** Big Cook Little Cook **5.30** Tikkabilla

## DR 1

**11.10** Kaptajn og besætning byder velkommen **11.40** Boogie Listen **12.40** Tvunget af tanker **13.20** Sir Paul **13.50** Tennis: Legends Live, Bjørn Borg - John McEnroe **15.20** Cirkusrevyen 2006 **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Harry **16.35** Jacob To-To **17.00** Gepetto News **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt med World Cup speedskating **18.30** Robin Hood 19.15 Hit med sangen **20.15** Inspector Morse: Familiespil **22.00** Far and Away

## NRK 1

**11.45** Langrenn: 10 km fri kvinner **12.45** Langrenn: 15 km fri menn **14.30** V-cup sk¢yter: Fra nattens løp i Calgary **15.30** Skiskyting: Sammendrag fra dagens renn **16.00** Langrenn: Sammendrag fra dagens renn **16.30** Sport i dag **17.00** Pingu **17.05** Pippi Langstr¢mpe **17.30** Thomas P. **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Luftens helter: Kongelig last **19.20** Lyden av lørdag **20.25** Med hjartet på rette staden **21.10** Løvebakken **21.35** Fakta på lørdag: Do-inspektøren **22.20** Kveldsnytt **22.45** Keno **22.50** Nattkino: Roxanne **0.35** Dansefot jukeboks med chat

## SVT 1

**11.30** Mitt i naturen **12.00** Ståupp **12.25** Centralskolan **12.30** Solens mat **13.00** Kobra **13.30** Andra Avenyn **14.00** Andra Avenyn **14.30** Andra Avenyn **15.00** Uppdrag Granskning **16.00** Doobidoo **17.00** BoliBompa **17.05** Disneydags **18.00** Hej rymden! **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Svensson, Svensson **19.30** Babben & co **20.30** Snowboard: Big Air **21.30** Brottskod: Försvunnen **22.15** Rapport **22.20** Out of Practice **22.45** Bloody Sunday **0.35** Sändningar från SVT24





# ÓMISSANDI OG AÐGENGILEG!

Hvað merkir að dreyma mynd af elskhuga sínum? Hvaða vísbendingar um kyn barna koma fram á meðgöngu? Er varasamt að byrja á einhverju nýju á föstudögum? Hvað merkir talan sjö? Hvernig getum við ráðið í vísbendingar um fortíð okkar, nútíð og framtíð og túlkað það sem fyrir ber í vöku og draumi? Fyrirboðar, tákn og draumar er ómissandi handbók sem opnar lesendum sýn inn í heillandi veröld.

Veröld

DYNAMO REYKJAVÍK

## PERSÓNAN

*Stefanía Sigurðardóttir*



**Aldur:** 28 ára
**Starf:** Nemi og verkefnastjóri hjá Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðlasetri fyrir háskólanema.
**Fjölskylda:** Er í sambúð með Sveini Kristjánssyni, 23 ára, og á von á barni.
**Foreldrar:** Sigurður Viggóson, framkvæmdastjóri Odda á Patreksfirði, og Anna Jensdóttir, tryggingaráðgjafi hjá VÍS.
**Búseta:** Í Breiðholti, flytur á Akranes í desember.
**Stjörnumerki:** Steingeit

Stefanía birti opið bréf til viðskiptaráðherra í Fréttablaðinu í vikunni, þar sem hún mæltist til þess að stimpilgjöld yrðu afnumin.

# Arnar Grant er hinn íslenski Súperman

Fitnessmeistarinn Arnar Grant mun birtast á forsíðu næsta tölublaðs Fitness-frétta sem nú er í prentun. Þar verður hann í gervi ofurhetjunnar Súperman en búningurinn var málaður á kappann. „Það voru tvær konur í nærri þrjá klukkutíma að mála mig með litlum penslum. Lalli Sig ljósmyndari stóð fyrir tökunni. Hann hefur verið að gera svona öðruvísi ljósmyndaverkefni og spurði mig hvort ég væri ekki til í að vera hinn íslenski Súperman. Hann vissi ekki um neinn á landinu sem er jafn flottur og ég,“ segir Arnar og hlær. Takan fór fram í vor, á sama tíma og Risessan lagði leið sína hingað til lands og lagði höfuðborgina „í rúst“. „Við notuðum tækifærið og mynduðum í grennd við verk Risessunnar svo það liti út fyrir að Súperman hefði átt þarna hlut að máli.“

Annars er það af Arnari að frétta að hann undirbýr sig af kappi fyrir fitness-mót á vegum IFBB sem fram fer í Austurbæ laugardaginn 24. nóvember. Þetta er hans fyrsta mót í þrjú ár. „Ég var búinn að vinna allt sem hægt er að vinna í fitness á Íslandi og fannst bara komið nóg. En ég fékk svo margar áskoranir um að vera með að ég ákvað að slá til,“ segir Arnar og bætir því við að hann borði sex sinnum á dag. Mataræðið samanstendur að mestu af hafragraut, My Smoothie, grænmeti, fiski, kjúklingi og poppkexi með laxi eða kotasælu. „Maður reynir að halda þessu fjölbreyttu. Svo drekk ég upp undir þrjá lítra á dag af Bergtoppi.“ - sók



**ARNAR GRANT** Þessi mynd af fitness-kappanum í gervi Súpermans verður á forsíðu næsta tölublaðs Fitness-frétta. MYND/LALLI SIG



**LÁRÉTT 2.** stynja **6.** kyrrð **8.** háttur **9.** heyskaparamboð **11.** í röð **12.** kál **14.** gimsteinn **16.** golf áhald **17.** angan **18.** tunna **20.** ætíð **21.** kvenflík.
**LÓÐRÉTT 1.** smæl **3.** málmur **4.** alls **5.** beita **7.** eilífð **10.** skordýr **13.** spendýr **15.** tilbúningur **16.** fjör **19.** bor.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** mása, **6.** ró, **8.** lag, **9.** orf, **11.** mn, **12.** salat, **14.** tópas, **16.** tí, **17.** ilm, **18.** áma, **20.** sí, **21.** pils.
**LÓÐRÉTT: 1.** bros, **3.** ál, **4.** samtals, **5.** agn, **7.** óratími, **10.** fló, **13.** api, **15.** smíð, **16.** táp, **19.** al.






JÓN ÁSGEIR OG INGIBJÖRG: GARÐAR THOR SYNGUR Í FRÍKIRKJUNNI

# Brúðkaup ársins í dag

Stærsta brúðkaup ársins fer fram í Fríkirkjunni í dag þegar Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg Pálmadóttir verða gefin saman í hjónaband af sr. Hirti Magna Jóhannssyni. Fréttablaðið hefur fyrir því staðfestar heimildir að það verði enginn annar en Garðar Thor Cortes sem syngi fyrir gesti í kirkjuathöfninni en Jón Ásgeir er einn af velgjörðarmönnum tenórsins og hefur stutt dyggilega við bakið á honum undanfarin ár.

Hvergi er til sparað í undirbúningi brúðkaupsins. Mikil leynd hefur hvílt yfir umgjörð þess og allir sem að því koma eru þögulir sem gröfin. Þó hefur komið fram í Fréttablaðinu að hljómsveitirnar Nýdönsk og GusGus muni sjá um tónlistina í veislunni. Hljóðkerfið er leigt hjá Exton og hefur nánast allur mannafli fyrirtækisins unnið við undirbúning brúðkaupsins frá því í vikubyrjun. Leigan á kerfinu kostar að sögn kunnugra einhvers staðar í kringum tíu milljónir króna. Auk þessa hefur stórt tjaldhýsi verið reist aftan við Hafnarhúsið og leigðu brúðhjónin öll þau tuttugu bílastæði sem það þekur í tvær vikur, fyrir tæpar 400 þúsund krónur.

Öll skipulagning er í höndum breska viðburðafyrirtækisins Élan, sem meðal annars hefur skipulagt viðburði fyrir Christian Dior, Barbie, Topshop og Baug Group. Starfsfólk Élan mun flytja ýmislegt inn í tilefni af brúðkaupinu, allt frá blómaskreytingum til kokka. Samkvæmt Vísi.is eru kokkarnir frá japönsku veitingastaðakeðjunni Nobu en eigandi þess er einn af frumkvöðlum „fusion“-matargerðar. Vísir.is hefur einnig greint frá því að Baltasar Kormákur muni sjá um veislustjórn en hann er sem kunnugt er kvæntur Lilju Pálmadóttur, systur Ingibjargar. Sömuleiðis er búið að brúðurin muni fara óhefðbundnar leiðir í kjólavali og klæðast svörtum kjól eftir sjálfan Karl Lagerfeld en hönnuðurinn er einmitt nágranni hennar og Jóns Ásgeirs í New York. Hárgreiðslumaðurinn Simbi hjá Jóa og félögum hefur yfirumsjón með brúðargreiðslunni.

Sirkus greindi frá því í gær að Jón Ásgeir og Ingibjörg hefðu ákveðið að afþakka brúðargjafir. Í stað þess hafa þau beðið gesti um framlög í Sólarsjóðinn, góðgerðasjóð sem hefur þann tilgang að létta undir með langveikum börnum og aðstandendum þeirra. Í bréfi til gesta sögðust þau hafa látið sér detta í hug að nota það sem safnast til þess að kaupa íbúðir í London eða Reykjavík, þar sem fjölskylda barnsins gæti búið meðan á meðferð stæði. Jón Ásgeir og Ingibjörg munu sjálf leggja til stofnframlag. sigrunosk@frettabladid.is



**KEMUR FRÁ LONDON** Garðar Thor Cortes kemur til landsins frá London til að syngja í brúðkaupi aldarinnar í dag.



**AFÞAKKA GJAFIR** Jón Ásgeir og Ingibjörg hafa verið ötul við að styðja góð málefni. Fram kom í Sirkus í gær að þau hefðu afþakkað brúðargjafir og bæðu í staðinn gesti um framlög í góðgerðasjóð sinn.

## STJÖRNUBJART Á BRÚÐKAUPSNÓTTINNI



„Mér finnst nú eins og þau hafi pantað þetta veður,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur um veðrið á brúðkaupsdag Jóns Ásgeirs og Ingibjargar. „Í kortunum er smá kuldi og það gætu blásið kaldir vindar um brúðarhjónin þegar líða tekur á kvöldið. Hins vegar lítur allt út fyrir að það rofi til, gæti verið hálfskýjað en svo gæti líka orðið stjörnubjart og ástarstjarnan Venus því blasað við þeim þegar þau ganga út úr kirkjunni. En fólkið verður að klæða sig vel, það er alveg víst,“ bætir hann við.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Íþróttafréttamaðurinn og markakóngurinn **Hjörtur Hjartarson** festi nýverið kaup á íbúð við Rauðalæk í Laugardalnum. Það væri ekki í frásögur færandi nema fyrir þær sakir að annar markakóngur sem einnig er frá Akranesi, aðstoðarlandsliðsþjálfarinn **Pétur Pétursson**, býr beint á móti honum. Þetta ku vera tilviljun og ekki tilkomið vegna þess að Hjörtur hyggist minna á sig sem mögulegt landsliðsefni eftir að hafa verið markakóngur annarrar deildarinnar í sumar.



Bloggdrottningin **Katrín Atladóttir** sem heldur úti síðunni katrín.is varð Íslandsmeistari í tvíliðaleik í badminton ásamt **Rögnu Ingólfsdóttur** um helgina. Á bloggsíðu sinni segist hún hafa fengið peningaverðlaun, en þar sem verðlaun í „badmintonbransanum“ séu því miður ekkert í líkingu við þau sem tennisstjörnur fá í sinn hlut hafi hún ákveðið að kaupa sér eitthvað fallegt í stað þess að eyða aurunum í hversdagslega hluti. Lokaniðurstaðan varð kjóll í versluninni Trílógíu.



Og eins og Fréttablaðið hefur greint frá bauð útvarpsþátturinn A-J, með leikurunum Atla Þór Albertssyni og Jóhanni G. Jóhannssyni innanborðs, gítar Bubba Morthens upp til styrktar unglingadeild SÁÁ. Gripurinn fór ásamt gullplötu úr safni kóngsins á 230 þúsund krónur, sem vafalítið eiga eftir að nýtast vel á góðum stað. En sögunni lýkur ekki þar því samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þykir ekki ólíklegt að Bubbi ætli sér að gefa annan gítar til styrktar sama málefni enda munu nokkrir fjársterkir aðilar hafa mikinn áhuga á hljóðfærum goðsins og vera reiðubúnir að greiða háar summur fyrir sex strengja hljóðfæri úr herbúðum kóngsins. - fgg/sók








# Mengella er afburða námsmaður

Bloggdrottningin nafnlausa „Mengella Berg“, sem vann sér meðal annars til frægðar ævilangt bann á Barnalandi, hefur verið afhjúpuð og það af sjálfri sér á slóðinni mengella.blogspot.com. Það reynist vera Ólafur Sindri Ólafsson, 24 ára einhleypur og barnlaus Akureyringur, sem stendur að baki síðunni umdeildu. Upphafið að endinum var sú ákvörðun 24 stunda að bjóða vegleg verðlaun þeim til handa er gæti upplýst um raunverulegt nafn Mengellu. Fréttablaðið upplýsti hins vegar 3. ágúst síðastliðinn að Ólafur væri á bak við Mengellu. Ólafur vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði eftir því í gær.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Ólafur töluvert dagfarsprúðari en Mengella og framúrskarandi námsmaður. Aðeins 17 ára gamall gaf hann út bókina Svartiskóli ásamt bróður sínum. Hann lærði tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík og fékk þar verðlaun fyrir námsárangur í fyrravor. Þrátt fyrir það kláraði hann ekki námið og skráði sig í heimspekinám við Háskóla Íslands. Sagan segir að nú hyggist hann á nám á sviði lista.

Mengella hefur einkum vakið athygli fyrir vel skrifaðan texta og árásir á ákveðna einstaklinga og hópa, til dæmis Ágúst Borgþór Sverrisson, Eyvind Karlsson, Suðurnesjamenn, Barnalandskonur og vélhjólamenn. Samkvæmt „afhjúpunarfærslu“ Ólafs tók Mengella að myndast eftir að „hún“ svaraði spurningu á Barnalandi um rækt gullfiska í heimahúsum: „Þú sprautar bara úr kavíartúpu í ylvolgt fiskabúr,“ ritaði Mengella. „100 g af kavíar ætti að geta af sér svona 30 heilbrigða fiska á mánuði. Passaðu bara að kaupa góða tegund, fólk hefur lent í slæmum hlutum með svona ódýrum Bónus-kavíar.“ Að sögn Ólafs uppskar þessi þekking Mengellu nokkra aðdáun lesenda. - sók



**ÓLAFUR SINDRI** Þekktasti nafnleysingi bloggheima er kominn fram í dagsljósið og heitir Ólafur Sindri Ólafsson.

# Skoppa og Skrítla

## læra um tölur og dýr




Út er komin bókin Skoppa og Skrítla læra um tölur og dýr.
Bók og hljóðdiskur í einum pakka.
Þessi bók er gullmoli fyrir alla fróðleiksfúsa snúða og snældur.



Einnig fáanlegir geisladiskurinn Skoppa og Skrítla á söngferðalagi og DVD diskurinn Skoppa og Skrítla í Þjóðleikhúsinu



sena

okkar heimur // þín skemmtun

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**










**BAKÞANKAR**
Guðmundar Steingrímssonar


## *Íslenskan*

Ég hef aldrei haft neinar sérstakar áhyggjur af stöðu íslenskunnar. Það segir sína sögu að þrátt fyrir að þessi þjóð hafi verið umlukin enskum menningaráhrifum í tugi ára skuli það enn vera svo til eina hneykslunarefni hinna eldri gagnvart unglingum, hvað varðar málnotkun, að unglingarnir skuli voga sér að segja að eitthvað sé „ógeðslega“ gott.

**AÐRAR** þrætur virðast einhvern veginn aldrei ná neinu flugi í þeim viðureignum milli kynslóðanna sem ég hef orðið vitni að í mínu nærsamfélagi í gegnum tíðina. Sjálfur nota ég reyndar orðið „ógeðslega“ í áðurnefndri merkingu og hef gert frá unglingsaldri, en hef þó ekki enn séð færi á að blanda mér í umræðuna með eftirfarandi athugasemd:

**ÞAÐ** hvernig orðið „ógeðslega“ er notað í samhengi við jákvæð orð eins og „gott“, „gaman“ og þess háttar, sýnir þá dásamlegu staðreynd svo ekki verður um villst að íslenskan er lifandi tungumál. Ef ungmenni leita enn í brunn íslenskunnar í leit að orðum sem tjá tilfinningar þeirra þá er íslenskan lifandi stærð í augum þeirra en ekki dautt tungumál gamalla karla með hökutopp.

**PÖNKARARNIR** voru eitthvað besta dæmið um ungmenni sem litu á íslenskuna sem leikvöll sinn og verkfærakistu. Orðið „pæla“ er af gömlum stofni. Sagnirnar „fríka“ og „fíla“ hafa öðlast þegnrétt, þó ekki varanlegan ríkisborgararétt, í íslenskunni og munu á endanum verða á meðal okkur ástsælustu orða eins og „sjoppa“ og „pylsa“ sem bæði eru af erlendu bergi brotin, líkt og mýgrútur af íslenskum orðum – „gardína“, „biskup“ og „jakki“.

**Á** íslensku er endalaust hægt að leika sér og setja saman orð eins og „ljósmóðir“ og „kærleikur“ sem spila á hörpustrengi sálarinnar svo hörkutól brynna músum. Það sem gerir það einnig að verkum að íslenskan heldur velli er sú einfalda staðreynd að hún er með innbyggt varnarvirki sjálf. Beygingarkerfið er slíkt að erlend orð eru flest dæmd til að líta kjánalega út. Til dæmis fannst mér afleitt þegar ungur sigursæll, frábær leikstjóri notaði orðið „greenlighta“, sem þýðir einfaldlega að samþykkja, við afhendingu Edduverðlaunanna á dögunum. Hið innbyggða varnarkerfi íslenskunnar mun henda þessari sögn öfugri út og fussa.

**ÞAÐ** er gott að heiðra minningu Jónasar Hallgrímssonar. En við megum aldrei gleyma því samt að íslenskan mun ekki halda velli út af hátíðardögum og átaksverkefnum, heldur því hversu ógeðslega frábær hún er sjálf sem tunga.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 17. nóvember, 321. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.01 | 13.13 | 16.23 |
| Akureyri | 10.02 | 12.57 | 15.52 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


